

Samantekt athugasemda vegna vinnslutillögu aðalskipulags Borgarbyggðar ásamt svörum sveitarfélagsins

11.02.2025

Aðalskipulag Borgarbyggðar, vinnslutillaga

Vinnslutillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar hefur verið kynnt með vísun í málsmeðferð í skipulagslögum og lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Samhliða voru drög að tillögu að flokkun vega í náttúru Íslands send til umsagnaraðila. Listi yfir þá umsagnaraðila sem sendur var póstur til er aftast í þessu skjali.

Umsagnir, athugasemdir og ábendingar vinnslutillaga

Þann 26. september 2024 var í gegn um skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, leitað eftir umsögnum frá fjölmörgum aðilum. Kynningartíma lauk 14. nóvember 2024. Margar umsagnir bárust auk þess sem fjölmargar athugasemdir og ábendingar bárust inn á skipulagsgáttina.

Umsagnir og viðbrögð við þeim voru yfirfarin á fundum vinnuhóps aðalskipulagsins dags. 14.01.2025 og 11.02.2025. Á þeim fundum var fjallað um meðfylgjandi minnisblað og í því lagðar línur um viðbrögð við umsögnum og athugasemdum.

Umsagnir og athugasemdir eru flokkaðar saman í eftirfarandi þemu: A - Almennar athugasemdir, B-Byggð og samfélag, F-Frístundabyggð, L – Atvinnulíf landbúnaður, AVP – Atvinnulíf, miðsvæði, verslun og þjónusta, AI- Atvinnulíf, iðnaður, athafnastarfsemi önnur en orkuvinnsla; VI- Orkuvinnsla vindorka, VE-Vegir í náttúru Íslands, SA – Samgöngur, V-Veitur, VS-Vernduð svæði, SK-Skógrækt, NL-Náttúruvá og loftslag, AÚ-Auðlindir, efnistaka og úrgangur, U-Umhverfismatsskýrsla. Lögð er áhersla á að gera grein fyrir þeim ábendingum sem snerta tillöguna og efni hennar beint.

Ef gerðar eru breytingar á tillögu í kjölfar umsagna/ábendinga þá eru þær undirstrikaðar í svörum sveitarfélagsins.

Á auglýsingatíma bárust umsagnir, athugasemdir og ábendingar frá eftirfarandi aðilum, í sömu röð og í skipulagsgátt:

- | | |
|----------------------------|-----------------------------------|
| 1. Isavia | 14. Vegagerðin öll svæði |
| 2. Stefán Thors | 15. Dalabyggð |
| 3. Stefán Thors | 16. Húnaþing vestra |
| 4. Gréta Hlín Sveinsdóttir | 17. Málfríður Kristjánsdóttir |
| 5. Húnabyggð | 18. Brynjólfur Guðmundsson |
| 6. Rarik | 19. Halldór Sigurðsson |
| 7. Diðrik Vilhjálmsson | 20. Theódór Kristinn Þórðarson |
| 8. Akraneskaupstaður | 21. Grímsnes- og Grafningshreppur |
| 9. Fiskistofa | 22. Elfar Már Ólafsson |
| 10. Forsætisráðuneytið | 23. Ketill Sigurjónsson |
| 11. Minjastofnun Íslands | 24. Fanney Einarsdóttir |
| 12. Veðurstofa Íslands | 25. Árni Brynjar Bragason |
| 13. Skipulagsstofnun | 26. Ólafur Melsted Faxaflóahafnir |

- | | |
|--|---|
| 27. Ómar Pétursson | 53. Guðrún Jónsdóttir |
| 28. Þórarinn Skúlason | 54. Eiríkur Blöndal |
| 29. Vegagerðin - Vestursvæði | 55. Georg Magnússon |
| 30. Landbúnaðarháskóli Íslands | 56. Óskar Baldvin Hauksson |
| 31. Landsnet | 57. Eiður Ólason |
| 32. Helgi Már Ólafsson | 58. Guðrún Sigurjónsdóttir |
| 33. Þórarinn Skúlason | 59. Guðrún Sigurjónsdóttir, Frá Sigurjóni
Valdimarssyni á Glitstöðum |
| 34. Heiður Hörn Hjartardóttir | 60. Skógræktarfélag Borgarfjarðar |
| 35. Brynjólfur Guðmundsson | 61. Umhverfisstofnun |
| 36. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands | 62. Landvernd |
| 37. Laufey Valsteinsdóttir | 63. Veitur |
| 38. Bláskógabyggð | 64. Landsvirkjun |
| 39. Hafrannsóknastofnun | 65. Bændasamtök Íslands |
| 40. Styrmir Már Ólafsson | 66. Matvælaráðuneytið |
| 41. Kaldármelar, Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir | 67. Búnaðarsamband Vesturlands |
| 42. Náttúrustofa Vesturlands, Róbert Arnar
Stefánsson | 68. Golfklúbbur Borgarness |
| 43. Brúarhraun og Hítardalur, Sigurbjörg Ósk
Áskelsdóttir | 69. Lögreglan á Vesturlandi |
| 44. Galtarholt, Sara Lind Jónsdóttir Glaser | 70. Innviðaráðuneytið |
| 45. Fuglavernd, Hólmfríður Arnardóttir | 71. Náttúrufræðistofnun Íslands |
| 46. Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir | 72. Hjólreiðafélag Vesturlands |
| 47. Grjót, Guðmundur Ebenezer Guðjónsson | 73. Land og skógur |
| 48. Ferðaklúbburinn 4x4, Snædís Arnardóttir | 74. Samtök orku- og veitufyrirtækja |
| 49. Samút - samtök útivistarfélaga | 75. Hvalfjarðarsveit |
| 50. Þórarinn Svavarsson | 76. Skorradalshreppur |
| 51. Guðrún Sigurjónsdóttir, Veiðifélag Norðurár. | 77. Qair Ísland |
| 52. Hraunbær og Hraunbær II, Sigurður Hjarðar
Leópoldsson | |


Akraneskaupstaður, Húnabyggð, Rarik, Minjastofnun, Veðurstofa Íslands, Dalabyggð, Húnaþing vestra, Grímsnes- og Grafningshreppur, Faxaflóahafnir, Landsvirkjun, Matvælaráðuneytið, Búnaðarsamband Vesturlands, Golfklúbbur Borgarness, Lögreglan Vesturlandi, Innviðaráðuneytið og Hvalfjarðarsveit gera ekki athugasemdir við vinnslutillöguna.

Þrjár síðast töldu umsagnirnar bárust eftir auglýstan kynningartíma vinnslutillögu en eru engu að síður teknar til umfjöllunar.

NR.	AÐILAR	EFNISATRIÐI	SVÖR SKIPULAGSNEFNDAR
A	Almennt		
A.1	Skipulagsstofnun	Stakar framkvæmdir. Minnt er á að leita þarf umsagnar Samgöngustofu um allar hindranir 50 m háar eða hærri og tímabundnar hindranir 30 m háar eða hærri, sbr. ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2019. Setja þarf hæðarviðmið fyrir tímabundin rannsóknarmöstur. Setja þarf hámarks tímalengd í vikum, mánuðum eða árum fyrir þá þætti í skipulagstillögunni sem tilgreindir eru sem tímabundin framkvæmd eða starfsemi.	Í kafla 7.10 kemur fram að við veitingu framkvæmdaleyfis og/eða byggingarleyfis skuli t.d. gera grein fyrir heimilaðri hæð mastra og því tímabili sem heimildin nær til.
A.2	Skipulagsstofnun	Greinargerð aðalskipulagstillögunnar er sett fram með þeim hætti að skipulagsákvæði sem horfa þarf til við framfylgd stefnunnar eru sett fram í aðskildum köflum fyrir hvern landnotkunarreit þ.e. annars vegar almenn ákvæði í kafla 3 – 6 og hins vegar í stefnu um landnotkun í kafla 7. Skipulagsstofnun minnir á að stefna aðalskipulags er stjórntæki sveitarstjórnar fyrir skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu, og nýtist meðal annars við gerð deiliskipulags og til ákvarðanatöku. Að mati stofnunarinnar er æskilegt að öll ákvæði sem eiga við um sama landnotkunarflokk séu sett fram á einum stað eða að öðrum kosti sé vísað í ákvæði sem eiga við en eru á öðrum stað í greinargerð. Greinargerðin þarf því að vera skýr og aðgengileg fyrir notendur og forðast ætti að endurtaka efni sem einnig getur leitt til þversagna og ósamræmis í stefnumótun	Með þessari framsetningu greinargerðar er vonast til að auðvelt sé að finna þá stefnu sem við á. T.d. snertir stefna um gróður og líffræðilegan fjölbreytileika flesta landnotkunarflokka og því er talið að komið sé í veg fyrir óþarfa endurtekningu með þessari framsetningu.
A.3	Skipulagsstofnun	Samræma ætti fyrirkomulag á töflum fyrir alla landnotkunarflokka í greinargerð með samræmdri dálkauppsetningu þar sem fram koma sérákvæði, stærð, fjöldi íbúða / frístundahúsa / gistirúma og byggðarmynstur / nýtingarhlutfall.	<u>Töflur verða í samræmi við gagnalýsingu Skipulagsstofnunar um stafrænt aðalskipulag.</u>
A.4	Skipulagsstofnun	Minnt er á að mörk sveitarfélagsins ná 115 m á haf út og því þarf að yfirfara afmörkun og gera grein fyrir landnotkun á öllum eyjum, skerjum og strandsvæðum sem tilheyra sveitarfélaginu.	<u>Þætt verður við eyjum, skerjum og 115 m svæði við áætlaða veglínu hjáleiðar um Borgarnes. Einnig öðrum eyjum og skerjum skv. IS50v gögnum frá Landmælingum.</u>
A.5	Skipulagsstofnun	Í tillögunni þarf að fjalla um þær breytingar sem eru gerðar frá gildandi aðalskipulagi.	Þessar upplýsingar koma fram í kafla 3 í forsenduhefti.
A.6	Þórarinn Skúlason	Leiðrétting á bæjarnöfnum skógræktarsvæða. SL16 er Steindórsstaðir og SL25 er Vilmundarstaðir.	<u>Nöfn á skógræktarsvæðum verða leiðrétt: SL16 er Steindórsstaðir og SL25 er Vilmundarstaðir.</u>
A.7	Þórarinn Skúlason	Hvers vegna er beitarland ekki haft með í gerð aðalskipulags þar sem hún hefur mikil áhrif á umhverfi, gróður, ásýnd og er auðlindanýting?	Beitiland er ekki sérstakur landnotkunarflokkur. Beitiland getur verið landbúnaðarland, óbyggt land eða eftir atvikum óbyggt svæði innan þéttbýlis. Beitiland er ekki einn af þeim flokkum sem landbúnaðarland er flokkað í en við flokkun þess er farið eftir leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands með tilliti til hæfni til ræktunar, sjá hér .
A.8	Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni	Varðandi flokkun á landi þá set ég þann fyrirvara að ég haldi því opnu að nýta land mitt til annars en sú landflokun/notkun sem kemur fram í aðalskipulagi gerir ráð fyrir.	Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 þá skal landnotkun vera í samræmi við heimildir í staðfestu aðalskipulagi, og eftir atvikum deiliskipulagi. Ef óskað er eftir breytingu á skipulagi skal sú beiðni berast skipulagsnefnd.

A.9	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Geymslulóðir. Bent er á að gott er að hafa stefnu um geymslulóðir í aðalskipulagi. Að þær skuli skerma af með skjólgirðingu. Það er svo hægt að útfæra nánar í deiliskipulagi fyrir hvert svæði fyrir sig	Skilmálar um girðingar og skjólveggi eru viðfangsefni deiliskipulags.
A.10	Bláskógabyggð	Af hálfu Bláskógabyggðar hefur verið yfirfarið hvort sveitarfélagamörk í tillögu að aðalskipulagi Borgarbyggðar séu hin sömu og í aðalskipulagi Bláskógabyggðar, þar sem sveitarfélögin liggja saman, og eru mörkin þau sömu. Svo virðist þó sem fjallaskáli merktur AF206 við Sæluhúsahæðir/Brunna, sé innan marka Bláskógabyggðar (sbr IS50v), en skálans er ekki getið í aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Vera kann því að sveitarfélagamörk séu ekki rétt á því svæði. Gott væri að yfirfara þetta.	Skálinn er í eigu Borgarbyggðar en er skv. sveitarfélagamörkum IS50 í Bláskógabyggð. Borgarbyggð álitur að mörkin séu ekki rétt þarna. Sýnum skálann í aðalskipulagstillögu, þó hann sé fyrir utan sveitarfélaga-mörk, og segjum frá í skilmálum fyrir skálann að Borgarbyggð telur mörkin ekki rétt.
A.11	Skorradalshreppur	Skipulags- og byggingarnefnd gerir athugasemdir við legu sveitarfélagamarka sem liggja að Skorradalshreppi. Bent er í því samhengi á þinglýst gögn jarðarmarka og vinnu Gylfa Más Guðbergssonar frá 1996 er varðar skráningarblöð jarða og annarra landareigna.	Mörk eru sýnd eins og þau eru í gildandi skipulagi en sveitarfélögin eru að ræða mörkin á þessu svæði. Ef niðurstaða kemur úr því samtali þá verða mörkin uppfærð.
A.12	Skipulagsstofnun	Minnt er á að mörk sveitarfélagsins ná 115 m á haf út og því þarf að yfirfara afmörkun og gera grein fyrir landnotkun á öllum eyjum, skerjum og strandsvæðum sem tilheyra sveitarfélaginu.	<u>Bætt verður við eyjum og skerjum skv IS50 grunni Landmælinga Íslands og 115 m svæði við áætlaða veglínu hjáleiðar um Borgarnes.</u>
B	Byggð og samfélag, íbúðabyggð, samfélagsþjónusta, lýðheilsa		
B. 1	Skipulagsstofnun	Að mati stofnunarinnar þarf að setja almenn ákvæði í aðalskipulaginu um tegund gististaða sem heimilt er að reka í atvinnuskyni í íbúðarbyggðum. Hafa þarf í huga áhrif skammtímagistingar í íbúðarbyggð á framboð húsnæðis og áhrif viðtækrar skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis á þjónustustig í nærumhverfinu í þéttbýlisstöðum.	Ekki verða settir skilmálar um gististaði í atvinnuskyni í íbúðabyggð í skilgreindum þéttbýlum en skv. lögum og reglugerðum er óheimilt að veita heimildir fyrir rekstrarleyfi gististaða í atvinnuskyni í íbúðabyggð. Borgarbyggð vinnur skv. þessu. <u>Bætt verður við umfjöllun um þetta í forsendur til skýringar.</u>
B. 2	Skipulagsstofnun	Setja þarf skipulagsákvæði varðandi hámarksfjölda íbúða á öllum landnotkunarreitum þar sem íbúðir eru heimilaðar (m.a. á miðsvæðum, verslunar- og þjónustusvæðum og svæðum fyrir samfélagsþjónustu). Einnig þarf að setja skipulagsákvæði um áætlað heildarbyggingarmagn á hverjum landnotkunarreit. Þá þarf að fjalla um stefnu um þéttleika, ásýnd og yfirbragð þar sem íbúðaruppbygging er áformuð. Gera þarf grein fyrir áætluðum hámarksfjölda íbúða í hverri íbúðarbyggð í töflu greinargerðar en einnig þéttleika, ásýnd og yfirbragði byggðarinnar ásamt öðrum sérákvæðum	Hámarksfjöldi íbúða á landnotkunarreitum er settur inn þar sem sveitarfélagið hefur sett stefnu um hann. Sett er stefna um þéttleika, ásýnd og yfirbragð fyrir landnotkunarreiti fyrir íbúðir (ÍB). Borgarbyggð hefur í fæstum tilfellum sett stefnu um hámarksfjölda íbúða. Tekið er fram í skilmálum fyrir reiti fyrir verslun og þjónustu ef íbúðir eru heimilar. Ekki er sett viðmið um fjölda þeirra. Ekki er sett stefna um hámarksbyggingarmagn.
B.3	Landbúnaðarháskóli Íslands Umhverfisstofnun Náttúrufræðistofnun	Tvö svæði á Hvanneyri eru í tillögu að nýju aðalskipulagi skilgreind sem ÍB504 og ÍB505, en voru áður skilgreind sem Ó (óbyggð svæði). Landbúnaðarháskóli Íslands lýsir sig því mótfallinn þeirri breytingu sem lagt er til að svæðin sem merkt eru í tillögunni sem ÍB504 og ÍB505 verði skilgreind sem íbúðarbyggð og fer fram á að þau verði skilgreind sem opin svæði. Landbúnaðarháskólinn telur að ekki sé grundvöllur fyrir því að breyta svæðunum í ÍB, þar sem engin umræða né áætlanagerð hefur farið fram sem	Í gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar frá 2010 eru reitirnir ÍB504 og ÍB505 skilgreindir sem óbyggð svæði með skilmálum um að þetta sé framtíðar-byggingarland. Það hefur því legið fyrir frá 2010 að svæðið sé áætlað framtíðarbyggingarland og að það geti því nýst fyrir þróun háskólans til framtíðar.

		réttlætir að taka það skref. Í ljósi breytinga á skipulagsreglugerð, þar sem skilgreiningin á flokki Ó hafði breyst var, að höfðu samráði við skipulagsfræðing, niðurstaða skólans að halda þessu óbreyttu frá því sem var, en í stað skilgreiningarinnar Ó yrðu svæðin skilgreind sem “Opíð svæði” og þá mögulega með sömu skýringu og áður “fram tíðarbyggingarland”, sem væri þá hugsað fyrir þróun háskólans til framtíðar. Þannig gæfist tækifæri fyrir nauðsynlega umræðu og áætlanagerð með þolmörk svæðisins í huga. Hafa verður í huga að hér er um viðkvæmt svæði að ræða þar sem huga þarf að verndun votlendis. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að skoða svæði til uppbyggingar sem mun ekki raska verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæðum sem fuglar nýta til fæðuöflunar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð tillögunnar þarf að fjalla mun ítarlegar um áhrif tillögunnar á friðlandið. Umhverfisstofnun telur að tillagan geti haft áhrif á búsvæðið og verndargildi svæðisins og því nauðsynlegt að metin séu áhrif aðalskipulagsins á verndarsvæðið og fjallað nánar um tiltekið svæði og það fuglalíf sem þar er. Náttúrufræðistofnun bendir á að þar sem byggðin er staðsett innan Andakíls friðlands er afar mikilvægt að frekara skipulag á þessari stækkun byggðarinnar taki fullt tillit til friðlýsingarskilmála og sé útfærð þannig að hún dragi ekki úr verndargildi þess t.d. fyrir fuglalíf.	Ekki á við að skilgreina framtíðarbyggingarland sem opíð svæði, þar sem opin svæði geta ekki nýst fyrir þróun háskólans til framtíðar og sem framtíðarbyggingarland. Opin svæði eru útivistarsvæði og skal þróa sem slík. Til að skapa svigrúm fyrir nauðsynlega umræðu og áætlanagerð með þolmörk svæðisins í huga, og mikilvægi þess að líta til friðlýsingarskilmála, er skilmálum fyrir ÍB504 og ÍB505 breytt sem hér segir. Íbúðarbyggð ÍB505 Sértækt ákvæði: Framtíðar byggingarland. Framtíðar byggingarland. Heimilt er að vera með fjölbreyttar húsagerðir á 1-3 hæðum. Gert ráð fyrir 60-130 íbúðum. Svæði til þróunar byggðar á Hvanneyri og skólastarfsemi þar til framtíðar. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið fari í uppbyggingu á skipulagstímabilinu nema að undangenginni stefnumörkun um þróun svæðisins, hámarksfjölda íbúða, stefnu um þéttleika, ásynð, yfirbragð og græn svæði. Slík umræða fari fram samhliða gerð deiliskipulags fyrir svæðið og breytingu á skilmálum þessa efnis í aðalskipulagi. Líta þarf til ákvæða friðlýsingar Andakíls. Við frekari stefnumótun um þróun svæðisins skal fjalla um áhrif stefnumörkunar á verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæði sem fuglar nýta til fæðuöflunar. Íbúðarbyggð ÍB504 Sértækt ákvæði: Framtíðar byggingarland. Heimilt er að vera með fjölbreyttar húsagerðir á 1-3 hæðum. Gert ráð fyrir 40-100 íbúðum. Svæði til þróunar byggðar á Hvanneyri og skólastarfsemi þar til framtíðar. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið fari í uppbyggingu á skipulagstímabilinu nema að undangenginni stefnumörkun um þróun svæðisins, hámarksfjölda íbúða, stefnu um þéttleika, ásynð, yfirbragð og græn svæði. Slík umræða fari fram samhliða gerð deiliskipulags fyrir svæðið og breytingu á skilmálum þessa efnis í aðalskipulagi. Við frekari stefnumótun um þróun svæðisins skal fjalla um áhrif stefnumörkunar á verndargildi svæðisins, búsvæði fugla og svæði sem fuglar nýta til fæðuöflunar.
B.4	Náttúrufræðistofnun	Þá er stefnt að nýrri íbúðarbyggð austan við Reykholt í Reykholtssdal, þar sem heitir Breiðabólstaður II. Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir áður til sveitarfélagsins tengt deiliskipulagi þeirrar byggðar og einkum bent á mikilvægi þess að hlífa næsta umhverfi Reykjadalssár sem er á náttúruinjakrá.	Útmörk íbúðarbyggðar við Breiðabólstað II taka tillit til þess að næsta umhverfi Reykjadalssár sé hlíft og er fjarlægð íbúðarsvæðis 50-150 metrum frá ánni.
B.5	Náttúrufræðistofnun	Ný íbúðarbyggð er skilgreind við Galtarholt, ÍB6. Það svæði er að mestu óraskað í dag og einkennist m.a. af votlendi. Svæðið liggur þétt upp við þjóðveginn sem rýrir verndargildi þess. Engu að síður er mikilvægt að leggja mat á hvert rask á náttúru verður við þessa áformuðu uppbyggingu. Ekki síst í ljósi þeirrar miklu uppbyggingar frístundabyggða sem áformuð er þar í nágrenninu til viðbótar við þetta frístundabyggð sem einkennir svæðið og nálæg svæði nú þegar.	Svæðið er skilgreind íbúðarbyggð í gildandi skipulagi frá 2010 og því er ekki um breytingu á stefnu að ræða. Við gerð deiliskipulags verður gerð grein


			fyrir áhrifum áformaðrar uppbyggingar á umhverfið. Íbúðarbyggð ÍB6 - Galtarholt x Forsíða Gildandi aðalskipulag Kortar Zoom to: Íbúðarbyggð ÍB6 Heiti: Galtarholt Sértækt ákvæði: Óbyggð: Heimilt er að vera með einbýlishús á 1-2 hæðum a allt að 46 lóðum. Stærð: 61.0 ha. Íbúðir: Byggingarmagn: Fjöldi gistingu: Efnismagn: 
B.6	Náttúrufræðistofnun	Mikil uppbygging er í gangi við Húsafell. Ný íbúðarbyggð, ÍB8, er þar að stórum hluta byggð nú þegar. Til viðbótar við aukna frístundabyggð í nágrenni Húsafells er ljóst að þetta svæði sem býr yfir einstakri náttúruvegurð, einstöku landslagi sem einkennist t.d. af umfangsmiklu kjarlendi og fjölbreyttum jarðminjum, er að taka miklum breytingum og umsvif vegna byggðar og athafna ýmiskonar aukast hratt. Mikilvægt er að meta hversu viðkvæmt landslag og náttúra svæðisins eru fyrir þessum miklu breytingum, ekki síst því þar er töluvert um friðlýst náttúrusvæði og verndaðar náttúruminjar og tryggja þarf að verndargildi þessara svæða og fyrirbæra rýrni ekki.	Svæðið er íbúðarbyggð í gildandi skipulagi skv. breytingu á aðalskipulagi sem gerð var árið 2022. Í þeirri aðalskipulagsbreytingu og gildandi deiliskipulagi er gerð grein fyrir áhrifum uppbyggingarinnar á umhverfi. Við endurskoðun aðalskipulags nú var svæðið minnkað úr 30 ha í 22,1 ha eftir yfirferð á mörkum íbúðarsvæðis og þegar byggðs svæðis fyrir frístundabyggð.

B.7	Þórarinn Skúlason	Óskar eftir tveimur byggingarlóðum vestan bæjartorfunnar, við veg að Daltúni og að vegtenging verði frá Reykdælavegi. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr 33.  Óskar eftir lóð og byggingareit á Hrahhól, aðkoma frá Reykdælavegi. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr 33. 	Afmörkun byggingarlóða og vegtengingar eru ekki verkefni aðalskipulags. Óskir um lóðir ættu að berast í gegn um Þjónustugátt í Borgarbyggð. Gæta þarf þess að áformuð uppbygging sé í samræmi við stefnu aðalskipulags og þær takmarkanir sem eftir atvikum gilda um svæðið. Svæðið sem umsögnin vísar til er innan landbúnaðarsvæðis L6 skv. vinnslutillögu. Ekki kemur fram í umsögn hvort áform um byggingarlóðir eru fyrir íbúðarhús eða atvinnustarfsemi. Um heimildir til uppbyggingar er vísað til stefnu um landbúnaðarsvæði, almennra skilmála um landbúnaðarsvæði og sértæka skilmála fyrir L6. • Í stefnu í vinnslutillögu segir að góðu ræktunarlandi verði haldið til haga fyrir matvælaframleiðslu og skal flokkun landbúnaðarlands ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. • Í almennum skilmálum segir að leitast skuli við að byggja upp í tengslum við bæjartorfur, en milli þeirra séu rúm svæði án mannvirkja, og að forðast eigi að byggja stök hús á víðavangi. Eins skal að jafnaði lagt fram deiliskipulag áður en farið er í uppbyggingu á landbúnaðarsvæði. Bréfritara er bent á að kynna sér skilmála í aðalskipulagstillögu. Vegagerðin fjallar um tengingar við þjóðveg og fjarlægðir milli gatnamóta og tenginga vegna umferðaröryggis. Er æskilegt að bæta ekki við nýjum vegtengingum ef hægt er að nýta eldri heimreiðar að íbúðarhúsum eða frístundahúsum.
B.8	Þórarinn Skúlason	Óska eftir byggingareit á Húsahól. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr. 33.	Afmörkun byggingarlóða og innfærsla vegtengingar er ekki verkefni aðalskipulags. Hins vegar þarf að gæta þess að áformuð uppbygging sé í samræmi við stefnu aðalskipulags og þær takmarkanir sem eftir atvikum gilda um svæðið.

			Svæðið sem umsögnin vísar til er innan landbúnaðarsvæðis L6 skv. vinnslutillögu. Ekki kemur fram hvort áform um byggingarreit er fyrir íbúðarhús eða atvinnustarfsemi. Áformaður byggingarreitur er innan grannsvæðis vatnsbóls VB5 og þar gilda takmarkanir um landnotkun skv. reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Skv. reglugerðinni skal ekki „leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu“. Nýjar byggingar á tilgreindu svæði eru því óheimilar.
F	Frístundabyggð, afþreyingar og ferðamannasvæði, ferðaþjónusta		
F.1	Stefán Thors	Frístundabyggð í Syðri-Hraundal er tvískipt í vinnslutillögu. Búið var að sameina þetta í eitt svæði sem nær líka yfir opið svæði við Veitu. Í vinnslutillögu afmarkast svæðið af lóðunum en ekki deiliskipulagsmörkum.	Svæðin F10 og F11 verða sameinuð undir auðkenninu F10 og afmörkun svæðis breytt til samræmis við deiliskipulagsmörk í gildandi skipulagi. OP201 verður hluti af frístundabyggðinni.
F.2	Stefán Thors	Afþreyingar- og ferðamannasvæði er merkt AF219 í greinargerð en AF218 á uppdætti. Sveitarstjórn hefur þegar samþykkt að fella út þetta svæði.	<u>Afþreyingarsvæði AF219 Syðri Hraundalur fyrir tjaldsvæði verður felld út.</u>
F.3	Forsætisráðuneytið	Samþykki ráðuneytisins þarf ef rafvæða á skála innan þjóðlendu.	Leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar eru háðar lögum og reglugerðum. Reiknað er með að þeir sem standa að slíkum framkvæmdum afli tilskilinna leyfa.
F.4	Skipulagsstofnun	Frístundabyggð. Gera þarf grein fyrir áætluðum hámarksfjölda frístundahúsa í hverri frístundabyggð í töflu greinargerðar. Fjalla þarf um stefnu um þéttleika, ásýnd og yfirbragð byggðarinnar og aðrar meginforsendur. Í forsenduskýrslu þarf að taka saman fjölda óbyggðra frístundahúsa sem nýtist við stefnumótunarvinnu um frístundabyggð.	<u>Hámarksfjöldi frístundahúsa verður bætt í töflu greinargerðar.</u>
F.5	Skipulagsstofnun	Að mati stofnunarinnar þarf að setja almenn ákvæði í aðalskipulaginu um tegund gististaða sem heimilt er að reka í atvinnuskyni í frístundabyggð. Taka mætti m.a. afstöðu til orlofshúsabyggða vegna mögulegra neikvæðra áhrifa stærra gistiheimilis á frístundahúsaeigendur í grennd. Skilgreina mætti viðmið sem horft er til þegar metið er hvort heimila eigi gististað í atvinnuskyni í tiltekinni frístundabyggð. Það getur varðað hámarkshlutfall/fjölda útleighúsa í viðkomandi frístundabyggð, staðsetningu útleighúss m.t.t. áhrifa á nágrenna, nálægðar við aðkomuveg og ástandi innviða, svo sem fráveitu og möguleika á vatnsöflun í viðkomandi byggð.	Skv. vinnslutillögu er ekki gert ráð fyrir að heimild sé fyrir gististöðum í frístundabyggð, umfram það sem fellur undir lög og reglugerðir um heimagistingu og á við um frístundahús, og orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga sem eru undanskilin veitingu rekstrarleyfis. Skilgreining á landnotkunarflokknum verslun og þjónusta miðar við að á slíkum svæðum sé „gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.“ Ekki á við að setja í aðalskipulagi ákvæði um tegundir gististaða sem heimilt er að reka í atvinnuskyni í frístundabyggð, þar sem slíkur rekstur er óheimill í frístundabyggð, sbr. ofangreint.

			Til að undirstrika ofangreinda stefnumörkun er bætt við stefnu um ferðaþjónustu og áningarstaði ferðamanna í kafla 4.3: <u>„Uppbyggingu gistirýmis og veitingaþjónustu í dreifbýli skal beina á þau verslunar- og þjónustusvæði sem skilgreind eru á aðalskipulagi.“</u>
F..6	Skipulagsstofnun	Ferðaþjónusta. Til að undirbyggja stefnu um aukið gistirými í sveitarfélaginu vegna vaxandi ferðaþjónustu þarf í tillögunni að taka saman fjölda núverandi og þegar áætlaðra gistirúma í sveitarfélaginu og fjölda gistinóttu. Að mati Skipulagsstofnunar getur með því fengist góð yfirsýn yfir staðsetningu, eðli og umfang afþreyingar- og ferðamannasvæða á hverjum tíma og vísbending um hvort framfylgd fyrirbyggjandi stefnu sé viðeigandi.	Upplýsingar af þessu tagi eru aðgengilegar hjá Ferðamálastofu og Hagstofunni. Ekki er tekið undir að stefna aðalskipulagsins um gistirými feli í sér aukningu sem kalli á að taka þurfi saman þau gögn sem þarna er vísað til.
F.7	Skipulagsstofnun Landvernd	Sett eru ákvæði um heimildir fyrir viðhaldi á skálum á hálendinu og/eða byggingu nýrra skála í þeirra stað (kafla 6.4). Setja þarf hámarks byggingarheimildir fyrir slíka uppbyggingu á hverjum stað. Landvernd bendir á að á miðhálendinu sé uppbygging ferðamannaaðstöðu takmörkuð við mannvirki sem byggð séu utan skilgreindra víðerna, á jaðri miðhálendisins og meginleiðum. Það gildir sérstaklega um uppbyggingu umfangsmeiri mannvirkja og þjónustu. Náttúrufræðistofnun bendir á að áformað þjónustusvæði AF204 á Uxahryggjum er á að mestu á lítt röskuðu svæði og huga þarf vandlega að hönnun og frágangi.	Hámarks byggingarheimildir fyrir skála eru tilteknaðar í sérskilmálum fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði, þar sem heimildir eru fyrir viðhaldi skála á hálendinu. <u>Bætt verður við hámarks byggingarheimildum fyrir áætlað þjónustusvæði ferðamanna við Uxahryggi AF204. Svæðið er utan miðhálendisins, utan skilgreindra víðerna og við meginleið. Sveitarfélagið metur uppbyggingu þjónustu við Uxahryggjaveg mikilvæga fyrir íbúa og ferðaþjónustu. Þjónustusvæðið við Uxahryggjaveg er í gildandi aðalskipulagi og er því ekki nýtt í vinnslutillögu.</u>
F.8	Náttúrufræðistofnun	Svæði AF206 Sæluhúsahæðir/Brunnar er ekki að finna á sveitarfélagsupprætti og erfitt að leggja mat á hvar nákvæmlega sú uppbygging sé áformuð. Almennt þarf að huga að þeim ásýndar- og landslagsáhrifum sem aukin uppbygging ferðaþjónustu á afskekktum svæðum felur í sér en umtalsverð aukning á gistiplássi getur falið í sér miklar breytingar. Einnig þarf að meta hvernig aukin umferð getur leitt til meira álags á náttúru svæða s.s. viðkvæman hálendisgróður, fuglalíf, jarðminjar o.fl.	Um er að ræða leitarmannaskála og hesthús með gistiplássi fyrir 16, eins og hann er í dag. Hér er því ekki um að ræða nýja uppbyggingu. Svæði AF206 er við sveitarfélagamörk við Bláskógabyggð við Uxahryggjaveg, á svæði þar sem mörk eru óviss. Skálinn lendir utan sveitarfélagsins í vinnslutillögu en unnið er að því að skýra mörk á þessu svæði.
F.9	Málfríður Kristjánsdóttir	7.4 Frístundabyggð. Á jörðinni Dalsmynni hafa verið deiliskipulagðar þrjár lóðir fyrir frístundabyggð.	Skv. töflu 1 í kafla 7.10 er heimilt að vera með 4 samliggjandi íbúðar- eða frístundalóðir í tengslum við bæjartorfur, vegi og veitur. Skv. deiliskipulagi eru lóðirnar á landbúnaðarsvæði og samræmast því aðalskipulagi.
F.10	Ómar Pétursson	Óskar eftir að frístundasvæðið í Árdal verði stækkað skv. gögnum sem send hafa verið skipulagsfulltrúa.	Fyrirspurn var tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar Borgarbyggðar sjá fundargerð: https://borgarbyggd.is/fundargerdir/19539

			8. Árdalur L133819 Umsókn um aðalskipulagsbreytingu 2411261 Lögð er fram fyrirspurn fh. landeiganda Árdals (Inn. 133819) um aðalskipulagsbreytingu. Breytingin tekur til stækkunar á fristundasvæði Árdals (F46) úr <5ha í 14,8ha og eru þá 2,8ha af þeim eldri tún sem flokkast sem mjög gott ræktanlegt land skv. flokkun landbúnaðarlands. Á landi sem flokkast sem Mjög gott ræktanlegt land er ekki heimilt að rjúfa samfellu með mannvirkjagerð, sjá töflu 2. Skilmálar fyrir landbúnaðarland í nýjum landbúnaðarkafla Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022. Einnig er á stæckuðu fristundasvæði samningsbundin skógrækt. Meðfylgjandi er beiðni landeiganda og rökstuðningur dags. 28.11.2024 og uppdráttur sem sýnir stækkað fristundasvæði dags. 12.11.2024. Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að skila þurfi inn áltí landbúnaðarráðunautar um gæði landbúnaðarlandsins og umsögn frá skógræktarráðunauti Lands og skógar vegna samningsbundinnar skógræktar sem er innan afmörkunar fyrirhugaðrar stækkunar. Samþykkt samhljóða. Fylgiskjöl Árdalur_breyting_á_aðalskipulagi fristundah 28.11.2024.pdf
F.11	Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni	Í kafla 7.4 frístundabyggð er m.a talað um svæðin: Arnarholt F57, F58, F63 og F64. Ekki kemur fram á kortinu hvar svæði F63 og F64 eru. Ekki er samræmi á því hvaða númer svæðin bera á korti aðalskipulags og kortasjár Borgarbyggðar.	Svæði F57 og F58 eru í Arnarholti. Heiti svæðanna F63 og F64 er misritað, en þau svæði eru á Varmalæk 1. Það verður leiðrétt og <u>svæði F63 og F64 fá heitið Varmalækur.</u> Sömu kortagögn eru á aðalskipulagsupprætti og á kortasjánni.
F.12	Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni	Arnarholt ÍB7 Óbyggð. Heimilt er að vera með einbýlishús á 1-2 hæðum á allt að 50 lóðum. Þó öll þessi svæði beri nafnið Arnarholt þá eru þau ekki öll eða alfarið í landi Arnarholts. Svæðið sem er næst Hlöðutúni, ónúmerað á kortinu er að hluta í úrskiptu landi Hlöðutúns, restin í úrskiptu landi Arnarholts. Önnur svæði eru að hluta eða alfarið í óskiptu landi jarðanna Arnarholt og Hlöðutún, sem jarðirnar eiga í hlutföllunum 2/3 í eigu Arnarholts og 1/3 í eigu Hlöðutúns. Sjá má núverandi merki jarðanna á korti nytjaland og hjá Þjóðskrá. Merki jarðanna eru ekki rétt sýnd á kortasjá Borgarbyggðar. Skráningin er hinsvegar rétt skráð hjá Þjóðskrá á korti sem fylgir hér með. Svæði sem er merkt Arnarholt ÍB7 er í óskiptu landi jarðanna Arnarholt og Hlöðutún og þar af leiðandi að einum þriðja í eigu Hlöðutúns. Á deiliskipulagi er þetta svæði merkt sem umsjónarsvæði ræktunarsetra með tveim byggingarlóðum, 16a og 16b. Ekkert hefur verið rætt við mig um að breyta svæðinu sem er merkt Arnarholt ÍB7 í íbúðarbyggð eða samkomulag um það. Ég leggst gegn breytingunni.	Við endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar er unnið með aðalskipulagsgrunn sem fenginn er í aðalskipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Þar eru fitjur eða afmörkun svæða, dregin handvirkt upp af innskönnum, staðfestum skipulagsuppráttum og/eða byggðar á CAD gögnum frá sveitarfélögum. Fyrir umrætt svæði, ÍB7, hafa orðið mistök við innskönnun eða lestur á CAD gögnum, þannig að ÍB7 kemur nú á upprætti í stað F57. <u>Þetta verður leiðrétt og ÍB7 verður hluti af F57.</u> Í deiliskipulagi fyrir Arnarholt, skipulagi á ræktunarlandi/setrum og sumarhúsabyggð, eru upplýsingar um áformuð fristundasvæði sem ástæða er til að setja inn í aðalskipulag. Fyrir reit F58 er gerð tillaga að eftirfarandi skilmálum: „<u>Frístundabyggð með samþykktu deiliskipulagi fyrir 12 afmörkuð ræktunarsetur með 24 byggingarreitum fyrir sumarbústaði.</u>“ Fyrir reit F59 er gerð tillaga að eftirfarandi skilmálum: „<u>Frístundabyggð með samþykktu deiliskipulagi fyrir 8 afmörkuð ræktunarsetur með 14 byggingarreitum fyrir sumarbústaði.</u>“ Teikningar af útmörkum ræktunarsetra eru aðgengilegar í gegn um kortasjá Borgarbyggðar, og uppdráttur með uppl. um byggingarreiti.

F.13	Sara Lind Jónsdóttir Glaser – Galtarholt	Í vinnslutillögu aðalskipulags er afmörkun landnotkunarreits AF2 (O8 í gildandi aðalskipulagi) í Galtarholti 3 breytt og hann minnkaður töluvert. Landeigandi gerir athugasemd við þetta og óskar eftir að afmörkun reitsins verði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Fyrirhuguð er uppbygging á svæðinu og hefur lýsing deiliskipulags nú þegar verið samþykkt (sjá fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar Borgarbyggðar frá 31.03.2023) Sjá meðfylgjandi uppdrátt af svæðinu.	Í gildandi aðalskipulagi er svæðið með landnotkunina opið svæði til sérstakra nota með auðkennið OP8. Landnotkun er hjólahýsasvæði. Í endurskoðuðu aðalskipulagi fær svæðið auðkennið AF2, sem er afþreyingar- og ferðamannasvæði. <u>Afmörkun svæðisins verður leiðrétt í samræmi við ábendingu.</u>  Fyrir reit AF2 er gerð tillaga að eftirfarandi skilmálum: „Hjólahýsasvæði sem skal skipulagt skv. leiðbeiningum HMS um slík svæði. Gert er ráð fyrir að hámarki 50 hjólahýsum auk þjónustuhúsa með salernum á þremur stöðum. „
F.14	Náttúrufræðistofnun Umhverfisstofnun	Frístundabyggð. Stefnt er að mikilli aukningu og stækkun á frístundabyggðum í sveitarfélaginu skv. vinnslutillögunni. Ekki eru allt nýjar tillögur og deiliskipulög hafa jafnvel verið samþykkt í einhverjum tilfellum, en mikið af þessum áformuðu frístundabyggðum eru enn óbyggðar eða lítið byggt af því sem heimildir eru fyrir. Það vekur furðu að í vinnslutillögunni séu skilgreind í greinargerð og á sveitarfélagsuppdráttum frekar mörg svæði fyrir frístundabyggð sem í dag eru lítið eða ekkert röskuð og þar sem finnast ýmist eða bæði jarðmyndanir og vistgerðir sem falla undir ákvæði 61. greinar, og/eða teljast mikilvæg fyrir verndun líffræðilegrar fjölbreytni, varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og eða fela í sér sérstakt landslag eða náttúruminjar. Mörg þessara svæða eru að öllu eða miklu leyti óbyggð ennþá og því tækifæri til að koma í veg fyrir það mikla rask sem óneitanlega yrði á þessum vernduðu og verðmætu náttúruminum. Náttúrufræðistofnun hvetur sveitarfélagið eindregið til að endurskoða í það minnsta einhver þessara áforma, því ef af þeim öllum verður er mikil hætta á óafturkræfu tjóni á verðmætri náttúru og óhætt að segja að slíkt tjón stangist á við þau markmið og leiðarljós sem fram koma ítrekað í þeirri stefnu sveitarfélagsins sem vinnslutillagan felur í sér. Umhverfisstofnun bætir við að ástæða sé til að fella út frístundabyggð sem mun raska verndargildi svæða á náttúruminjaskrá og sem ná til hrauna – og votlendissvæða sem njóta sérstakrar vernda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og beina framtíðar frístundabyggð á svæði sem hafa minna verndargildi. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar eru tekin dæmi um mörg frístundasvæði á svæðum sem hafa ríkt verndargildi.	Verið er að vinna að úttekt á frístundasvæðunum og skilmálum fyrir þau og verður umfjöllun um einstök frístundasvæði því fyllri í auglýstri tillögu. Sveitarfélagið sér ekki fyrir sér að fella niður frístundasvæði nema ef óskir koma um það frá landeigendum. Ítrekað er að vinnslutillagan er ekki að boða mikla aukningu og stækkun á frístundabyggðum í sveitarfélaginu, umfram gildandi aðalskipulag. Sveitarfélagið er hins vegar meðvitað um umfang þessara svæða og að mörg svæðanna hafa ekki farið í uppbyggingu. Sveitarfélagið leggur áherslu á að frístundabyggð sé deiliskipulögð áður en til uppbyggingar kemur, og eftir atvikum séu eldri deiliskipulög endurskoðuð, þar sem þau gefa í einhverjum tilfellum takmarkaðar upplýsingar um þær heimildir sem eru á svæðinu. <u>Er bætt við umfjöllun um þetta í kafla 7.4. Frístundabyggð.</u> Í almennum skilmálum fyrir frístundabyggð eru skilmálar sem eiga að takmarka að við uppbyggingu frístundasvæða verði rask á jarðmyndunum og vistgerðum sem falla undir ákvæði 61. greinar, verndarsvæðum, góðu ræktanlegu landbúnaðarlandi, svæðum meðfram vötnum, ám og sjó og menningarminum, svo eitthvað sé nefnt. Við deiliskipulagsgerð á þeim svæðum sem Náttúrufræðistofnun tekur sem dæmi, þá þarf að taka tillit til þessa. Áhrif á verndarsvæði er því háð útfærslu. Náttúrufræðistofnun bendir á frístundasvæði við Eskiholt sem sé að mestu óbyggt en þar sé mikið kjarr og votlendi. Á F32 Eskiholt eru 26 lóðir fyrir frístundahús á sunnanverðu svæðinu og þar er deiliskipulag í gildi. Í lok árs

			2024 var deiliskipulag fyrir norðurhluta svæðisins í ferli. Þar er skv. tillögu gert ráð fyrir 43 frístundalóðum og 5 íbúðarlóðum. <u>Skilmálar og afmörkun fyrir Eskiholt verða uppfærðir í samræmi við þá tillögu og gildandi deiliskipulag.</u>
F.15	Náttúrufraeðistofnun	Náttúrufraeðistofnun setur varnagla við að byggja upp umfangsmikla þjónustu við Víðgelmi sem myndi mögulega raska nútímahrauni með hátt verndargildi og vera innan grannsvæðis vatnsverndar og hverfisverndar. Tryggja þarf jafnframt verndun hellisins sjálfs og leggja mat á þol svæðisins fyrir ásókn.	Við Víðgelmi er þjónustuhús og bílastæði til að taka á móti gestum sem vilja skoða hellinn. Byggingarmagn er takmarkað við 200 fm. Bætt er við skilmála um afþreyingarsvæðið að það sé á grannsvæði og á hverfisvernduðu svæði. Hámarks byggingarmagn er 200 fm. Skilmálar AF220. „Móttaka ferðamanna við Víðgelmi. Heimilt er að vera með þjónustuhús og aðstöðu til að taka á móti gestum, <u>Öll starfsemi og uppbygging skal taka mið af staðsetningu á hverfisvernduðu svæði og grannsvæði vatnsverndar.</u>“ 

L		ATVINNULÍF LANDBÚNAÐUR	
L.1	Skipulagsstofnun	Landbúnaðarsvæði. Í greinargerð tillögunnar eru skilgreindir níu landnotkunarreitir á landbúnaðarsvæðum L1-L9, og sett um þá sértæk ákvæði sem taka m.a. til heimilda varðandi uppbyggingu og starfsemi. Að mati Skipulagsstofnunar er óljóst hvernig afmörkun þessara landnotkunarreita nýtist við framfylgd stefnumörkunar um landbúnaðarsvæði þar sem sértæk ákvæði fyrir þessa reiti eru nánast þau sömu og gefa því ekki til kynna hvort og þá hversu vel viðkomandi svæði hentar til ræktunar. Stefna aðalskipulagsins er að halda góðu ræktunarlandi til haga og að landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti sbr. bls. 13. Til að unnt sé að framfylgja þessari stefnu þurfa ákvæði hvers landnotkunarreits að taka til heimilda til uppbyggingar og starfsemi innan hvers landnotkunarreits í samræmi við niðurstöðu flokkunar landbúnaðarlands. Þannig séu heimildir takamarkaðar á þeim landnotkunarreitum sem henta vel til ræktunar en rýmri á reitum sem henta síður. Skoða þarf hvort tilefni sé til að afmarka fleiri og minni landnotkunarreiti til að ná þessari aðgreiningu svæðanna fram með skýrari hætti en með þeim hætti má jafnframt ætla að aðalskipulagið nýtist betur sem stjórnæki. Skýra þarf takmarkanir á heimildum á landbúnaðarlandi sem flokkað er sem gott ræktunarland (L2) miðað við önnur landbúnaðarsvæði sbr. markmið aðgerðaráætlunar landsskipulagsstefnu um kortlagningu ræktunarlands til að standa vörð um gott ræktunarland til að tryggja fæðuöryggi, og stefnu í kafla 4.1 í greinargerð um verndun góðs landbúnaðarlands. Í ljósi ofangreinds hvetur Skipulagsstofnun til þess að farið verði yfir almenn ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði sem eiga við um alla landnotkunarreiti og skoðað hvort tilefni sé til að setja einstök stefnumið fram í sértækum ákvæðum einstakra landnotkunarreita fremur en að þær eigi við á öllum landnotkunarreitum, m.a. með hliðsjón af stefnu á bls. 13 um að landi sem vel hentar til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, og áherslu C8 í landskipulagsstefnu um að slíku landi verði ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti, svo sem til skógræktar.	<u>Farið verður yfir heimildir og takmarkanir fyrir landbúnaðarland í flokki I og flokki II og þá skilmála sem eru fyrir landbúnaðarsvæði L1-L9 þannig að stefnan og skilmálar séu skýrari. Landbúnaðarsvæðum verður fjölgað.</u>
L.2	Skipulagsstofnun	Fram kemur í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 7.10 að á landbúnaðarlandi í flokki I sé heimilt að vera með skjólbelti en ekki skógrækt. Bent er á að landbúnaðarland í flokki I er ekki landnotkunarreitur í aðalskipulagi og líkt og bent er á hér að ofan er óljóst hvernig þessari stefnu verði framfylgt nema að hún verði sett fram í sértækum ákvæðum fyrir viðkomandi landnotkunarreiti L1-L9.	Sett er stefna um að flokkun landbúnaðarlands skuli ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Þessi stefna er metin fullnægjandi til að ná því markmiði að ekki verði samfelld skógrækt á landbúnaðarlandi í flokki I.
L.3	Skipulagsstofnun	Sömuleiðis þarf að skoða stefnu í kafla 6.3 þar sem kemur fram að skógrækt sé heimil á landbúnaðarsvæðum.	Í kafla 6.3 kemur fram að skógrækt sé heimil á landbúnaðarsvæðum í samræmi við stefnu og skilmála um landbúnaðarsvæði. <u>Þætt verður við vísun í kafla 4.1 og 7.10.</u>

L.4	Skipulagsstofnun	Æskilegt er fyrir framfylgd aðalskipulagsins að setja stefnu um byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum í töflu 1. í samhengi við sérákvæði hvers landnotkunarreits L1-L9 í kafla 7.10.	Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarfláka <u>verður bætt við tilvísun í byggingarheimildir í töflu 1.</u>
L.5	Skipulagsstofnun	Í töflu 1 eru settar fram byggingarheimildir á landbúnaðarsvæðum eftir stærð lands. Heimildirnar virðast leyfa mjög víðtæka uppbyggingu á litlum landbúnaðarspildum undir 1 ha að stærð, sem mögulega hvetur til uppskiptingar lands. Stofnunin bendir því á að setja ætti ákvæði um nýtingarhlutfall í sérskilmálum fyrir hverja landstærð.	Sett er hámarks byggingarmagn fyrir land sem er undir 25 ha að stærð. Jafnframt er tekið fram hversu mörg hús er heimilt að byggja á hverju landi eftir stærð þess. Fyrir land sem er undir 1 ha er auk hámarks byggingarmagns sett nýtingarhlutfall 0,04 á hvert land. Í kafla 7.10 eru skilmálar um landskipti. Ekki er tekið undir að þetta hvetji til uppskiptingar lands. Ákvæði í töflu 1 eru óbreytt frá gildandi skipulagi.
L.6	Skipulagsstofnun Bændasamtök Íslands	Bent er á að við ákvörðun um að taka landbúnaðarsvæði úr landbúnaðarnotum þarf sveitastjórn að taka afstöðu til jarðalaga nr. 81/2004, hvort land til uppbyggingar verði stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaheimilda sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu uppbyggingar komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar. Einnig þarf að skilgreina hver áhrif slíkrar uppbyggingar eru á aðlægt landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli lands sem nýtt er til uppbyggingar og landbúnaðar sem fyrir er og hvort nýtingaráformin girði fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni. Þessi viðmið þarf að setja fram í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði í kafla 7.10. Bændasamtökin nefna að taka skuli tillit til og gera grein fyrir 5. gr. jarðalaga ef landnotkun breytist úr landbúnaði í aðra landnotkun.	Bætt verður við eftirfarandi skilmálum í kafla 7.10 um landbúnaðarsvæði. <u>“Horfa skal til flokkunar landbúnaðarlands með tilliti til ræktunarskilyrða og viðmiða í 5. gr. jarðalaga 81/2004 um verndun landbúnaðarlands, þegar skipta á landi upp til annarrar nýtingar. Ef taka á gott landbúnaðarland þá þarf að rökstyðja slíka breytingu með tilliti til þessara viðmiða.”</u> Til upplýsingar er hér afrit af þeim lagatexta sem vísað er til: „5. gr. Vernd landbúnaðarlands. Við skipulagsgerð samkvæmt skipulagslögum þar sem ráðgerðar eru breytingar sem fela í sér að land sé leyst úr landbúnaðarnotum, þ.e. að landnotkun breytist úr landbúnaði yfir í aðra landnotkun, skal gera grein fyrir og taka afstöðu til eftirfarandi: a. Hvort landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar. b. Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlægt landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breytttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni. Sveitarstjórn tekur ákvörðun um breytingar á landnotkun á grundvelli heildstæðs mats samkvæmt skipulagsáætlun og þeirra sjónarmiða sem greinir í 1. mgr. Við gerð aðalskipulags í dreifbýli skal land flokkað með tilliti til ræktunarmöguleika. Ráðherra gefur út leiðbeiningar um flokkun ræktarlands í samráði við yfirvöld skipulagsmála.“

L.7	Þórarinn Skúlason	Reiturinn innan bláa svæðisins telst vera gott ræktunarland og er nytjað sem tún. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr. 33. 	Flokkun landbúnaðarlands verður yfirfarin miðað við ábendingu.
L.8	Kaldármelar – Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir	Fyrir hönd landeiganda er óskað eftir að eftirfarandi breytingar verði gerðar á landnotkun á Heiðarbýli (L232297), Hraunsmúlaland ræktun (L136061) og Kaldármelar (L207278), þær liggja allar saman og eru í eigu Hellishóla ehf. Í gildandi aðalskipulagi er umrætt svæði allt skilgreint sem landbúnaðarland en óskað er eftir að landnotkunin verði sem hér segir, (sjá einnig hjálagða uppdrætti): Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) – 19,4 ha. Tjaldsvæði, heimilt verði að vera með þjónustuhús og þjónustu fyrir gesti. Frístundabyggð (F) – 91,5 ha. Óbyggt, ekkert deiliskipulag í gildi. Landbúnaðarland (L) – 72,1 ha Verslun og þjónusta (VP) – 39,9 ha. Heimil verði ýmis konar uppbygging vegna þjónustu við ferðamenn og tengda starfsemi, þ.e. hótalgisting, veitingar, gestahús, lítil verslun, starfsmannaaðstaða og 3 íbúðarhús. Hjálögð er greinargerð þar sem er greining á svæðinu og settar fram tvær tillögur að landnotkun. Þær breytingar sem er óskað eftir að verði gerðar taka mið af tillögu tvö í greinargerðinni og varða uppbyggingu ferðaþjónustu og frístundabyggðar. Við veitum fúslega frekari upplýsingar og einnig er velkomið að senda CAD/GIS gögn landnotkunarreita ef þess er óskað.	Í greinargerð sem fylgir með umsógninni er sagt að landið sé skilgreint í flokki 4 sem er lélegt ræktarland í vinnslutillögu ASK Borgarbyggðar. Það er ekki rétt. Stór hluti landsins er mjög gott ræktarland í flokki 1. Kaldármelar er lendingarstaður í umsjón Isavia. Í vinnslutillögu er lendingarstaðurinn auðkenndur með punkti. FV201. Tjaldsvæðið er að hluta á votlendi sem er 4ha + Landeiganda er bent á að endurskoða sín áform miðað við ofangreint.
L.9	Umhverfisstofnun	Óbyggð svæði. Stór hluti sveitarfélagsins er skilgreindur sem landbúnaðarland, meira að segja Grábrókargígar. Umhverfisstofnun leggur það til að afmörkun óbyggðra svæða miði ekki einungis við ákveðna hæðarlínu, afmörkun óbyggðra	Landbúnaðarland er ríkjandi landnotkun á þessum svæðum, en innan þess eru víða takmarkanir t.d. vegna náttúruverndarsvæða, votlendis, hrauns eða

		víðerna og/eða miðhálendislínu heldur taki afmörkunin til náttúruverndarsvæða, votlendis, hrauns, gígasvæða, sem njóta sérstakrar verndar, og annarra verndarsvæða sem við á.	svæða sem njóta sérstakrar verndar. Ekki er ástæða til að afmarka þau svæði sérstaklega sem óbyggð svæði.
L.10	Landvernd	Landnýting - flokkun lands. Árétta skal mikilvægi þess að fyrirbyggjandi skipulag taki í ríkara mæli tillit til náttúruverndar. Sveitarfélagið er eindregið hvatt til að nýta sér þau fjölmörgu svæði sem Borgarbyggð hefur á að skipa sem eru til þess fallin að vernda. Flokkun lands með vernd í huga styður við sérstöðu, fjölbreytni, atvinnulíf og styrkingu innviða sveitarfélaga og er efnahagslegur ávinningur friðlýstra svæða oft stórlega vanmetinn. Mikil aukning hefur átt sér stað við margvíslega uppbyggingu í dreifbýli og áframhaldandi eftirspurn er til staðar og skal þá minna t.d. á að áhrif verði metin til dæmis samhliða síaukinni eftirspurn eftir stökum sumarhúsum og umfangsmeiri sumarhúsasvæðum, m.a. að þeim verði ekki dreift of víða. Þá er vegna ferðamennsku aukin ásókn í byggingu á stærri mannvirkjum í dreifbýli, hótél o.s.frv. sem þarf að vega og meta hvort eigi heima inn á lítt röskuðum svæðum sem gæta þarf fyllstu varúðarsjónarmiða gagnvart umhverfi og náttúru. Borgarbyggð er því hvatt til að marka enn betur stefnu í þessum efnum með það að markmiði að vernda og friðlýsa svæði sem til þess eru fallin með ábyrgri stjórnun og verndaráætlunum svo mæta megi auknu álagi vegna ferðamennsku. Borgarbyggð á sérstaklega mikil sóknarfæri við flokkun lands í þessum efnum.	Hvatning er móttækin.
L.11	Landvernd	Vara eindregið við þeirri nútíma skógræktarstefnu sem hefur tekið stökkbreytingum til hins verra á allra síðustu árum með mikilli plöntun á framandi tegundum sem skaða líffræðilega fjölbreytni og sá sér yfir svæði sem ná langt út fyrir þau mörk sem þeim var ætlað. Skógrækt hefur í allt of miklum mæli gengið á mólendi og líffræðilega fjölbreytni og fyrst og síðast þarf að koma í veg fyrir að frjósamt land verði tekið undir skógrækt. Skógrækt með íslenskum trjátegundum ætti hinsvegar að auka á svæðum sem eru rýr að landgæðum.	Tekið er undir að mikilvægt er að vernda líffræðilega fjölbreytni og telur sveitarfélagið að það sé gert með stefnu í vinnslutillögu. Mörkuð er stefna um að besta ræktunarlandið sé ekki tekið undir samfellda skógrækt og þar með er það verndað svo áfram sé hægt að nýta það til matvælaframleiðslu. Stefnan heimilar skógrækt á allt að 10 ha svæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Stærri skógræktarsvæði kalla á breytingu á aðalskipulagi.
L.12	Bændasamtök Íslands	Að flokka gæði landbúnaðarlands og skipuleggja landið með tilliti til alls mun það sjálfkrafa styrkja fæðuöryggi Íslendinga, ýta undir líffræðilegan fjölbreytileika og styrkja stoðir fæðukerfa með því að tryggja nýtingu landsins á sem besta hátt. Þegar teknar eru ákvarðanir um landnotkun þarf því að hafa fæðuöryggi þjóðarinnar að leiðarljósi. Ávinningur þess að skipuleggja land rétt er því gríðarlegur. Tryggja skal svo sem kostur er að land sem er vel fallið til búvöru framleiðslu sé varðveitt til slíkra nota og að fæðuöryggi sé tryggt til framtíðar, sbr. 1. gr. jarðalaga.	Tekið var mið af þessu við mótun stefnunnar.
L.13	Náttúrufræðistofnun Land og skógur	Þegar mynd 8 sem sýnir kortlagningu landbúnaðarlands er borin saman við mynd 10 sem sýnir hvar vistgerðir sem falla undir ákvæði 61. greinar er að finna þ.m.t. votlendi, sést að mörg votlendisvæði eru flokkuð sem gott ræktunarland. Mikilvægt er að tryggja gott jafnvægi nýtingar á slíku ræktunarlandi og verndun ósnortins votlendis og styrkja endurheimt raskaðs votlendis þar sem slíkt er	Flokkun landbúnaðarlands er unnin í samræmi við leiðbeiningar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þó óraskaðar mýrar og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar teljist vera gott landbúnaðarland þá er ekki þar með sagt að heimilt verði að rækta landið, t.d. vegna takmarkana í lögum um náttúruvernd.

		mögulegt. Það er nauðsynlegt til að fylgja vel þeim skilmálum um landbúnaðar-svæði (bls. 43 í greinargerð) sem segja að leitast skuli við að raska ekki óröskuðu votlendi þar sem ræktun er ekki áformuð. Þá ber að varast að votlendi og önnur verðmæt og viðkvæm gróðurlendi sé ekki raskað fyrir aðra landnotkun. Land og skógur bætir við að á kortlagningu landbúnaðarlands verði ekki betur séð en að óraskaðar mýrar séu skilgreindar sem hluti af mjög góðu landbúnaðar-landi. Land og skógur leggur áherslu á að skilgreina ekki friðuð svæði eða vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013) sem ræktarland. Kortið þarf að endurspegla með skýrum hætti raunverulegt og mögulegt ræktar- og landbúnaðarland.	Við flokkunina var horft á kortlagningu vistgerða frá NÍ. Votlendissvæði geta flokkast sem gott ræktunarland en ekki er þar með sagt að heimilt verði að ræsa það fram til ræktunar. Miðar stefna skipulagsins við það. Sett er stefna um að: Leitast skal við að raska ekki óröskuðu votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu.
AVÞ	Atvinnulíf, miðsvæði, verslun og þjónusta		
AVÞ.1	Elfar Már Ólafsson Helgi Ólafsson – Sjóvá Styrmir Már Ólafsson Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir	Samkvæmt þéttbýlisupprætti af Borgarnesi fellur lóðin Borgarbraut 61 sem nú er skilgreind sem verslunar- og þjónustulóð undir samfélagsþjónustu (S401) en ætti frekar að tilheyra svæði M403 sem er miðsvæði. Verður ekki betur séð en að svæðið, sem áður var skilgreint undir ýmis konar þjónustu, verslanir og veitingastarfsemi, verði með nýju skipulagi ætlað undir hjúkrunarheimili, heilsugæslu og íbúðir aldraðra. Þar með gerir nýtt skipulag, ólíkt fyrra skipulagi, ekki ráð fyrir þjónustustarfsemi ýmissa einkaaðila en í fasteigninni Borgarbraut 61 er nú margvísleg starfsemi, þ.m.t. útibú Sjóvár. Hlýtur þarna að vera um mistök að ræða sem hér með er vakin athygli á. Sé ekki um mistök við skipulagsgerðina að ræða þá er breytingunni andmælt þar sem hún getur m.a. haft áhrif á verðmæti fasteignarinnar og notkunarmöguleika. Eigendur fasteignar að Borgarbrauta 61 í Borgarnesi gera athugasemd við að lóð sé skilgreind sem samfélagsþjónusta. Auk þess er óskað eftir að nýtingarhlutfall lóðar verði að lágmarki 2. ásamt því að heimilaðar verði 4 hæðir og bílakjallari sem reiknast inn í nýtingarhlutfall lóðar.	Landnotkun á lóðinni í vinnslutillögu er í samræmi við stafræn gögn sem fengin voru frá Skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar, og áttu að vera í samræmi við gildandi aðalskipulag. Ljóst er að svo er ekki. Nýtingarhlutfall lóðar er ákveðið í deiliskipulagi. <u>Lóðin verður sett undir miðsvæði, reit M403 með eftirfarandi viðbót við sérskilmála fyrir reitinn:</u> <u>„Heimilt er að vera með hótél og veitingastarfsemi, verslun og þjónustu, skrifstofur og íbúðir á efri hæðum.“</u>
AI	Atvinnulíf, iðnaður, athafnastarfsemi og önnur en orkuvinnsla		
AI.1	Sláturhús Vesturlands	Við rekstraraðilar og eigendur Sláturhúss Vesturlands ehf. óskum eftir því að iðnaðarsvæði Sláturhúss Vesturlands fái að halda sér í endurskoðuðu Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037. Við teljum að vel megi aðlaga hugmyndir um breytta nýtingu Brákareyjar þannig að rekstur handverks-sláturhúss geti verið áfram í sama húsnæði. Aukinn umferð ferðamanna í eyjunni, eins og stefnt er að og koma vel fram í tillögum Festis ehf. og fjárfesta þeirra sem Borgarbyggð hefur gert að sínum, geta samræmst hugmyndum sláturhússins um frekari uppbyggingu á sölu afurða eins og í sælkerabúð og gallerí út í Brákarey. Hjá sláturhúsinu er hægt að fá gæða kjöt úr héraði fyrir veitingastaði og hágæða minjagrip eins og leður og gærur. Þá má benda á að í vinnslutillögu aðalskipulags er gert ráð fyrir annarri iðnaðarlóð í eyjunni, sem nýtt er undir skólpdælustöð og ekki er gert ráð fyrir því að hún víki. Sláturhús	Áform um uppbyggingu í Brákarey gera ekki ráð fyrir sláturhúsi á þessu svæði. <u>Bætt verður í skilmála fyrir miðsvæði að starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda starfsemi sem ekki samræmist aðalskipulagi verði ekki endurnýjuð þegar deiliskipulag fyrir miðsvæðið tekur gildi, núverandi starfsemi er heimil fram að þeim tíma.</u> Starfsleyfi sláturhússins er til janúar 2027. Sveitarfélagið lítur svo á að starfsemi sláturhússins geti verið betur komið á öðrum atvinnusvæðum í bænum.

		Vesturlands ehf. er mikilvægur vinnustaður sem veitir fólki atvinnu og stuðlar að aukinni sjálfbærni og fæðuöryggi.	
VI	Orkuvinnsla, þar með talin vindorka		
VI.1	Diðrik Vilhjálmsson Málfríður Kristjánsdóttir Laufey Valsteinsdóttir, Þorsteinn og Guðjón – Kvíum Sigurður Hjarðar Leópoldsson Guðrún Jónsdóttir Georg Magnússon, Steinunn Júlía Steinarsdóttir Norðtungu Óskar Baldvin Hauksson Hóli Eiður Ólason Glitstöðum Guðrún Sigurjónsdóttir Sigurjón Valdimarsson Glitstöðum Landvernd og fleiri	Mótmæla vindorkuverum í Borgarbyggð og sum nefna að umfjöllun um vindorkuver í aðalskipulagi sem aðeins gildir til 2037 sé ekki tímabær. Mikil andstaða er við vind-raforkuvers áform meðal íbúa, land-og sumarbústaðaeiganda og annara hagsmunaaðila a.m.k í norður-Borgarbyggð Sum nefna að þau eru alfarið á móti því að verið sé á einhvern hátt að kortleggja svæði fyrir vindorkuver á slíku landsvæði. Önnur nefna að farsælast sé að möguleikinn að fara í stórfeldar vindmyllu uppsetningar verði einfaldlega þurrkaður út í væntanlegu aðalskipulagi sem nú er í kynningu og til umsagnar. Sum nefna sérstaklega að þau séu á móti áformum á Grjóthálsi og í Norðurárdal og skora á sveitarstjórn Borgarbyggðar að fjarlægja allt úr væntanlegu skipulagi hvað varðar uppbyggingu vindmylla í sveitinni.	Ekki er verið að heimila vindorkuver í vinnslutillögu aðalskipulagsins og engum leyfum til vindmylluframkvæmda hefur verið úthlutað. Af umsögnum má ráða að þessi stefna komi ekki nægilega skýrt í vinnslutillögu <u>og verður það yfirfarið fyrir auglýsta tillögu.</u> Í kafla 4.4. í vinnslutillögu segir: <i>Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) gildir um nýtingu vindorku yfir 10 MW. Engin vindorkuver eru í rammaáætlun í Borgarbyggð og því eru engin vindorkuver á aðalskipulagi. Stefna um nýtingu vindorku er mótuð á grunni kortlagningar á mögulegum svæðum fyrir nýtingu hennar út frá fjarlægðum frá byggð, flutningskerfi og öðrum takmörkunum vegna landnotkunar. Sveitarfélagið mun taka ákvörðun um vindlundi þegar þeir hafa verið settir í nýtingarflokk rammaáætlunar. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku eru sýndar á skýringaruppdráttum í forsenduhefti.</i> Í stefnu um iðnaðarsvæði segir: „Við staðsetningu vindlunda skal taka tillit til verndarsvæða, lands ofan 300 m hæðar yfir sjó, afmörkunar miðhálandisins, víðerna ofan 300 m h.y.s, mikilvægra fuglasvæða, fjarlægðar frá byggð, línumannvirkjum og vegum. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku hafa verið kortlagðar en auk þeirra skal hafa í huga sýnileika mannvirkja við ákvarðanir um nýtingu og ábata samfélagsins. Vindlundi og/eða hærri stakar vindrafstöðvar verða einungis heimilaðar ef fyrir liggur skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar.“ Í aðalskipulaginu er mörkuð almenn stefna um nýtingu vindorku. Í aðalskipulaginu eru kortlögð svæði sem eru með takmörkunum til nýtingar vindorku. Ekki er sett stefna um að heimila vindorkugarða á svæðum þar sem ekki hafa verið kortlagðar takmarkanir. Kortlagningin er sett fram til að draga fram uppl. um þau svæði sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir vindorkuverum. Tekið er undir að umhverfisáhrif vindorkuvera eru mikil. Aðalskipulagstillaga gerir ekki ráð fyrir vindorkugörðum á Grjóthálsi, í Norðurárdal, eða á öðrum stöðum í Borgarbyggð.
VI.2	Vegagerðin Vestursvæði	Á uppdrætti „Takmarkanir vegna Vindorku“ kemur fram að takmarkanir við vegi miðist við 100 m fjarlægð frá vegum. Vegagerðin mun setja frekari takmarkanir á fjarlægð við vegi í hennar umsjá og óskar eftir að þær komi fram á kortum	Viðmiði á kortlagningu takmarkana vegna vindorku fyrir þjóðvegi er breytt í <u>250 m.</u>

		sveitarfélagsins. Takmarkanir þessar eru byggðar á reynslu Dana, sjá https://www.trm.dk/publikationer. Vindmyllur skulu ekki vera nær vegi en 250 m eða 1,7 sinnum hæsta hæð vindmyllunnar. Þó skal meta staðsetningu hvernar vindmyllu með hliðsjón af umferðaröryggi; neikvæðra áhrifa á ökumann, ískasts, sjóntruflana vegna spaða o.fl. Vegagerðin áskilur sér rétt til að krefjast aukinnar fjarlægðar frá vegi sé talin þörf á. Í stað 100 m takmarkanir frá þjóðvegum verði lágmarkstakmörkun þannig 250 m.	
VI.3	Skipulagsstofnun Málfríður Kristjánsdóttir	Kafla 6.7 segir að landeigendur geti virkjað vatnsafl, sólarorku og vindorku í smáum stíl á landi sínu en skilgreining á takmörkunum á raforkuframleiðslu kemur fram í kafla 7.10. Skýra þarf nánar heimildir um virkjun vatnsafls, sólarorku og vindorku í smáum stíl á landi sínu (til eigin nota, hve mörg MW). Gæta þarf þess að gerð sé grein fyrir hámarksfjölda, hámarkshæð og afli vindmylla/vindrafstöðva á þeim landnotkunarflokkum sem heimildir ná til.	Stefna um að landeigendur geti virkjað vatnsafl, sólarorku og vindorku í smáum stíl á landi sínu er almenn stefnumörkun. Stefnumörkunin er útfærð í almennum skilmálum fyrir örvirkjanir vatnsafl eða vindrafstöðvar á landbúnaðarlandi í kafla 7.10, almennum skilmálum fyrir íbúðabyggð um sólarcellur í kafla 7.7 og almennum skilmálum fyrir vindmyllur fyrir iðnaðarsvæði í kafla 7.6. Í almennum skilmálum eru sett mörk fyrir hámarksfjölda, hámarkshæð og afl, nema fyrir íbúðabyggð. Í almennum skilmálum fyrir íbúðabyggð kafla 7.7 segir svo.: „Heimilt er að vera með sólarcellur á þökum eða veggjum húsa til að framleiða raforku.“
VI.4	Qair	Eftirfarandi skilmálar fyrir iðnaðarsvæði í grein 7.6. eru mjög íþyngjandi: „Heimilt að reisa stakar vindmyllur, á skilgreindum iðnaðarsvæðum, allt að 5 MW og allt að 50 m háar, m.v. hæstu stöðu spaða.“ Qair telur óljóst með öllu á hvaða forsendum framangreindar takmarkanir eru settar fram, en þær virðast ekki byggjast á faglegri þekkingu. Staðreyndin er sú að helstu framleiðendur vindmylla framleiða ekki svo lágar vindmyllur og myndu vindmyllur að þessari hæð ekki ná afli yfir 1 MW. Þær vindmyllur sem eru nú í notkun hér á landi, hjá Háblæ í Þykkvabæ og á Hafinu, eru um 67 m að hæð með spaða í hæstu stöðu og aflgetu upp á 900 kW, en vindmyllur af þessari gerð og stærðarflokki eru ekki lengur í framleiðslu. Þá er ljóst að meiri hagkvæmi er af notkun hærri vindmylla og meiri orkuframleiðslu, sem er ekki aðeins mikilvægt frá hagrænu sjónarmiði, heldur mikilvægt frá umhverfissjónarmiði að hver vindmylla framleiði sem mest rafmagn svo hægt sé að nota færri vindmyllur. Í reynd myndi þessi skilmáli óbreyttur leiða til þess að ekki væri hægt að koma á fót hagkvæmum vindorkugarði í Borgarbyggð, þar sem nýttar yrðu hágæða vindmyllur frá viðurkenndum framleiðendum sem hannaðar eru fyrir aðstæður eins og á Íslandi.	Skilmálar um stakar vindmyllur á við um minni háttar framleiðslu orku eins og umsögn Qair leiðir í ljós. Skilmálarnir heimila ekki vindorkugarða og eru ekki til þess ætlaðir.
VI.5	Land og skógur Ketill Sigurjónsson Zephyr Iceland ehf.	Þegar kortið „Takmarkanir vegna vindorku I“ er skoðað, má sjá að langstærstur hluti lands sveitarfélagsins fellur undir takmörkunina. Óljóst er af texta	Orðalag í greinargerð, þar sem segir að taka skuli tillit til tiltekinna svæða, vísar til þess að um viðmið sé að ræða sem eðli máls samkvæmt verði

	Samtök orku- og veitufyrirtækja Qair	greinargerðarinnar og forsendna hvort hér sé um að ræða takmarkanir sem ekki verður vikið frá eða hvort hér sé um stefnu eða viðmið að ræða. Ekki er ljóst, hvað í því felst að „Við staðsetningu vindlunda skal taka tillit til verndarsvæða, lands ofan 300 m hæðar yfir sjó, afmörkunar miðhálandisins, víðerna ofan 300 m h.y.s, mikilvægra fuglasvæða, fjarlægðar frá byggð, línumannvirkjum og vegum. „ Ekki er fyllilega ljóst hvað þarna er átt við með orðalaginu „skal taka tillit til“, Í forsendum og umhverfisskýrslu og þeim myndum sem birtar eru, er hins vegar talað um takmarkanir en það orðalag bendir til þess að tiltekin svæði eigi að vera útilokuð frá þróun vindorku.	útfærð og metin frekar með hliðsjón af einstökum verkefnum, umhverfismati þeirra og rannsókna sem verða gerðar um fýsileika verkefna og áhrif þeirra á náttúru og samfélag. Kafli 5.1. í forsenduhefti: „Niðurstaða kortlagningar á takmörkunum er ekki stefna sveitarfélagsins heldur er henni ætlað að vera þekkingargrunnur til að nýta við ákvarðanir um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu.“ <u>Um fjöllum um ofangreint verður yfirfarin þannig að skýrt sé hver tilgangur með kortlagningu takmarkana sé.</u>
VI.6	Diðrik Vilhjálmsson Halldór Sigurðsson Ketill Sigurjónsson Zephyr Iceland ehf. Þórarinn Skúlason Landvernd Saamtök orku- og veitufyrirtækja. Qair	Athugasemd við að notast sé við viðmiðið 300 m h y.s. fyrir kortlögð svæði sem eru takmarkandi fyrir nýtingu vindorku. 1. Diðrik telur að eðlilegra sé að setja viðmið um endanlega hæð yfir sjó. Í 300 m hæð er vindmylla sem er 250 m á hæð komin í 550 m hæð yfir sjó. 2. Halldór bendir á að rök fyrir viðmið 300 m h.y.s. skorti og fleiri taka undir það og mótmæla að þetta sé takmörkun í skipulaginu. Vill að viðmiðið sé hærra. Er landeigandi að jörð sem er 300 m h.y.s. og þar er verið að undirbúa vindorkuver. Það er í ferli umhverfismati framkvæmda og hefur verið sent rammaáætlun. Fleiri taka undir að viðmið um 300 m h.y.s. sé of takmarkandi og lítt rökstutt. Halldór mótmælir að sett séu hæðarviðmið sem takmarkanir sem er stórfelld takmörkun á eignarréttindum hans og takmarkar atvinnuuppbyggingu. Leggur til að að sveitarstjórn afturkalli umrædda tillögu um hæðarviðmiðun og taki út textann „lands ofan 300 m hæðar yfir sjó“ og „víðerna ofan 300 m h.y.s.“ Ketill hjá Zephyr tekur undir að ekki eigi að miða við 300 m h.y.s. því það setji nýtingu vindorku skorður og sé ósveigjanlegt. Þórarinn gerir athugasemd við að vindmyllur séu hafðar í yfir 300 m hæð og óskar útskýringa. Samtök orku- og veitufyrirtækja draga fram viðmið um takmörkun á svæði sem eru í landhalla yfir 30% og í 300 m. h.y.s. Óljóst er hver grundvöllur þessara viðmiða er og eðlilegra væri að setja slíkt fram sem almennt viðmið frekar en takmörkun. Þannig kunna aðstæður að vera þannig að slík svæði væru ákjósanleg fyrir vindorkunýtingu og rannsóknir á náttúru og samfélagi að sýna fram á að slíkt væri bæði hagkvæmt og æskilegt út frá sjónarmiðum um náttúruvernd, samfélag og byggð. Qair taka undir þetta og benda á að vindorkuver sem fyrirtækið vinnur að undirbúningi að í Norðurárdal yrði fyrir miklum áhrifum ef þessar takmarkanir gilda.	Viðmið um að svæði sem eru yfir 300 m h.y.s. séu takmarkandi er sett fram þar sem það er stefna sveitarfélagsins að svæði yfir þessari hæð henti ekki fyrir vindorkuver. Engin vindorkuver eða vindmyllur eru á aðalskipulagi í yfir 300 m hæð, eða annars staðar í Borgarbyggð. Tekið er undir mikilvægi þess að stjórnvöld klári vinnu við afmörkun víðerna. Niðurstaða kortlagningar á takmörkunum er ekki stefna sveitarfélagsins heldur er henni ætlað að vera þekkingargrunnur til að nýta við ákvarðanir um mögulega nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. <u>Þætt verður við takmörkunum vegna vindorku fyrir strandlengjuna á svæði milli strandar og 115 m með rökstuðningi.</u>

VI.7	Landvernd	Landvernd leggur ríka áherslu á að sveitarfélög aðhafist ekkert hvað varðar áform um skipulag fyrir vindorkuver eða að önnur stærri mannvirkjagerð verði skilgreind meðan ekki liggja fyrir nýjar víðernisskilgreiningar.	Sveitarfélagið Borgarbyggð tekur undir nauðsyn þess að flýta skuli kortlagningu víðerna skv. náttúruverndarlögum.
VI.8	Halldór Sigurðsson Ketill Sigurjónsson	Halldór leggur til að sveitarstjórn taki út svohljóðandi texta: „Vindlundir og/eða hærri stakar vindrafstöðvar verða einungis heimilaðar ef fyrir liggur skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar.“ Það er engin ástæða fyrir sveitarstjórn að afhenda skipulagsvald sitt gagnvart vindorku sérstaklega með þessum hætti til Rammaáætlunar umfram það sem löggjafinn kann að mæla fyrir um hverju sinni. Ketill bætir við að með því að binda hendur sínar við rammaáætlun þá skerði sveitarfélagið möguleika sína til sjálfstæðrar ákvarðanatöku.	Það er stefna sveitarstjórnar að vindorkuver eða stærri stakar vindrafstöðvar verði einungis heimilaðar ef fyrir liggur skilgreining svæðis í nýtingarflokki rammaáætlunar. Þá er rammaáætlun bindandi fyrir sveitarfélög og þeim skylt að innleiða stefnu rammaáætlunar í aðalskipulag. Skv. landsskipulagsstefnu þá skulu sveitarfélög marka í aðalskipulagi stefnu um vindorku.
VI.9	Diðrik Vilhjálmsson Málfríður Kristjánsdóttir Laufey Valsteinsdóttir, Þorsteinn og Guðjón – Kvíum Sigurður Hjarðar Leópoldsson Guðrún Jónsdóttir Eiður Ólason Glitstöðum Guðrún Sigurjónsdóttir	Athugasemd við takmarkanir vegna vindorku og fjarlægðir. Því er mótmælt að stuðst sé við að viðmiðið fyrir fjarlægð frá byggð sé fjórföld hæð vindmylla fyrir kortlögð svæði. 1. Miða eigi við a.m.k. 5 km fjarlægð frá byggð. 2. Miða ætti við 8-10x hæð vindmylla. 3. Miða ætti við 10 eða 15x hæða spaðatopps í hæstu stöðu Skoða ætti að setja inn takmarkanir inn á kortlagningu vegna vindorku á lóðamörkum. Lög gera ráð fyrir að a.m.k. 5 km áhrifasvæði óbyggðra víðerna séu látin ósnert. Eftir þessu er ekki farið í breytingatillögu á aðalskipulaginu. Vindorkuver eiga ekki heima í sjónlínu við Baulu.	Kortlagning takmarkana við byggð miðar við fjórfalda hæð vindmylla eða 1 km og er það viðmið sótt í heimildir um öryggisfjarlægðir við vindmyllur. Áhrif sýnileika á byggð og nálægð við byggð þarf að meta fyrir hvern kost fyrir sig og er um það fjallað í vinnslutillögu. Niðurstaða kortlagningar á takmörkunum er ekki stefna sveitarfélagsins heldur er henni ætlað að vera þekkingargrunnur til að nýta til að taka ákvörðum um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu, komi fram óskir um það. Engir vindorkugarðar eru á skipulagi innan 5 km áhrifasvæðis óbyggðra víðerna. Kortlagningu víðerna skv. náttúruverndarlögum er ekki lokið og er ábyrgð á því hjá stjórnvöldum.
VI.10	Málfríður Kristjánsdóttir	Athugasemd er gerð við að kortlagning takmarkana vegna vindorku geri ráð fyrir að heimila megi vindorkuver utan þeirra svæða sem takmarkanir ná yfir.	Kortlagning takmarkana er greining sem er gerð til að fyrir liggi upplýsingar um þætti sem geta takmarkað nýtingu vindorku. Þessi gögn eru nýtt við stefnumörkun sveitarfélagsins og geta nýst ef leitað er til sveitarfélagsins um að setja vindorkuver inn á aðalskipulag. Stefna sveitarfélagsins um hvar vindorkuver eru heimiluð kemur fram á skipulagsuppdætti. Tillagan gerir ekki ráð fyrir neinum landnotunarreitum fyrir vindorkuver. Allar ákvarðanir um framtíðarsvæði fyrir vindorkuver í Borgarbyggð, verða teknar út frá skoðun á hverjum kosti fyrir sig, og engin stefna liggur fyrir um að heimila megi vindorkuver utan þeirra svæða sem takmarkanir ná yfir.
VI.11	Málfríður Kristjánsdóttir	Pólitískur þrýstingur hefur verið á að vindorkuver verði reist í Norðurárdal/Þverárhlið og sveitastjórnarmenn skýla sér bak við niðurstöðu væntanlegrar rammaáætlunar. Áhrif vindorkuvers allt að 100 MW hefur gífurleg áhrif á nærumhverfið, íbúa og atvinnulíf. Þrátt fyrir öflug andmæli íbúa og landeigenda heldur sveitafélagið þessum möguleika opnum. Það er krafa að mörk vindorkuvers frá byggð verði að minnsta kosti 5 kílómetrar. Stefna Borgarbyggðar verður að vera skýr og að landeigendur geti ekki gert hvað sem	Vinnslutillaga setur ekki fram stefnu um að vindorkuver verði reist í Norðurárdal/Þverárhlið. Ef fram koma tillögur um vindorkuver þá verða umhverfisáhrif þeirra metin í umhverfismatsskýrslu.

		er á sínum jörðum skaði það heilsu og eignir á næstu bæjum eða hafi mikil neikvæð áhrif á atvinnustarfsemi.	
VI.12	Málfríður Kristjánsdóttir	7.6. Ekki er tekið fram hvort heimilt verður að staðsetja iðnaðarsvæði á jarðamörkum? Má t.d. reisa vindmyllur á jarðamörkum ? Skilgreina þarf nánar hvernig landsvæði henta sem iðnarsvæði.	Sett er stefna um: Umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér er vandlega ígrunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru. Ný iðnaðarsvæði eru kynnt skv. skipulagslögum og umhverfisáhrif staðsetningar þeirra metin í umhverfismatsskýrslu. Vel getur átt við að staðsetja iðnaðarsvæði á jarðarmörkum, sérstaklega þegar landeigandi eða framkvæmdaraðili óskar eftir því að iðnaðarsvæði sé skilgreint. Í vinnslutillögu er heimild til að reisa stakar vindmyllur á skilgreindum iðnaðarsvæðum og settir um þær skilmálar um fjarlægð frá byggingum á nágrennajarðum, háspennulínunum, tengivirkjum, helstu vegum, og að þær séu ekki heimilar innan friðlýstra svæða.
VI.13	Málfríður Kristjánsdóttir	8.6 Varúðarsvæði. Athuga þarf hvort Norðurárdalur og Þverárlíð falli undir þennan líð á skipulagstímanum.	Í rammaáætlun eru engir virkjanakostir í biðflokki og því á ekki við að setja inn varúðarsvæði. Það getur mögulega breyst á skipulagstímanum og verður þá, eftir atvikum, gerð breyting á aðalskipulagi.
VI.14	Málfríður Kristjánsdóttir	Vinsamlegast hættið að nota fegrandi orð eins og vindlundur og vindgarður um vindorkuver.	<u>Texta verður breytt og notað vindorkuver.</u>
VI.15	Ketill Sigurjónsson – Zephyr Iceland	Leggur til að í stað tilvitnunar í drögum að tillögu að nýju aðalskipulagi um fjölbreyttar takmarkanir vegna vindorku segi t.d. eftirfarandi, sem lýsir hagsmunum sveitarfélagsins í hnotskurn: Við staðsetningu vindlunda skal taka tillit takmarkana sem leiða af lögum. Við ákvarðanir um nýtingu vinds til raforkuframleiðslu innan sveitarfélagsins skal sérstaklega hafa í huga sýnileika mannvirkja og ábata samfélagsins	Þakkað er fyrir ábendinguna en hún leiðir ekki til breytinga.
VI.16	Landsnet	Vindorka í kafla 1.1. Tveir skýringaruppdráttir varða takmarkanir vegna vindorku. Á öðrum þeirra eru sýnd 100 m svæði umhverfis loftlínur. Í kafla 7.6 um iðnaðarsvæði eru settir skilmálar um byggingu vindmylla og þar segir að vindmyllur séu heimilar á iðnaðarsvæðum. Einnig að þær skulu ekki vera nær háspennulínunum og tengivirkjum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar. Óljóst er hvaða stöðu upplýsingar á skýringaruppdráttum hafi varðandi stefnu skipulagsins og hvort aðalskipulagið heimili vindmyllur nær háspennulínunum en 100 m. Landsnet vekur athygli á helgunarsvæðum háspennulína en þar gildir byggingarbann og framkvæmdir eru takmörkunum háðar. Landsnet telur að setja þurfi ákvæði í aðalskipulagið um að meta þurfi í hverju tilviki fyrir sig hvort möguleg vindmylla eða vindorkuver geti haft áhrif á raforkuflutning og rekstur háspennulína á svæðinu. Horfa þarf til þátta sem geti haft áhrif á rekstur lína og mastra, svo sem mögulegt ískast og myndun vindstrengja frá vindmyllunum.	Aðalskipulagið heimilar eingöngu stakar vindmyllur á iðnaðarsvæðum skv. nánari almennum skilmálum þar um. Í ljósi umsagnar Landsnets er eftirfarandi viðbót við almenna skilmála fyrir iðnaðarsvæði: „Vindmyllur skulu ekki vera nær háspennulínunum, tengivirkjum, helstu vegum en sem nemur heildarhæð vindmyllunnar. <u>Byggingarbann er innan helgunarsvæða háspennulína.</u>“ Aðrir þættir sem Landsnet fjallar um eiga við um umfjöllun þegar ákvörðun er tekin um vindorkuver til að mynda í umfjöllun í deiliskipulagi, umhverfismati áætlana eða framkvæmda.

		Tryggja þarf að við endanlega verkhönnun vindmyllanna þarf að vera búið að ganga úr skugga um að tilhögun vindmyllanna ógni ekki afhendingaröryggi og að persónuöryggi verði tryggt á framkvæmda- og rekstrartíma þeirra, sem eru atriði sem þarf allavega að liggja fyrir við deiliskipulag vindorkugarða.	
VI.17	Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni	Sem eigandi jarðarinnar Hlöðutún og félagsmaður í Veiðifélagi Norðurár leggst ég alfarið gegn öllum hugmyndum um vindmyllur í landi Hvamms og Hafþórsstaða í Norðurárdal og Sigmundarstaða í Þverárhlíð.	Ekki eru afmörkuð svæði í vinnslutillögu fyrir vindorkuver.
VI.18	Veiðifélag Norðurár – Guðrún Sigurjónsdóttir Brynjólfur Guðmundsson Hlöðutúni Georg Magnússon, Steinunn Júlía Steinarsdóttir Norðtungu	Vekja athygli á áskorun aðalfundar Veiðifélags Norðurár frá 15. apríl sl. til Borgarbyggðar þar sem segir m.a. að aðalfundur veiðifélags Norðurár skorar á sveitarstjórn Borgarbyggðar að leggjast alfarið gegn öllum áformum um vindorkuver í Norðurárdal og Þverárhlíð og heimila ekki framkvæmdir við mælímastur á Grjóthálsi þar sem slíkt mastur væri umfangsmikið mannvirki og náttúrulýti, auk þess sem framkvæmdin væri kostnaðarsöm og myndi kalla á áframhaldandi skuldbindingu og aukna kröfu um byggingu vindorkuvers. Aðalfundur Veiðifélags Norðurár mótmælir harðlega öllum áformum um stóriðju í vindorku á áhrifasvæði árinna. Áin er heimspekt náttúruþerla í miðju friðlýstra náttúruinja. Enda talin ein fegursta laxveiðiá Evrópu sem enn fóstur hinn einstaka villta lax úr Norður Atlantshafi allt frá upptökum á Holtavörðuhéi til sjávar. Áin hefur í á aðra öld verið viðkvæmt og náttúrutengt ferðaþjónustusvæði. Að breyta umhverfi Norðurár í iðnaðarsvæði undir orkuver og nærliggjandi landsvæðum í áhrifasvæði fyrir stóriðju myndi stórkaða náttúrutengda atvinnustarfsemi Norðurár og gjörbylta þeirri upplifun sem við og gestir okkar njóta við þessa einstöku veiðiperlu. Slík stóriðja hefði áhrif á náttúru, lífríki, útsýn, ásynd og orðspor Norðurár. Hlutverk Veiðifélags Norðurár er að standa vörð um þá hagsmuni og um náttúrulegt umhverfi árinna.	Heimild fyrir mælímastur á Grjóthálsi er ekki ákveðin í aðalskipulagi. Í aðalskipulaginu er mörkuð almenn stefna um hvað þarf að skoða í tengslum við möguleg vindorkuver og hvaða takmarkanir á landnotkun þarf að hafa í huga. Stefna í gildandi skipulagi heimilar að sett séu upp rannsóknarmöstur í samræmi við framkvæmdaleyfi- og/eða byggingarleyfi. Ekki eru heimiluð vindorkuver í aðalskipulaginu.
VI.19	Náttúrustofa Vesturlands Fuglavernd – Hólmfríður Arnardóttir Guðrún Jónsdóttir Náttúrufræðistofnun	Ekki komi til greina að setja upp vindorkuver á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Ekki ætti að leyfa uppbyggingu vindorkuvers á friðlýstum svæðum og svæðum á B-hluta náttúruinjasrár, samkvæmt tillögum Náttúrufræðistofnunar. Lagt er til að svæði sem mögulega kæmu til greina fyrir vindorkuver verði skilgreind mjög þröngt og út frá hagsmunum náttúrunnar og komandi kynslóða. Af þeim sökum ætti ekki að koma til greina að finna þeim stað á því svæði sem Náttúrufræðistofnun kallar „Mýrar-Löngufjörur“ og metur að njóta ætti friðunar, skv. tillögum stofnunarinnar að B-hluta náttúruinjasrár. Þar að auki er svæðið alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og vel er þekkt að fuglalífi getur stafað veruleg hættu af illa staðsettum vindorkuverum. Í þessu tilfelli á það sérstaklega við um arnarstofninn, sem er mjög lítill stofn í viðkvæmri stöðu og með takmarkaða fjölgunargetu. Mýrar-Löngufjörur er eitt af mikilvægustu svæðum landsins fyrir hafni. Vindorkuver munu mögulega takmarka enn getu stofnsins til að jafna sig eftir þá dýfu sem stofninn tók á síðustu öld og bætist ofan á aðrar ógnir sem stofninn stendur frammi fyrir, t.d. vegna áflugs á raflínur.	Stefna Borgarbyggðar skv. kafla 4.4. kemur inn á mikilvæg fuglasvæði: „Við staðsetningu vindlunda skal taka tillit til verndarsvæða, lands ofan 300 m hæðar yfir sjó, afmörkunar miðhálendisins, víðerna ofan 300 m h.y.s, mikilvægra fuglasvæða, fjarlægðar frá byggð, línumannvirkjum og vegum.“ Kortlagning vistgerða sem takmarkana á betur við þegar skoðuð eru minni svæði en heil sveitarfélög. Almenn er rík umfjöllun um vistgerðir með hátt verndargildi þegar skoðuð eru minni svæði. Í vinnslutillögu er stefnumörkun um að vernda mikilvægar vistgerðir. Svæðinu Mýrar-Löngufjörur verður bætt við takmarkanir og sú viðbót rökstudd með vísun í tillögu að B-hluta náttúruinjasrár. Sjá kortasjá Náttúrufræðistofnunar .

		Náttúrufræðistofnun bendir á að í drögum að stefnumörkun stjórnvalda hefur verið skýrt áhersluatriði að taka eigi tillit til þess að vindorkuver geti ógnað fuglalífi, og að skilgreina þurfi þau svæði þar sem fuglalíf er sérstaklega viðkvæmt eða verðmætt og forðast uppbyggingu vindorkunýtingar á þeim svæðum. Náttúrufræðistofnun telur því sæta mikilli furðu að ákveðið hafi verið að undanskilja fugla, og í raun lífríki og verndargildi þess almennt, sem lykilviðmið í þessari kortlagningu í Borgarbyggð. Til viðbótar við búsvæði fugla ætti einnig að taka tillit til vistgerða sem metnar eru með mjög hátt verndargildi s.s. ýmsar votlendis-, kjarrlendis-, ferskvatns- og fjöruvistgerðir sem hlífa ætti við raski af þeim toga sem uppbygging vindorkuvera hefur alla jafna í för með sér.	
VI.20	Umhverfisstofnun	Vindorka. Áhrifaþættir eru fjölmargir. Benda á að þar sem mest áhrif vindmylla er ásynd að hugað sé að 54. gr. náttúruverndarlaga. Því getur vindorkuver í nálægð við Eldborg sem er friðlýst sem náttúruvætti rýrt verndargildi náttúruvættisins.	Ekkert vindorkuver er á skipulagi í nálægð við Eldborg. Í vinnslutillögu er fjallað um að sjónræn áhrif séu einn af þeim þáttum sem þarf að skoða í tengslum við ákvarðanir um vindorkuver.
VI.21	Árni Brynjar Bragason Þorgautsstöðum Umhverfisstofnun Náttúrufræðistofnun	Árni Brynjar gerir athugasemd við eftirfarandi málsgrein á bls. 12 í aðalskipulagstillögunni: "Virkjanir í Hvítá eru til skoðunar, t.d. virkjanakostur við Kljáfoss og rennslisvirkjanir víðar við ána. Þessar virkjanahugmyndir eru ekki í gildandi rammaáætlun og ekki er fjallað um neina virkjanakosti í Borgarbyggð í henni." Sem ábúandi að Þorgautsstöðum 2 vil ég lýsa áhyggjum af því ef hér er átt við um 50 ára gamlar hugmyndir um virkjun Hvítár við Kljáfoss sem myndu hafa verulega neikvæðar afleiðingar fyrir þessa bújörð ef farið yrði að huga að þessum gömlu hugmyndum. Vera kann að nú sé verið að skoða aðrar og eitthvað áhrifaminni útfærslur. Hvítá rennur í mjög vel afmörkuðum farvegi frá því að hún kemur niður í Haukagils-land og a.m.k. niður fyrir land Síðumúlaveggja svo miðað sé við norðurbakkann. Þó verulega vaxi í ánni verður mjög sjaldan einhvert tjón af því sem heitið getur á þessum slóðum. Þar sem landið hækkar hægt inn til landsins á þessum slóðum gætir áhrifa stíflu í ánni fljótt nokkuð langt og því meira auðvitað sem stíflan væri hærri. Hækkun á vatnshæð út frá stíflu við Kljáfoss myndi fyrst hafa áhrif nærri húsum og bæ hér á Þorgautsstöðum 2 og á land sem er mikilvægt vegna búskapar. Almennt er undirlendi á bújörðum í Hvítársíðu ekki mikið þannig að hækkun á vatnshæð í ánni fer fljótt að hafa verulega neikvæð áhrif á búskaparaðstæður, þó það sé misjafnt milli jarða. Ég vil með þessari athugasemd mótmæla því að verið sé að eiga við vatnshæð í Hvítá með virkjun þannig að það hafi áhrif á land Þorgautsstaða 2. Mitt mat er að Hvítá sé héraðinu verðmætust alveg óskert og fái að njóta sín áfram eins og hún er sem móðurá héraðsins. Falleg sveit með jafn heillega búsetu og er enn hér í Hvítársíðu er mjög verðmæt og allt sem spillir bæði búsetuskilyrðum og náttúrufegurðinni er mjög umhugsunarvert og getur verið óafturkræft.	Það eru lagðar til nýjar virkjanir í Hvítá og Geitá í vinnslutillögu aðalskipulagsins. <u>Borgarbyggð mun fara yfir þá kosti áður en aðalskipulagstillaga verður auglýst og mun þá rökstyðja þar niðurstöðu sína.</u> Í umfjöllun í forsendum er fjallað um gamlar virkjanahugmyndir m.a. virkjun við Kljáfoss, en sú virkjun er ekki í aðalskipulagstillögu.


		Virkjanir í Geitá og Hvítá. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sveitarfélagið setji fram skipulagsáætlun sem mun ekki rýra verndargildi friðlýstra svæða. Auk þess bendir stofnunin á að stofnunin mun ekki veita leyfi til framkvæmda sem rýra verndargildi friðlýstra svæða. Einnig segir í greinargerð að áhrif virkjunarinnar á samfélag eru jákvæð þar sem nýjar virkjanir stuðla að jafnara aðgengi að orku um landið. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að ná fram þeim markmiðum sem sveitarfélagið setur sér án þess að rýra verndargildi friðlýstra svæða. Því vill Umhverfisstofnun hvetja sveitarfélagið til að skoða aðra valkosti í áframhaldandi vinnu. Náttúrufræðistofnun bendir á að mikilvægt sé að lagt sé greinargott mat á umhverfisáhrif þessara virkjana skv. lögbundnu ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og að framkvæmd sé fyrirspurn um matsskyldu. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að báðar virkjanir eru innan eða í jaðri friðlandsins Geitland.	
VI.22	Qair	Qair ítrekar að allar takmarkanir sem felast í afmörkun verndarsvæða, þar sem rekstur vindorkuvera er óheimill, styðst ekki við sérstaka lagaheimild. Í lögum er að finna dæmi um heimilt sé, og eftir atvikum skylt, að skilgreina sérstök verndarsvæði, s.s. lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð og lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Enginn sambærilegur grundvöllur er fyrir skilgreiningu sérstakra verndarsvæða sem takmarka nýtingu vindorku, hvorki almennt né á grundvelli þeirra sérstöku takmarkana sem lagt er upp með í fyrirbyggjandi tillögu að nýju aðalskipulagi.	Kortlagning takmarkana er greining sem er gerð til að fyrir liggi upplýsingar um þætti sem geta takmarkað nýtingu vindorku. Þessi gögn eru nýtt við stefnumörkun sveitarfélagsins og geta nýst ef leitað er til sveitarfélagsins um að setja vindorkuver inn á aðalskipulag. Tillagan gerir ekki ráð fyrir landnotkunarreitum fyrir vindorkuver.
VE	Vegir í náttúru Íslands		
VE.1	Gréta Hlín Sveinsdóttir	Vegir í náttúru Íslands, leið sem merkt er sem Brennistaðir náma er ekki vegur í náttúru Íslands. Óskað eftir að hún verði felld út.	<u>Verður felld út.</u>
VE.2	Skipulagsstofnun	Vegir í náttúru Íslands. Vakin er athygli á þeim samráðsaðilum sem hafa skal samráð við gerð vegaskrárinnar.	Gerð er grein fyrir samráði við flokkun vega í greinargerð um flokkunina. Flokkun veganna var t.a.m. send samráðsaðilum á kynningartíma vinnslutillögu.

VE.3	Vegagerðin vestursvæði	Benda á að útfærsla allra tenginga við þjóðvegi er háð samþykki Vegagerðarinnar og skulu þær uppfylla kröfur veghönnunarreglna. Taka þarf tillit til samþykktra tenginga hvað varðar umferðaröryggi, svo sem vegna umferðarmerkja, vegmerkinga og fleiri þátta. Skrá yfir vegi í náttúru Íslands þarf að vera þannig úr garði gerð að einungis verði sýndar tengingar við þjóðvegi sem hlotið hafa samþykki Vegagerðarinnar. Settur er fyrirvari við allar tengingar, að mögulega þurfi að breyta þeim, færa eða loka. Vegagerðin óskar eftir að fá hver og ein vegamót sem fyrirhugað er halda opnum til umsagnar og samþykktar, og óskar eftir fundi. Varðandi uppbyggingu gagna skal við gerð tillögu að skrá um vegi í náttúru Íslands fara eftir leiðbeiningum sem Skipulagsstofnun hefur gefið út: „Vegir í náttúru Íslands - Um gerð vegaskrár og högun og skil á gögnum“. Tillaga Vegagerðarinnar um fyrirvara, sem væri samhljóða á þemauppskrá og í greinargerð: "Tillaga sveitarfélags um vegi í náttúru Íslands er háð þeim fyrirvara að hver og ein tenging við þjóðveg er háð samþykki Vegagerðarinnar". Allar tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum. Nauðsynlegt er að heimild Vegagerðarinnar liggja fyrir áður en tengingar eru færðar inn á aðalskipulagstillögu.	Flokkun vega í náttúru Íslands var send til Vegagerðarinnar til umsagnar um leið og vinnslutillaga var í kynningu. Allar ábendingar við vegaskrá eru vel þegnar, þar með talið upplýsingar um hvaða tengingar Vegagerðin hefur samþykkt, ef þær upplýsingar liggja fyrir. Skrá yfir vegi í náttúru Íslands er unnin í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar og sett fram á stafrænan hátt skv. leiðbeiningunum. Fyrirvarar sem Vegagerðin leggur til verða settir samhljóða á þemauppskrátt og í greinargerð með flokkun vega: „<u>Tillaga sveitarfélags um vegi í náttúru Íslands er háð þeim fyrirvara að hver og ein tenging við þjóðveg er háð samþykki Vegagerðarinnar.</u>“ Í athugasemdaeigind í landupplýsingagögnum verði skráð fyrir alla vegi sem tengjast þjóðvegum: "<u>Fyrirvari um að tenging við þjóðveg sé heimil af hendi Vegagerðarinnar</u>". Fundað var með Vegagerðinni 16. janúar 2025 í kjölfar umsagnar. Vegaskráin er unnin í samræmi við leiðbeiningarnar og skilað inn á þar til gerðu sniðmáti.
VE.4	Landsnet	Flokkun vega í náttúru Íslands. Samhliða endurskoðun aðalskipulagsins, auglýsir Borgarbyggð einnig vegaskrá. Landsnet er að undirbúa vinnu við skrásetningu vegslóða við línur fyrirtækisins og mun koma þeim á framfæri við Borgarbyggð, þegar sú skráning liggur fyrir.	Línuvegir eru hluti af vegum í náttúru Íslands og eru flokkaðir í vinnunni, eftir því sem upplýsingar liggja fyrir. Skrá yfir línuvegir hefur borist frá Landsneti og verður horft til hennar.
VE.5	Þórarinn Skúlason	Taka út afleggjara að fjósinu. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr. 33. 	<u>Verður gert.</u>
VE.6	Guðmundur Ebenezer Guðjónsson – Grjót	Grjótsvegur var felldur af vegaskrá árið 2007 og hefur síðan verið einkavegur. Hann er reiðleið og meðan fært er opin innansveitarumferð og staðkunnugum og vel búnum bílum. Eigendum Grjóts finnst það rétt greining á Grjóthálsinum og sá vegur verði hluti af vegakerfinu sem vegur í náttúru Íslands og birtur á stafrænum kortum sem slíkur. Það sem þarf að gera er að merkja þennan veg vel sem slíkan og meta hann í samráði við landeigendur og staðkunnunga í	<u>Fært verður inn í upplýsingar um Grjóthálsveg: „Umferð háð færð og heimild landeiganda/vegvaldara. Vegurinn er einnig reiðleið og er opin innansveitarumferð og staðkunnugum meðan fært er.“</u>

		réttan flokk. Teljum við það vera verkefni Borgarbyggðar í samráði við landeigendur. Vilja landeigendur á Grjóti auka aðgengi að náttúru Íslands og teljum við þennan veg vera part af því. Gríðarlegir möguleikar liggja í ósnertri náttúru Grjóthálsins með veginum og þannig vonum við að bæði heimamenn og ferðamenn fái að njóta hans.	
VE.7	4x4 Snædís Arnardóttir	Uxahryggjavegur. Ferðaklúbburinn 4x4 kemur hér á framfæri að við endurbætur og færslu á veginum þurfi klúbburinn og fleiri útivistarfélög að fá tækifæri til umsagna. Vegurinn er hluti af leiðum upp að Skjaldbreiðar svæðinu og Langjökli gegnum Kaldadal. Þetta eru mikið sóttar leiðir fyrir margskonar útivistarhópa, sérstaklega vélknúin öku- og torfærutæki í snjó. Þá má nefna að færð á þessum vegum getur hratt orðið erfið, en fær betur búnari farartækjum. Þess vegna er mikilvægt að huga að getu ökutækja ef ekki tekst að hafa leiðina greiðfæra yfir vetrartíð, frekar en að beita allsherjar lokun.	Klúbburinn og útivistarfélög fengu tækifæri til umsagna um vinnslutillögu og á auglýsingatíma skipulagstillögu gefst aftur tækifæri til að senda inn umsögn. Ferðafélag Borgarfjarðar, Samút, Ferðafélagið Útivist og Ferðafélag Íslands eru sérstaklega á lista yfir umsagnaraðila og fá beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að meta þurfi umhverfisáhrif af færslu vegarins og verður hægt að senda inn umsagnir í tengslum við vinnsluferli þess. Lokanir vegarins eru á forræði Vegagerðarinnar.
VE.8	4x4 Snædís Arnardóttir	Aðrir slóðar. Við lestur og yfirferð á korti sem fylgdi með var ekki sjáanlegt að slóða vantaði inn á kortið en það er erfitt að lesa úr þessum málum á svo skömmum tíma sem við höfðum til yfirlestrar. Þó tókum við eftir að það vantaði inn nokkrar tengingar við slóða sem lágu utan við skipulagssvæðið eða á mörkum þess og að einhverjum hluta innan. Við teljum mjög mikilvægt að haft verði víðtækt samráð við útivistarfólk til að tryggja aðgengi og sátt um það.	Tekið er undir að víðtækt samráð er mikilvægt. Athugasemdafrestur við vinnslutillögu var 7 vikur. Bent er á að vegir í náttúru Íslands voru sýndir í sérstakri kortasjá sem var aðgengileg í gegnum Skipulagsgáttina. Í kortasjónni var mögulegt að skoða vegina og flokkun þeirra ýtarlegar heldur en á skýringarupprætti sem fylgir með aðalskipulaginu. Þar var opið fyrir athugasemdir sjá á þessum hlekk hér. á vinnslutíma aðalskipulagstillögu. Borgarbyggð hvetur aðila til að koma með athugasemdir.
VE.9	Samút – Sveinbjörn Halldórsson	Vegir í náttúru Íslands. Óskað er eftir skýringum á orðalagi að vegir utan heimalands bújarða verði ekki opnaðir nema með heimild landeigenda. Hér þarf einnig að taka tillit til aðstæðna eða umferðar útivistarfólks, veiðimanna og annarra sem þurfa að fara um tiltekna vegi, en þetta er grundvallarþáttur í aðgengi almennings að náttúru landsins.	Í greinargerð um vegi í náttúru Íslands segir: „Samkvæmt ákvæðum laga um náttúruvernd má líta svo á að allur akstur utan heimalands bújarða sé óheimill, nema á skilgreindum og skráðum vegum eða slóðum í vegaskrá fyrir vegi í náttúru Íslands. Jafnframt má líta svo á að veghaldara/land-eiganda sé heimilt að banna eða takmarka umferð óviðkomandi um tiltekna leiðir.“ Orðalagið er túlkun á ákvæðum í lögum um náttúruvernd en sjálfsagt er hægt að túlka þau á ýmsan máta. Ekki er verið að halda því fram að vegir utan heimalands bújarða verði ekki opnaðir nema með heimild landeigenda.
VE.10	Samút – Sveinbjörn Halldórsson 4x4 Snædís Arnardóttir	Samút óskar eftir að sveitarfélagið kalli fulltrúa Samút til þegar farið verður yfir slóðamál og vegi utan alfaraleiðar. 4x4 telja mjög mikilvægt að haft verði víðtækt samráð við útivistarfólk til að tryggja aðgengi og sátt um það	Samút og 4x4 eru umsagnaraðilar um drög að tillögu að vegum í náttúru Íslands og var þess vegna óskað sérstaklega eftir umsögnum frá þeim. Bent er á að vegir í náttúru Íslands eru sýndir í sérstakri kortasjá sem er aðgengileg í gegn um kynningu vinnslutillögu í Skipulagsgáttinni. Þar er opið fyrir athugasemdir sjá á þessum hlekk hér. á vinnslutíma aðalskipulagstillögu. Borgarbyggð hvetur aðila til að koma með athugasemdir. Allar ábendingar um slóða eða vegi eru velkomnar.

VE.11	Samút – Sveinbjörn Halldórsson	Göngu- hjóla og reiðleiðir. Gleysmist alveg að til eru aðilar sem vilja stunda sína útivist á hálendinu. Hjólreiðar eru mikið stundaðar af stórum hópi fólks sem þykir gaman að ferðast um hálendi og torfærari leiðir. Til er fólk sem nýtur þess að fara í hestaferðir um hálendið. Stór hópur sem nýtur þess að ferðast um hálendið ríðandi, skíðandi, hjólandi, gangandi, hlaupandi eða með vélknúinni umferð. Það þarf að tryggja aðkomu þessara hópa og um leið þær fornu leiðir sem farnar hafa verið á milli landsbyggða um öróf alda.	Ekki er tekið undir að þeir sem vilja stunda útivist á hálendinu hafi gleymst. Fjöldi göngu- og reiðleiða er á aðalskipulaginu, bæði í byggð og á hálendi. Þá er mögulegt að hjóla um þá vegi og slóða sem eru opnir fyrir umferð.
VE.12	Samút – Sveinbjörn Halldórsson	Hálendið. Í skilgreiningu er eingöngu minnst á ferðapjónustu og við lesturinn er eins og íslenskt ferðafólk á eigin vegum sé ekki velkomið. Lítur á þetta sem misskilning og reiknar með að skilgreiningar um skála og aðra þjónustu snúi að almennu ferðafólki en ekki eingöngu að styrkingu ferðapjónustu á svæðinu.	Umfjöllun um ferðapjónustu og ferðafólk nær til allra sem ferðast um Borgarbyggð, óháð þjóðerni og ferðamáta.
VE.13	Samút – Sveinbjörn Halldórsson	Það gleymist oft við skipulagningu á hálendinu að það eru aðrir en landeigendur með þekkingu á hálendinu og þeim svæðum sem verið er að skilgreina. Útivistarfolk hefur notið þessara svæða í langan tíma allan ársins hring. Gott samstarf er nauðsynlegt og hefur það sýnt sig í þeirri uppbyggingu sem hefur verið á hálendinu í samstarfi við útivistarfélagin.	Sveitarfélagið er meðvitað um að það eru margir með þekkingu á hálendi Borgarbyggðar og vill eiga sem best samstarf við alla. Sveitarfélagið fagnar því að almenningur sendi inn umsagnir við vinnslutillöguna og á auglýsinga-tíma aðalskipulagsins þegar þar að kemur. Til þess að vekja athygli útivistarfólks á kynningu aðalskipulagstillögu er beiðni um umsögn send t.d. Samút.
VE.14	Umhverfisstofnun	Vegir í náttúru Íslands. Á korti er gert ráð fyrir vegum um Húsafellsskóg. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þessir „slóðar“ hafa verið nýttir sem göngu – og reiðleiðir og ætti því ekki að setja hann á vegaskrá. Því þyrfti að vera rök fyrir því að skilgreina vegi innan og í gegnum skóginn. Umsagnir – Samþykki. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin er hér með að veita umsögn varðandi drög að vegum sem liggja innan eða við friðlýst svæði og með þessari umsögn er stofnunin ekki að veita samþykki fyrir henni. Vegaskrá er háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar um er að ræða landsvæði sem liggja innan friðlýstra svæða sbr. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013.	Gott væri að fá yfirferð staðkunnugra á slóðum í Húsafellsskógi. Það er rétt að hluti þeirra er göngu- og reiðleiðir og væri gott að taka þá út úr tillögu um vegi í náttúru Íslands. Hins vegar er ekið um hluta þeirra en upplýsingar vantar um hverja er ekið og hverja ekki.
VE.15	Guðrún Sigurjónsdóttir	Svartagilsvegur (leiðin milli Norðurárdals og Þverárhliðar fyrir Hallarmúlann) er ófær og viðhaldi vegarins hefur ekki verið sinnt svo árum skiptir. Eftir sem áður er vegurinn merktur á stafrænum kortum og kemur oft upp sem styðsta leið milli staða. Á hverju ári lenda vegfarendur þarna í því að festa og skemma bíla. Nú þarf annað hvort að taka þennan veg útaf öllum kortum eða og það sem við viljum sjá gerast að farið verði í viðræður við landeigendur á þessari leið um hvort og hvernig megi gera hana færa á ný. Frá Svartagilsvegi er gífurlega fallett og mikið útsýni en auk þess styttr leiðin mikið vegalengdir hér innan uppsveitasamfélagsins. Eigendur jarðarinnar Svartagils lýsa sig tilbúna til þess konar viðræðna.	Vegurinn er kortlagður og flokkaður sem vegur í náttúru Íslands. Vegurinn gegnir að norðan og sunnan hlutverki aðkomuvegar að lóðum fyrir frístundahús og er á þeim köflum í ágætu ástandi. <u>Upplýsingum um þann hluta vegarins sem er þar á milli verður breytt og hann færður í flokk torfærra vega.</u>
VE.16	Umhverfisstofnun	Sérstök vernd náttúruverndarlaga. Oft eru lagðar fram skipulagsáætlanir þar sem virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun. Umhverfisstofnun vill m.a. benda á nokkur svæði þar sem rask verður á hrauni eins og frekari uppbygging við Bifröst ÍB801, ÍB803 og S801. Ef sveitarfélagið skilgreinir landnotkunarreit í skipulagsáætluninni þar sem eru vistkerfi og/eða jarðminjar	Uppbygging við Bifröst ÍB801, ÍB803 og S801 er samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Sveitarfélagið er því ekki að skilgreina þessi svæði inn á aðalskipulag nú og á bak við þá ákvörðun að gera það á sínum tíma er einhver saga. Hver sem sú saga er þá er það vilji sveitarfélagsins að Grábrók og Grábrókarhraun, svæði frá Hreðavatni að Munaðarnesi sé hverfisverndað

		sem njóta sérstakrar verndar og þeim raskað þarf að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta rask á vistkerfum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar Því eru sértæk ákvæði sem segir að forðast rask eins og kostur er ekki í samræmi við ákvæði laganna, sem dæmi varðandi Hverfisverndarsvæði HV2 segir: Á þessum svæðum skal þess gætt að byggingarframkvæmdir leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sem er ekki í samræmi við ákvæði laganna. Líklegt er að framkvæmir á hverfisverndarsvæðinu hvort sem að er vegagerð, íbúðarhús eða frístundabyggð mun valda töluverðu raski. Fjallað er um svæði sem njóta sérstakrar verndar í 6.3. gr. og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um takmarkanir á landnotkun. Í 6.3. gr. segir: e. Önnur náttúruvernd (ÖN) Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.	með þeim skilmálum sem um getur fyrir svæði HV2. Í skilmálum hverfisverndar er vísað í lög um náttúruvernd og fjallað um svæði sem njóta sérstakrar verndar.
SA	Samgöngur		
SA.1	Isavia	Engar athugasemdir sem snúa að flugvöllum og hindranaflötum flugvalla.	Kallar ekki á viðbrögð.
SA.2	Isavia	Benda á að ástæða gæti verið til að skoða stefnu varðandi þyrluflug, landingarstaði og þjónustu fyrir þyrlur.	Stefna í aðalskipulagi horfir til þess að núverandi flugvellir og landingarstaðir geti einnig hentað fyrir þyrlur og þjónustu fyrir þær.
SA.3	Skipulagstofnun Umhverfisstofnun	Gera þarf grein fyrir áætlunum um vegtengingar, þ.m.t. göngu- og hjólabrú yfir Borgarvoginn.	<u>Í greinargerð verða settir ítarlegri skilmálar fyrir göngu- og hjólabrú yfir Borgarvog.</u>
SA.4	Theodór Kristinn Þórðarson	Bendir á að nauðsynlegt er að afmörkun svæðis fyrir flugvöll í Borgarnesi (Kárastaðaflugvöll sjá FV 401 á uppdrætti), sé í samræmi við tillögur sem að gerðar voru vegna beiðni um deiliskipulag svæðisins. Til dæmis að afmörkunin nái út fyrir öryggissvæðið við suðvestur-enda flugbrautar, (að girðingu sem þar er). Sjá nánar meðfylgjandi uppdrátt, en á honum eru tillögur flugklúbbsins	Á fundi skipulags- og byggingarnefndar síðastliðið haust var tekin fyrir beiðni um efnistöku á flugvallarsvæðinu, en til stendur að taka efni til að fylla í skurði sem eru á flugvallarsvæðinu til að auka öryggi. Efni hefur áður verið tekið til uppbyggingar flugbrautar árið 2014. <u>Flugvallarsvæðið verður stækkað þannig að það nái yfir efnisnámuna til vesturs og bætt í skilmála fyrir flugvallarsvæði að efnistaka sé heimil innan flugvallarsvæðisins til notkunar á efninu innan svæðisins. Þéttbýlismörkum verður breytt til samræmis.</u> Ekki er tekið undir ósk um lengingu á flugvallarsvæðinu til suðurs vegna nálægðar við væntanlega veglínu Snæfellsnesvegur <u>en stækkun gerð til norðurs.</u>

		merktar með gulum línun. 	
SA.5	Vegagerðin Vestursvæði	Sakna þess að sjá ekki vísun í Umferðaröryggisáætlun 2024-2038.	<u>Bætt verður við tilvísun í áætlunina í tillögu.</u>
SA.6	Vegagerðin Vestursvæði	Fyrirhuguð veglína Vesturlandsvegur fyrir austan Borgarnes er ekki sú leið sem Vegagerðin mælti með og sendi til sveitarfélagsins eftir samráð þar að lútandi. Áhersla er á að sýnd verði sú veglína sem Vegagerðin og sveitarfélagið voru sammála um.	Á uppdrætti er sýnd sama veglína og er í aðalskipulagsbreytingunni. Fundað var með Vegagerðinni um veglínuna í janúar 2025 í framhaldi af <u>umsögn þessari og er niðurstaða í kjölfar þess fundar sýnd á uppdrætti.</u>
SA.7	Vegagerðin Vestursvæði	Nýr hringvegur verður af vegtegund B15,5 sem þýðir að fjarlægð á milli vegamóta skal að lágmarki vera 1,2 km. Aðrar tengingar verða ekki heimilar. Taka verður tillit til þessa við skipulag landnotkunar meðfram þjóðvegi, s.s. varðandi reit VP406.	Borgarbyggð væntir þess að Vegagerðin sé í opnu samtali við sveitarfélagið um fyrirkomulag vega, vegamóta og umferðarhraða í þéttbýli í Borgarnesi, en VP406 er innan þéttbýlis. Almennt gildir að hámarkshraði á vegum innan þéttbýlis er 50 km/klst. Vakin er athygli á að mörk þéttbýlis skv. vinnslutillögu eru norðan við reit VP406. Mörkin þar eru óbreytt frá gildandi aðalskipulagi. Borgarbyggð sér ekki hvernig það samræmist veghönnunarreglum að hámarkshraði á þessum kafla innan þéttbýlis sé 90 km á klst sem kalli á það skv. veghönnunarreglum að fjarlægð milli gatnamóta sé að lágmarki 1,2 km.
SA.8	Vegagerðin Vestursvæði	Óskað er eftir að svæði þar sem framtíðar vegur tengist inn á Vesturlandaveg verði óskilgreint svæði, þar sem ákvörðun um veglínu á því svæði hefur ekki verið ákveðin.	Veglína er sýnd á uppdrætti og verður <u>bætt við skilmála fyrir veginn að veglína fyrir hjáleik um Borgarnes og tengingar norðan við Borgarnes séu í vinnslu og geti tekið breytingum.</u> <u>Bætt verður við skilmála aðliggjandi landnotkunarfláka að ákvörðun um veglínu hringvegur liggji ekki fyrir og að vegurinn geti færst til sem geti haft áhrif á útfærslu í deiliskipulagi.</u> Deiliskipulag hefur ekki verið unnið fyrir þetta svæði.

SA.9	Vegagerðin vestursvæði	Sé fyrirhugað að breyta landnotkun á reit sem þegar er tengdur þjóðvegakerfi þannig að umferð um hann breytist á einhvern hátt þarf að viðhafa samráð við Vegagerðina svo unnt sé að taka afstöðu til áhrifa á þjóðvegakerfið. Þó ekki þurfi að sýna tengingar við landnotkunarreiti meðfram þjóðvegum þarf að tryggja að mögulegt sé að koma fyrir góðri tengingu við þjóðveg samkvæmt Veghönnunarreglum. Að öðrum kosti getur Vegagerðin ekki tryggt að mögulegt sé að tengja starfsemi á fyrirhuguðum landnotkunarreit við þjóðvegakerfið.	Áhersla er lögð á að hafa samráð við Vegagerðina við allar breytingar á landnotkun sem hafa áhrif á þjóðvegakerfið.
SA.10	Heiður Hörn Hjartardóttir Guðrún Sigurjónsdóttir	Gerir athugasemd við þá tæplega 50 ára gömlu hugmynd um þjóðveg 1 með ströndinni í Borgarnesi sem nær nú upp að golfvelli. Samkvæmt drögum að tillögu um aðalskipulag 2025-2037 er stefnt á að vegurinn verði færður út á leirurnar á skipulagstímanum og gerir tillagan ráð fyrir þjóðvegi 1 frá Borgarfjarðarbrúnni, upp með ströndinni fram hjá núverandi og framtíðar íbúðarbyggð í Bjargslandi þar til hún kemur í land við syðri enda Grímólfskeldu sem liggur við vestari enda golfvallarins. Neikvæð umhverfisáhrif verða vegna nýrrar veglínu vegna umferðarhávaða og ósnerta strandlengju, og kanna þarf áhrif á lífríki, vatnsskipti og leirur. Vegurinn mun kljúfa opið svæði merkt OP409 sem er skráð framtíðar byggingarland og útivistarsvæði. Gæði útivistarsvæðis við Bjargsland munu hrapa. Landvernd bætir við að taka þurfi upp umfjöllun um nýja veglínu upp að nýju með tilliti til þess hve gríðarlega stór áhrifabáttur er um að ræða á framtíðarþróun skipulags og byggðar í sveitarfélaginu. Þá hafa íbúar og ferðaþjónustuaðilar sömuleiðis mótmælt út frá raski og truflun vegna starfsemi og staðsetningu veglínu.	Vesturlandsvegur er á sama stað í vinnslutillögu og í gildandi skipulagi. Við úrvinnslu athugasemda við vinnslutillögu hefur verið haft samráð við Vegagerðina um veglínu hjáleiðar um Borgarnes. Nýlega var gerð breyting á gildandi skipulagi og legu vegarins breytt. Í breytingunni var lagt mat á líkleg umhverfisáhrif í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ný veglína hefur margvísleg jákvæð og neikvæð áhrif á umhverfið. Færsla vegarins hefur verið inni á skipulagi í áratugi en markmið breytingarinnar er að færa gegnum umferð út úr þéttbýlinu en umferð þar hefur margvíslegar neikvæðar afleiðingar.
SA.11	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Um breytingar á Uxahryggjavegi. Í texta segir að í leið B skuli leiða ræsi í ár. Ekki ætti að leiða ofanvatnslagnir beint í ár vegna mengunarhættu og er frekar mælt með að afrennsli sé leitt í grjótpúkk til að hægja á rennslinu í viðtaka sem gæti verið nærliggjandi á.	Ekki er fjallað um ofanvatn í tengslum við framkvæmdina. Í umhverfismati áætlunarinnar, þar sem fjallað er um breytingar á Uxahryggjavegi og fjallað er um ræsi í ár, er átt við ræsisrör undir veg sem ár/lækir fara um. Ekki er átt við ofanvatnslagnir né heldur er átt við að leiða ofanvatn í ár. Í umhverfismati fyrir leið B eru áhrif á ár metin óveruleg/óviss. Reiknað er með að vatnsföll verði sett í ræsi undir nýjan veg og hefur það mögulega áhrif á för fiska og seiða.
SA.12	Hjólreiðafélag Vesturlands	Við fögnum því að á skipulagi sé göngu- og hjólastígur að hesthúsahverfi og golfvelli. Mikilvægt er þó að huga að því hvernig hægt er að komast yfir þjóðveginn fyrir gangandi og hjólandi, þar sem göngustígurinn virðist bara liggja öðru megin þjóðvegarins, hesthúsahverfis megin.	Á aðalskipulagsuppdraetti eru aðeins sýndar helstu leiðir fyrir gangandi og hjólandi. Nákvæmlega leiða og þveranir vega verða útfærðar nánar í deiliskipulagi og/eða við hönnun leiðanna. <u>Stefnt er að gönguleið með ströndinni og að golfvellingum og verður sú leið sett inn á uppdrátt.</u> Stefnt að nýrri aðkomu akandi að golfvellingum. <u>Yfirfarin verður stefna um þveranir á þjóðveginum á þessu svæði en æskilegt er að gangandi geti þverað þjóðveginn í norðurhluta byggðarinnar.</u> Það samtal er í gangi með Vegagerðinni.

SA.13	Hjólreiðafélag Vesturlands	Það mætti bæta enn frekar í göngu- og hjólastíga í Borgarbyggð, og þá ekki síst hjólastíga svo hægt sé að komast víðar á hjólum svo ekki skapist hætta af fyrir aðra umferð bíla og gangandi, m.a. væri gott að hafa stíg yfir Borgarfjarðarbrú.	Stefna er um að haldið verði áfram uppbyggingu útivistarleiða í samræmi við áfangastaðaaætlun.
SA.14	Skorradalshreppur	Bent er á að Skorradalsvegur F508 er flóttaleið sem liggur austur út úr Skorradalshreppi og mikilvægt að hugað sé að því við gerð Aðalskipulags Borgarbyggðar.	Í skipulaginu er mörkuð stefna um stofn- og tengivegi. <u>Bætt verður við umfjöllun í forsendur um mikilvægi F508 sem flóttaleiðar úr Skorradal.</u> <u>Vegurinn er ekki á skipulagsuppdætti og verður bætt úr því.</u>
V	Veitur		
V.1	Brynjólfur Guðmundsson	Óskar eftir að legu Hitaveitu Stafholtstungna verði bætt inn á aðalskipulag. Sendir með mynd af legu veitunnar.	Borgarbyggð mun leita eftir því að fá gögn fyrir stofnlagnir Hitaveitu Stafholtstungna á rafrænu formi og <u>hún þá sett inn á uppdrátt.</u>
V.2	Landsnet	Landsnet minnir á að við endurskoðun aðalskipulags ber að samræma skipulagsáætlanir vegna verkefna í staðfestri tíu ára kerfisáætlun. Á 10 ára áætlun er endurnýjun tengivirkisins Vatnshamrar og Vatnshamralínu 2 sem 132 kV línu auk uppbyggingar Holtavörðuheiðarlínu 1. Landsnet leggur áherslu á að tryggt verði að aðalskipulagið veiti svigrúm til uppbyggingar og endurbóta mannvirkja á vegum fyrirtækisins, í samræmi við Kerfisáætlun. Umhverfismatsskýrsla Holtavörðuheiðarlínu 1 er í opinberri kynningu til 29. nóvember, þar sem lagt hefur verið mat á nokkra valkosti og greint frá hver þeirra sé aðalvalkostur Landsnets. Vænta má álits Skipulagsstofnunar fljótlega á nýju ári. Þegar því ferli lýkur, er komin veigamikil forsenda til að vinna áfram í skipulagsmálum, þ.e. að mörkuð sé stefna um línuna í skipulagi, þá bæði á uppdætti og greinargerð.	Vinnslutillagan tekur mið af kerfisáætlun. Vatnshamrar tengivirki. <u>Bætt verður við að heimilt sé að endurnýja mannvirki.</u> Heimilt er að viðhalda og endurnýja núverandi raflínur/rafstrengi. Landsnet hefur ekki formlega óskað eftir því að línuleið Holtavörðuheiðarlínu 1 verði sett inn á skipulag.
V.3	Landsnet	Holtavörðuheiðarlína. Í kafla 6.4 er einnig fjallað um raflínuskipulag. Landsnet bendir á að svo stöddu liggur ekki fyrir heimild til að nýta ákvæði skipulagslaga um gerð raflínuskipulags fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1. Verði sú heimild ekki veitt mun Landsnet óska eftir því við Borgarbyggð að Holtavörðuheiðarlína 1 og efnistökusvæði tengd framkvæmdinni verði sett á aðalskipulagið. Taki Borgarbyggð jákvætt í þá beiðni, væri ákjósanlegt að þegar skipulagstillaga endurskoðaðs Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037 verður auglýst vorið 2025 (sbr. upplýsingar um tímasetningar úr skipulags- og matslýsingu), að þar verði þá gert ráð fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1 og mögulegum nýjum efnistöku-svæðum.	Verður skoðað fyrir auglýsingu ef upplýsingar liggja fyrir.
V.4	Landvernd	Flutningskerfi raforku. Hvað varðar Holtavörðuheiðarlínu er sérstök ástæða sem fyrr að árétta að samráð verði haft við íbúana, landeigendur og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Þá er það einnig sveitarfélagsins að gæta að því að raflínumöstur verði ekki lögð um verðmæt náttúrusvæði og skoðað hvort koma megi línu í jörðu á allra viðkvæmstu svæðum.	Sveitarfélagið vill að flutningskerfi raforku sé lagt í sem allra mestri sátt við íbúa, landeigendur og hagsmunaaðila. Bæði er sett stefna um að raflínur verði eftir því sem hægt er settar í jörð og stefna um að forðast rask á verndarsvæðum og vistgerðum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd.

V.5	Landsnet	Jarðstrengir. Í ákvæðum fyrir rafveitu í kafla 5.2 í greinargerð vinnslutillögunnar segir að stefnt skuli að því að háspennulínur verði ekki fjölgað í sveitarfélaginu, frekar verði horft til þess að leggja háspennustrengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærri spennu. Landsnet bendir á að heppilegra væri að fjalla um háspennulínur sem samheiti yfir háspennnar loftlínur og jarðstrengi, þannig að ljóst verði að í þessu tilviki sé aðeins átt við loftlínur en ekki háspennulínur almennt.	Sveitarfélagið stefnir að því að flutningskerfi raforku verði almennt í jörðu. Það á við um háspennulínur, hvort sem þær eru háspennar loftlínur eða jarðstrengir.
V.6	Landsnet	Í undirkafla 7.22.1 um rafveitu eru settir skilmálar um að sem flestar raflínur verði settar í jörðu. Landsnet bendir á að tæknilegar takmarkanir eru á því hversu langa jarðstrengi hægt er að leggja í flutningskerfi raforku. Ástæða er til að áréttu að þær takmarkanir ráðast annars vegar af rekstrarspennu línunnar, en mun minna svigrúm er til að leggja raflínur af hærri spennu í jörðu (sem á við um línur í meginflutningskerfinu), en fyrir línur af lægri spennu. Hins vegar er styrkur flutningskerfisins á milli landsvæða ein meginástæða þess að svigrúm til jarðstrengslagna er mismunandi. Þar sem kerfið er sterkt er meira rými til þess heldur en þar sem styrkurinn er lítill. Hafa þarf framangreint í huga og samhliða taka mið af stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, en Alþingi hefur sett fram stefnu um uppbyggingu flutningskerfis raforku og viðmið og meginreglur varðandi lagningu raflína, sem höfð er að leiðarljósi við uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þar er mótuð sú stefna um að þegar um meginflutningskerfi raforku er að ræða skuli meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur. Í undantekningartilvikum sé hægt að víkja frá þeirri meginreglu, sem nánar er fjallað um í stefnunni. Í lágspennntari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera að notast við jarðstrengi, sé slíkt tæknilega raunhæft og kostnaður ekki meiri en tvöfaldur á við loftlínu.	Þarfnast ekki viðbragða.
V.7	Landsnet	Háspennulínur og önnur landnotkun. Landsnet bendir á að í skipulagi þarf að gera grein fyrir staðsetningu og umfangi háspennulína, afmörkun helgunarsvæða og þeim takmörkunum sem gilda um þau. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðin til að tryggja örugga afhendingu rafmagns, sem og persónuöryggi. Mikilvægt er að önnur landnotkun taki mið af þeim takmörkunum sem gilda um helgunarsvæðin. Einnig að aðalskipulagið veiti eðlilegt svigrúm til aðgengis að línumannvirkjum en tilgangur þess væri að fyrirtækið geti óhindrað sinnt viðhaldi og viðgerðum. Það á einnig við um breytingar á þessum innviðum svo sem lítilsháttar tilfærslu línuleiða eða breytingum á mastragerðum og fleiru. Landsnet telur æskilegt að fram komi að viðkomandi mannvirki séu á vegum Landsnets og að fyrirtækið fari með málefni sem þau varðar. Samráð skal haft við Landsnet vegna framkvæmda nærri háspennulínunum.	Háspennulínur í meginflutningskerfi rafmagns eru sýndar á skipulagsuppdrætti. Bætt er við skipulagsákvæði texta um að landnotkun innan helgunarsvæða raflína þurfi að taka mið af þeim takmörkunum sem um þau gilda og að meginflutningskerfið sé á vegum Landsnets.
V.8	Landsnet	Í kafla 7.22.1 um skilmála rafveitu er tilgreint að við framkvæmdir eða skógrækt skuli taka tillit til helgunarsvæða raflína. Landsnet telur mikilvægt að einnig verði tilgreint að við alla uppbyggingu skuli taka tillit til helgunarsvæða raflína, s.s.	<u>Texta verður breytt á þá leið að við skipulag og mannvirkjagerð skuli taka tillit til raflína og helgunarsvæða þeirra.</u>

		innan frístundabyggðar, íbúðarbyggðar, landbúnaðarsvæða, afþreyingar og ferðamannasvæða og verslun og þjónustu.	
V.9	Landsnet	Samráð. Landsnet væntir áframhaldandi virks samráðs við sveitarfélagið vegna Holtavörðuheidiarlínu 1. Fyrirtækið er einnig reiðubúið til samtals um framtíð flutningskerfisins í sveitarfélaginu.	Þarfnast ekki viðbragða.
V.10	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands Veitur	Setja ætti inn texta í aðalskipulag sem festa blágrænar ofanvatnslausnir betur í sessi þannig að við endurnýjun gatna sé einföldu lagnakerfi skipt út fyrir tvöfalt kerfi þar sem ofanvatn sé leitt aftur út í umhverfi sitt. Bent er á að þessu er gerð góð skil í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar á nokkrum stöðum og mætti taka mið af því. Til að tryggja sjálfbæra og umhverfisvæna þróun fráveitukerfa er brýnt að fjalla ítarlega um stefnu varðandi meðhöndlun ofanvatns, þar með talið notkun blágrænna lausna til að draga úr álagi á kerfi, setji fram kröfur um hreinsun ofanvatns og möguleg úrræði og viðbrögð við flóðavá. Einnig getur sveitarfélagið sett almenna stefnu um kröfur á hreinsun ofanvatns og sett lágmarksmótvægisáðgerðir gegn því að mengun berist af vegflötum og öðrum mengandi flötum í þéttbýli með ofanvatni.	Stefna sveitarfélagsins er að líta til ofanvatnslausna í nýjum hverfum og þegar leysa þarf vandamál tengd álagi á veitukerfi. <u>Um fjöllum um þetta verður yfirfarin í greinargerð.</u>
V.11	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	Bent er á að merkja skal á aðalskipulagsupprætti vatnsveitur og vatnsverndarsvæði þeirra í samræmi við reglugerð nr. 796/1999 um mengun vatns.	Stofnæðar vatnsveitu eru sýndar á upprætti, í þeim tilfellum þar sem upplýsingar á tölvutæku formi liggja fyrir um legu þeirra. Vatnsverndarsvæði eru sýnd á skipulagsuppráttum.
V.12	Veitur	Veitur ítreka áður sendar ábendingar um upplýsingar og nýlega greiningu á eftirspurn eftir heitu og köldu vatni til framtíðar á svæðinu. Veitur hafa áhuga á að leita að jarðhita á ákveðnum svæðum í Borgarfirði, aðallega til að mæta vaxandi eftirspurn meðal annars vegna fjölgunar í Borgarnesi. Svæðin sem horft er til eru svæði í nálægð við flutningslögn Veitna sem liggur frá Deildatunguhver til Akraness, í nálægð við Borgarnes og við Borg á Mýrum.	Þarfnast ekki viðbragða en minnt á að óska eftir að landnotkun verði breytt í iðnaðarsvæði ef áætluð er nýting á jarðhita sem kallar á það.
V.13	Veitur	Veitur leggja til að setja í skilmála hitaveitu um: Að heimilt verði að bora eftir heitu vatni (tilraunaholur) án þess að breyta aðalskipulagi. Slíkar framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar. Að heimilt verði að virkja heitt vatn (borholur), allt að 5.000 kW, án þess að svæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði.	Í aðalskipulaginu er miðað við 2500 kW og sveitarfélagið vill halda sig við þau mörk. Við tilraunaborun þá þarf að senda inn fyrirspurn til sveitarfélagsins sem í hvert skipti ákvarðar hvort framkvæmdin sé framkvæmdaleyfisskyld. Þessu verklagi verður fylgt áfram.
V.14	Veitur	Í vinnslutillögunni er afmarkað nýtt iðnaðarsvæði í Rauðsgil þar sem heimilt verður að vera með ýmis konar hreinlega atvinnustarfsemi. Veitur benda á að svæðið er staðsett beint á móti brunn- og grannsvæði vatnsverndar fyrir vatnsbólið að Steindórsstöðum sem þjónar Reykholti, Kleppjárnsreykjum og nærsveitum. Veitur leggja áherslu á að hugað verði að vatnsverndarsjónarmiðum ef áform koma upp um uppbyggingu atvinnustarfsemi innan þessa svæðis vegna nálægðar þess við vatnsból og óska eftir samráði ef slík áform vakna.	Svæðið er ekki nýtt heldur er það í gildandi skipulagi. <u>Landnotkun iðnaðarsvæðis verður skoðuð með landeiganda og niðurstaða þess samtals mun koma fram í auglýstri tillögu.</u>

V.15	Veitur	Veitur benda einnig á að í vinnslutillögu er afmarkað nýtt uppbyggingarsvæði við Borgarvog IB413. Þar sem aukin áhersla er á verndun á Borgarvoginum óska Veitur eftir góðu samráði tímanlega þannig að útfærslan á fráveitukerfinu verði á þann hátt að ekki verði tíðar losanir á óhreinsoðu skólpi í voginn.	Haft verður samráð við Veitur við útfærslu á fráveitukerfinu. Svæðið er ætlað til þróunar íbúðabyggðar til framtíðar.
VS	Vernduð svæði, þjóðlendur, landslag, lífríki og minjar		
VS.1	Fiskistofa	Lítið er fjallað um vatnalíf og veiðinytjar sem eru mikilvæg hlunnindi. Mikilvægt er að ekki sé þrengt að umhverfi veiðivatna, t.d. að byggð sé ekki skipulögð of nálægt ám. Tryggt sé að hreinsun frárennslis í nágrenni ána sé fullnægjandi.	Kafli 6.7.1 fjallar um vatn og þar er sett stefna um vatnsgæði áa og um veiðinytjar. Lögum samkvæmt skal óska eftir undanþágu ef byggja á nær ám en 50 m. <u>Viðbót er sett í stefnu um að fráveita skuli vera í samræmi við lög og reglugerðir til að koma í veg fyrir mengun.</u>
VS.2	Fiskistofa	Mannvirkjagerð við veiðivötn kann að vera háð leyfi Fiskistofu	Leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar eru háðar lögum og reglugerðum. Reiknað er með að þeir sem standa að slíkum framkvæmdum afli tilskilinna leyfa.
VS.3	Forsætisráðuneytið	Benda á að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu auðlinda og hvers kyns aðgerðum innan þjóðlendu.	Leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar eru háðar lögum og reglugerðum. Reiknað er með að þeir sem standa að slíkum framkvæmdum afli tilskilinna leyfa.
VS.4	Forsætisráðuneytið	Í stefnu um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum koma fram leiðbeinandi sjónarmið, s.s. standa vörð um víðerni, takmarka uppbyggingu ferðamannaaðstöðu o.fl. Rétt er að taka mið af þessu við útfærslu uppbyggingar.	Sveitarfélagið telur að stefna aðalskipulagsins taki mið af þessu. Til dæmis sé staðinn vörður um víðerni í stefnu skipulagsins og með því að takmarka uppbyggingu fyrir ferðafólk á þjóðlendum og setja þeim stærðarmörk sé verið að miða við að ekki sé um umfangsmikla mannvirkjagerð að ræða.
VS.5	Hafrannsóknarstofnun Náttúrufræðistofnun	Ýmsar ábendingar um efnahagslegt mikilvægi laxveiðihlunninda, áhrifa efnistöku í straumvötnum, áhrifa seiðasleppninga og mikilvægi lífríkis í straumvötnum. Rannsóknir á íslenskum ál eru takmarkaðar en líklegt verður að teljast að Mýrarnar, og ósasvæði og láglandisvötn í Borgarfirði séu lykilsvæði fyrir íslenska álastofninn. Hluta þeirra hefur verið raskað með framræslu sem hefur ekki augljósan nýtingartilgang og því væri skynsamlegt af sveitarfélaginu að marka sér stefnu um endurheimt og verndun búsvæða álastofnsins. Sem fer reyndar mjög vel saman við verndun annarra dýrastofna í votlendi eins og vað- og vatnafugla. Náttúrufræðistofnun tekur undir góðar ábendingar í umsögn Hafrannsóknarstofnunar frá 14. nóvember varðandi verndun búsvæða álsins og varúðarskilaboð varðandi seiðasleppingar og framkvæmd skógræktar nálægt laxveiðiám.	Þarfnast ekki viðbragða.
VS.6	Umhverfisstofnun	Líffræðilegur fjölbreytileiki. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Skipulagsáætlanir Borgarbyggðar gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og	Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti þó vafalaust megi bæta í. M.a. stefna um græn svæði, útivist, endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við hringrásarhagkerfið. Áhersla er á að við skipulag landnýtingar sé tekið tillit til landslags, að viðhalda víðernum og líffræðilegri fjölbreytni, nýting auðlinda sé sjálfbær. Sjá m.a. kafla 6.2. Landslag og náttúrufar, 6.4. Hálendið – óbyggð svæði og 6.5. Náttúruvá og 7.16 og Skógræktar- og landgræðslusvæði.

		endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.	
VS.7	Umhverfisstofnun Náttúrufræðistofnun	Áform um friðlýsingu Borgarvogar. Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun telja þetta vera jákvætt, þar sem markmið friðlýsingarinnar miðar að því að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Borgarvogs og vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum sínum og á eigin forsendum.	þarfnast ekki viðbragða.
VS.8	Náttúrufræðistofnun	Því er fagnað að halda eigi áfram með friðlýsingu Borgarvogar. Borgarvogur og þau verðmætu fjörusvæði sem í honum eru, eru hluti af þeirri stóru tillögu Mýrar-Löngufjörur sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta. Sveitarfélagið er hvatt til að skoða frekari friðlýsingu á mikilvægum fjöru- og strandsvæðum innan þeirrar tillögu til viðbótar við Borgarvog, bæði utan netlaga sem og innan þeirra í samstarfi við landeigendur. Eins og er, þá er ásókn í þessi svæði lítil og þau að mestu leyti fá að vera í friði og nýttast vel sem búsvæði t.d. fugla. Það ætti því ekki að reynast erfitt að ná góðri sátt um verndun þeirra til framtíðar.	þarfnast ekki viðbragða.
VS.9	Umhverfisstofnun Náttúrufræðistofnun	Benda má á það að plöntusteingervingar frá síð-Míósen tíma, 7-6 millj. ára, finnast í setlögum sem nefnd eru Hreðavatns-Stafholts myndunin. Einnig hafa fundist plöntuleifar og surtarbrandur á Holtavörðuheidi og í Hálsasveit. Þá finnast fornskeljar í sjávarsetlögum frá síðjökultíma, 11-12.000 ára, í Borgarfirði t.d. í setlögum við Hvítá og Reykholt. Náttúrufræðistofnun er tilbúin að veita frekari upplýsingar um þessa steingervinga, en skv. 60. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta steingervingar verndar.	Borgarbyggð bendir á að afar mikilvægt er að gott aðgengi sé að upplýsingum um þær náttúruminjar sem falla undir 60 grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Vefsja Náttúrufræðistofnunar sem gefur yfirlit yfir þessar upplýsingar er þar mjög gagnleg. Hvatt er til þess að þær upplýsingar sem fyrir liggja um steingervinga verði miðlað í þessari vefsja, til að nýttast við upplýsingagjöf við t.d. við skipulagsgerð.
VS.10	Umhverfisstofnun	Mengaður jarðvegur. Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.	UST heldur skrá yfir mengaðan jarðveg https://kortasja.ust.is/mapview/?app=MENGJ& Í Borgarbyggð eru skv. skránni nokkrar miltisbrandsgrafir og sorpurðunar-svæði. Sveitarfélagið ráðfærir sig við Skipulagsstofnun um hvernig er rétt að gera grein fyrir þessum upplýsingum í aðalskipulagi. <u>Niðurstaða þess samtals verður í tillögu.</u>
VS.11	Umhverfisstofnun	Starfsleyfi. Mikilvægt að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit	Landnotkun og skilmálar um hana fer eftir skipulagslögum og skipulags-reglugerð. Umfjöllun um landnotkun miðar að því að gefa upplýsingar um þá starfsemi sem er heimil á svæðum en ekki á við að leggja fram tæmandi lista yfir heimildir fyrir starfsleyfisskylda starfsemi.
VS.12	Umhverfisstofnun	Vatnamál. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð landnotkun og framkvæmdum sem hafa áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).	Send var fyrirspurn til UST og óskað leiðbeininga um hvernig viðeigandi sé að fjalla um vatnamál í aðalskipulagi. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á stefnunni til samræmis við svar UST. Í stefnu í kafla 6.7.1 kemur fram að vatnsgæði áa, vatna og sjávar séu ávallt eins góð og kostur er. Bætt er aftan við setninguna „ <u>og tryggt að</u>

			umhverfismarkmið þeirra um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand náist“. Í almenna skilmála í kafla 7.19 er bætt við „Ef líkur eru á að framkvæmd hafi áhrif á vatn eða vatnshlot skal í tengslum við hönnun/útfærslu framkvæmdarinnar vinna áhrifamat, í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þetta á t.d. við ef skipulag markar stefnu um mengandi starfsemi, virkjanir, vatnstöku eða efnistöku úr straumvatni“. UST bendir á að meta þurfi áhrif íbúðarbyggðar vestan Borgarvogar á vatnshlot. Það er gert í umhverfismatsskýrslu. Auk þess er með breyttum skilmálum vísað til þess að vinna skuli áhrifamat fyrir svæðið í tengslum við hönnun/útfærslu svæðisins, ef þess verður talið þurfa.
VS.13	Umhverfisstofnun Landvernd	Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um: Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið. Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin. Greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki. Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki. Samlegðaráhrif allrar starfsemi núverandi og fyrirhugaðri, sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála. Landsvernd bætir við og hvetur sveitarfélagið til að gera betur grein fyrir verndun og heilbrigði vatnshlota. Horft verði til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um líf í vatni. Landvernd vill hvetja sveitarfélagið til að vinna sérstaka úttekt á stöðu vatns- og vatnshlota með tilliti til heilnæms vatns fyrir fólk og	Í almenna skilmála í kafla 7.19 er bætt við „Ef líkur eru á að framkvæmd hafi áhrif á vatn eða vatnshlot skal í tengslum við hönnun/útfærslu framkvæmdarinnar vinna áhrifamat, í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Þetta á t.d. við ef skipulag markar stefnu um mengandi starfsemi, virkjanir, vatnstöku eða efnistöku úr straumvatni“. Sveitarfélagið telur að með þessu sé gerð fullnægjandi grein fyrir vatnshlotum og stefnu fyrir þau á aðalskipulagsstigi.

		dýrahald auk þess er vatnsvernd einn af grunnþáttum þess að styðja við og endurheimta eftir atvikum líffræðilega fjölbreytni.	
VS.14	Landvernd	Landbúnaður sem landnýting er stór áhrifavaldur sem á hins vegar mikil sóknarfæri tengd framleiðslu til að vinna á móti neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Skjótverkasta aðferðin til að draga úr losun er að kortleggja svæði með fræmstu landi sem ekki er verið að nýta í atvinnuskyni sem landbúnaðarland. Á slíkum svæðum verður að bregðast við á ábyrgan hátt með endurheimt votlendis og stuðla þannig að samdrætti í losun "Að unnið verði að endurheimt votlendis til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og stefnu íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og jafnframt til að ná Aichi markmiðum um aukna verndun líffræðilegrar fjölbreytni, endurheimt raskaðra vistkerfa og bættu þjónustu vistkerfa. Sett verði markmið og fjármagni veitt til framkvæmda og rannsókna."	Sveitarfélagið vill styðja endurheimt votlendis en við slíka endurheimt innan landamerkja þarf að skoða áhrif á aðrar landareignir. Í vinnslutillögu er eftirfarandi stefna: „Leitast skal við að raska ekki óröskuðu votlendi og endurheimta votlendi þar sem mögulegt er og ekki er lengur áformað að rækta á svæðinu. Endurheimt skal metin m.t.t. varðveislu góðs landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu“. <u>Bætt verður við að ávallt skuli skoða áhrif á aðliggjandi landareignir.</u> Sömu leiðis er eftirfarandi stefna í vinnslutillögu: „Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Leitast verði við að vernda jarðveg og endurheimta vistkerfi.“ Talið er að þessi stefna sé fullnægjandi.
VS.15	Landvernd	Hverfisvernd. Í matslýsingu átti að endurskoða allmörg svæði í Borgarbyggð sem eru undir hverfisvernd í gildandi skipulagi. Landvernd lýsir vonbrigðum með tillögum um endurskoðun en fátt er lagt til sem mun hafa merkjanleg áhrif því ekki virðist eiga að stefna að því að vinna nánar með B hluta náttúruminjaskrár til að styrkja verndarsvæði sem þegar hafa verið tilnefnd. Óljóst er því hver stefna sveitarfélagsins er í stórum dráttum.	Vistgerðir og náttúruminjar sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd njóta áfram verndar þó þau séu ekki undir hverfisvernd í aðalskipulagi. Sveitarfélagið sá ekki ástæðu til að verndarsvæði (friðlýst og á náttúruminjaskrá) séu jafnframt hverfisvernduð því hverfisverndin eins og hún var í gildandi aðalskipulagi bætti engu við verndarákvæðin. Stefnt er að friðlýsingu Borgarvogar og kemur það fram í greinargerð. Lambeyrarkvísl er á B hluta náttúruminjaskrár og sett undir hverfisvernd HV7. Áfram eru víðfeðm svæði undir hverfisvernd og settir skilmálar fyrir þau. Ekki er tekið undir að stefna sveitarfélagsins sé óljós.
VS.16	Landvernd	Minjavernd og minjasráning. Landvernd hvetur sveitarfélagið til að draga fram og styrkja sérstöðu svæðisins með því að setja fram stefnu um skráningu menningarminja jafnhliða nánari greiningu á náttúruminum sem svæðið hefur að geyma, það er líkast til engin betri leið fyrir sveitarfélag að draga einmitt fram sérstöðu sína sem er eitt af meginmarkmiðunum eins og að leggja fram metnaðarfulla stefnu um átak í að efla og auka náttúru- og menningarminjar.	Mótuð er stefna um að við vinnslu deiliskipulags skuli skrá fornminjar og skv. lögum um menningarminjar skal taka tillit til þeirra. Ekki verður sett stefna um nánari greiningu á náttúruminum.
VS.17	Landvernd	Samráðs og umsagnaraðilar. Hvetur sveitarfélagið til að vísa tillögu að endurskoðun á Aðalskipulagi til náttúruverndarnefndar sveitarfélagsins til sérstakrar umfjöllunar og hún gefi sérstakt álit á þeim þáttum í vinnslutillögum þessum sem sannarlega heyra undir nefndina lögum samkvæmt. Nefndinni er meðal annars ætlað að vinna að tilnefningu á friðlýstum svæðum sem eru til þess fallin.	Skipulagsnefnd hefur nú þegar vísað vinnslutillögunni til yfirferðar til Umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar, sem hefur hlutverk náttúruverndarnefndar.
VS.18	Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun saknar þess að ekki séu tekin markvissari skref í að skilgreina ný svæði fyrir náttúruvernd, í ljósi þess að innan sveitarfélagsins eru mörg svæði sem metin eru með hátt verndargildi m.a. vegna líffræðilegrar fjölbreytni þ.m.t. víðfeðm votlendis- og strandsvæði sem teljast til allra	Hvatning er móttækin.

		mikilvægustu búsvæða fugla á Íslandi en einnig merk jarðminjasvæði og mikið af lítt snortnum víðernum. Það er mikilvægt að hlífa þessum svæðum sem mest fyrir neikvæðum áhrifum af ýmsum toga og að vernda þau með einu eða öðru móti. Nokkur áform af þessum toga eru kynnt í vinnslutillögunni sem er jákvætt en þau mættu vera töluvert meiri og stærri og er sveitarfélagið hvatt til þess að skoða frekari tækifæri til þess í góðu samstarfi við náttúruverndaryfirvöld, landeigendur og aðra hagsmunaaðila.	
VS.19	Náttúrufræðistofnun	Í greinargerð um forsendur endurskoðunar aðalskipulags er greint frá náttúruvernd. Þar er staðreyndavilla sem má laga. Í texta um B-hluta náttúruminjaskrár segir að Náttúrufræðistofnun hafi gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár en að það séu svæði sem ætti að friðlýsa. Síðan eru tvö svæði nefnd í Borgarbyggð, Oddauppsprettur og Lambeyrarkvísl. Þau svæði voru sannarlega þar á meðal en fleiri svæði voru tilnefnd en þau eru Mýrar-Löngufjörur, Arnarvatnsheiði, Ferjubakkafló-i-Sólheimatunga og Litla-Skarð. Mikilvægt er að halda því til haga enda þær tillögur enn til staðar. Þau eru sýnd á Mynd 12 í greinargerð um forsendur og er það kort rétt að öllu leyti nema ekki er rétt að svæðin séu komin á B-hluta náttúruminjaskrár, heldur verið tilnefnd.	<u>Kort með uppl. um tillögur að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár verður uppfært miðað við ábendingu.</u>
VS.20	Náttúrufræðistofnun	Sveitarfélagið er hvatt til þess að skoða hvernig beita má ólíkum stjórnækjum náttúruverndar sem og hverfisvernd til að tryggja verndun þessara svæða, að öllu leyti eða hluta til. Sama á við um svæði sem þegar eru á gildandi náttúruminjaskrá (núverandi C-hluta) en þau eru allmörg í sveitarfélaginu og vantar í greinargerð að fjalla nánar um þau. Rétt er að endurskoðun á þeim er í gangi hjá Náttúrufræði-stofnun en þangað til henni er lokið og ný náttúruminjaskrá samþykkt er vægi þeirra og verndarstaða óbreytt.	Bætt verður við umfjöllun um svæði á náttúruminjaskrá í kafla 6.1.1. Náttúruvernd. Greint verður frá því að endurskoðun á þeim er í gangi hjá Náttúrufræðistofnun og að upplýsingar um þau megi finna á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar. Skv. skipulagsreglugerð þarf sveitarfélag ekki að sýna svæði á náttúruminjaskrá á skipulagsuppdætti. Verndarákvæði þeirra haldast engu að síður. Svæðin eru sýnd á skýringarmynd.
VS.21	Náttúrufræðistofnun	Hverfisvernd verður áfram beitt í þágu náttúruverndar í sveitarfélaginu sbr. tafla í kafla 8.8 í greinargerðinni. Þar má nefna stór svæði eins og Tvídægru og Arnarvatnsheiði og Hallmundarhraun. Það virðist þó ekki útloka áform um rask sbr. samþykktar frístundabyggðir í Hallmundarhrauni. Þá mætti fjölga til muna hverfisverndarsvæðum til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru í skipulaginu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og horfa t.d. til svæða á núgildandi náttúruminjaskrá eða á tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta, eins og áður hefur verið sagt. Sérstaklega má nefna mikilvæg votlendis- og strandsvæði á Mýrum í því sambandi, en þar er ærið tilefni til að tryggja langtímavernd þessara mikilvægu búsvæða fugla og annarra lífvera, ekki síst í ljósi þess að nokkuð víða í sveitarfélaginu eru áform sem fela í sér rask á votlendi og búsvæðum fugla og mikilvægt að bæta upp það tjón sem af því getur hlotist. Vel er fjallað um slíkt rask vegna nýrrar íbúðarbyggðar vestan Borgarvogs en svæðin eru mun fleiri t.d. þar sem frístundabyggð er áformuð eins og áður hefur komið fram.	Hvatning er móttækin. Nokkuð víða í sveitarfélaginu eru skilgreind landnotkunarsvæði sem geta, ef illa er staðið að framkvæmdum, falið í sér rask á votlendi eða búsvæðum fugla. Sú landnotkun fer ólíklega fram án þess að deiliskipulag sé undanfari framkvæmda og þar gefast tækifæri til að draga úr eða koma í veg fyrir áhrif á nefnda verndun eins og kveðið er á um í aðalskipulaginu. Borgarbyggð væntir þess að vandað verði til verka.

VS.22	Umhverfisstofnun Landvernd	Framkvæmdaáætlun náttúruminjasráðs. Á framkvæmdaáætlun eru skráðar þær náttúruminjar sem Alþingi ákveður að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin. Innan sveitarfélagsins er svæði sem nefnist Lambeyrarkvísl og Oddauppsprettur í Borgarfirði, sem hefur verið í vinnslu. Auk þess eru fleiri svæði sem Náttúrufræðistofnun tilnefndi eins og Mýrar og Löngufjörur. Benda á þann möguleika að skilgreina þau svæði sem Ní hefur tilnefnt sem aðra náttúruvernd (ÖN) og/eða sem hverfisverndarsvæði samanber ákvæði skipulagsreglugerðar, eins og Oddauppsprettur og Lambeyrarkvísl sem eru kallar lindir. Náttúruvernd. Landvernd saknar þess að gerð sé nánar grein fyrir friðlýstum svæðum í vinnslutillögu og þau sýnd á skipulagsupprætti nánar með greinargóðri lýsingu ásamt endurskoðun á friðlýsingarskilmálum með það fyrir augum að stækka og vernda frekar viðkomandi svæði. Sveitarfélagið er víðfeðmt og mörg svæði til staðar sem sveitarfélagið er hvatt til að rýna með tilliti til friðlýsinga en slík vinna hefur ekki átt sér stað við gerð þessarar tillögu.	Lambeyrarkvísl er innan hverfisverndarsvæðis HV7 Hallmundarhraun og er ávörpuð sérstaklega í þeim skilmálum. Friðlýst svæði eru sýnd á skipulagsupprætti og vísað til gildandi friðlýsingarskilmála þeirra, og stjórnunar- og verndaráætlun ef hún er til staðar. Í vinnslutillögunni kemur fram að sveitarfélagið vill vinna áfram að friðlýsingu Borgarvogar. <u>Oddauppsprettur verða settar undir hverfisvernd með skilmálum um svæðið.</u>
SK	Skógrækt		
SK.1	Forsætisráðuneytið	Í greinargerð segir að skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Benda á að leyfi ráðherra þarf fyrir aðgerðum sem miða að bindingu eða að draga úr losun kolefnis á svæði sem skilgreint er til þess innan þjóðlendu.	Eitt landgræðslusvæði SL4 á Kaldadal er innan þjóðlendu. Það er á vegum Lands og skógar og gerir sveitarfélagið ráð fyrir að stofnunin hafi samráð við ráðuneytið ef aðgerðir eru fyrirhugaðar.
SK.2	Skipulagsstofnun	Fram kemur í stefnu um óbyggð svæði á bls. 47 að skógrækt til landbóta sé möguleg á óbyggðum svæðum ofan 300 m en þá einungis með íslenskum tegundum. Í stefnu um óbyggð svæði er æskilegt að komi fram í hvaða umfangi og við hvaða aðstæður hún er heimil, þ.e. án sérstakrar afmörkunar á landnotkun í aðalskipulagi. Einnig þarf að skýra forsendur fyrir stefnu um að sveitastjórn geti heimilað gróðursetningu erlendra trjátegunda á slíkum svæðum og bent er á að setja skýr ákvæði varðandi það hvenær slíkt kemur til álita m.a. varðandi verndarsvæði, vistgerðir sem njóta verndar o.fl. 7.13. Óbyggð svæði bls 47 og 51. Skilgreina þarf hvaða trjátegundir eru íslenskar, hafa barrtré t.d. fengið íslenskan ríkisborgararétt ?	Stefnu í kafla 7.13 er breytt og verður eftirfarandi: <u>„Heimilar eru framkvæmdir sem stuðla að endurheimt landgæða, s.s. uppgæðsla lands í samstarfi við bændur, landeigendur og Land og skóga. Allt að 10 ha skógrækt til landbóta er heimil innan heimalanda jarða ofan 300 m h.y.s. svo fremi að svæði njóti ekki verndar, t.d. skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Einungis er heimilt að nota íslenskar trjátegundir.“</u> Stefnu í kafla 7.16 er breytt og verður eftirfarandi: <u>Fyrir ofan 300 m hæð er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur. Sveitarstjórn getur heimilað notkun erlendra trjátegunda, enda sé ekki um að ræða verndarsvæði, vistgerðir eða náttúruvæðingarbærir sem njóta verndar.</u> <u>Íslenskar trjátegundir eru birki, reynir og víðir.</u>
SK.3	Málfriður Kristjánsdóttir	7.16 Skógrækt. Í Dalsmynni var hófst skógrækt um 1985. Hún er ekki samningsbundin heldur hefur alfarið verið á kostnað landeigenda. Meðfylgjandi kort sýnir svæði þar sem hefur verið plantað eða er fyrirhugað að nýta til skógræktar (sjá viðhengi).	<u>Skógræktarsvæði í Dalsmynni verður afmarkað á upprætti.</u>
SK.4	Fanney Einarisdóttir	Geri athugasemd við Sveitarfélagsupprætt vestur. Þar vantar inn svæði fyrir samningsbundna skógrækt og malarnámu. Hvort tveggja hefur verið samþykkt í skipulagi Borgarbyggðar.	Jarðlangsstaðir. <u>Afmörkuð verða nokkur svæði fyrir skógrækt og svæði fyrir efnistöku skv. upprætti frá sveitarfélaginu, skógræktaráætlun og framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt og efnistöku.</u>

SK.5	Pórarinn Skúlason	Óskar eftir að stækka skógræktarsvæðið SL16 upp með Rauðsgili. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn nr. 33.	Skoðað verður að bæta skógræktarsvæðinu inn á uppdrátt en vegna vatnsverndarsvæðis sem áætlað skógræktarsvæði fer að hluta yfir, þá verður leitað umsagnar Veitna um þessi áform. Bent er á að sækja þarf um framkvæmdaáætlun vegna skógræktar og hefur sveitarfélagið óskað eftir því að slíkri umsókn fylgi drög að ræktunaráætlun. Skoðað verður að áréttu það í skilmálum.  Óskað er eftir að svæðið ofan við núverandi skógræktarsvæði SL16 innan bláa rammans verði stækkað og skráð sem skógræktarsvæði.
SK.6	Brúarhraun og Hítardalur – Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir	Stórt berghlaup varð úr Fagraskógarfjalli 2018. Bergfyllan fyllti farveg Hítarár á um 1,5 kílómetra kafla skammt ofan við Kattarfoss. Vatnafar Hítarár er gjörbreytt eftir þennan atburð, þar sem rúmlega 7 km langur árfarvegur neðan skriðunnar er nánast þurr. Ofan skriðunnar myndaðist lón og Hítará fann sér farveg framhjá skriðunni niður í hliðarána Tálma. Mikilvæg hrygningarsvæði eru nú þurr eða undir skriðunni. Vatnsmagn í Tálma hefur aukist til muna og hætta er á að áin flæði yfir bakka sína á þeirri leið í flóðum. Vegslóðar meðfram ánni fylltust af vatni í vatnavöxtum haustið eftir skriðufallið. Hítará er fengsæl laxveiðiá til margra ára og til mikils að vinna að halda því áfram. Veiðifélag Hítarár skoðar því möguleika á að endurheimta mikilvæg hrygningarsvæði og góð veiðisvæði í ánni. Samkvæmt 8. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er heimilt að færa vatn í fornan farveg og koma honum í samt lag innan 20 ára. Í umboði landeiganda Brúarhrauns (L136041) og Hítardals (L136003) er óskað eftir að farvegur Hítarár fyrir berghlaup sé sýndur á uppdrætti endurskoðaðs aðalskipulags. Ástæða þess að landeigendur fara fram á þetta er að ef landeigendur hyggjast færa Hítará til baka í sinn fyrri farveg verður þeim þannig kleift að sækja um framkvæmdaleyfi sbr. 44. gr. skipulagslaga.	Óskað hefur verið eftir því við Sveitarfélagið að setja inn á aðalskipulag heimild til að endurheimta farveg Hítarár. <u>Settur verður inn punktur í landnotkunarflokknum Vötn, ár og sjór (V). Fyrir punktin verða settir inn skilmálar, svo sem um að heimilt sé að endurheimta árfarveg Hítarár þar sem hann lá í gegn um þá skriðu sem féll. Heimilt verður að grafa allt að 1,9 km langan skurð í gegnum berghlaupið og endurheimta þannig rúmlega 7 km langan farveg árinna í gegnum berghlaupið og neðan þess. Áætlað efnismagn sem grafa þarf upp er allt að 350.000 m³ og verður því komið fyrir á bakka árinna.</u> <u>Metin verða líkleg áhrif af framkvæmdinni í umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.</u> Skipulagsstofnun hefur úrskurðað um að framkvæmdin sé ekki háð umhverfismati framkvæmda en sett um hana skilyrði sem þurfi að uppfylla við veitingu framkvæmdaleyfis. Samtal er í gangi milli Skipulagsstofnunar og fulltrúa landeigenda/veiðifélags Hítarár, sveitarfélagsins og fleiri aðila. Breytingar geta orðið á aðalskipulagstillögu í samræmi við niðurstöðu þess samtals. Hér er hlekkur á úrskurð Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar.

			Hér eru tilvísanir í lög sem geta haft áhrif á þessa framkvæmd. 8. gr. vatnalaga nr. 15/1923 [<i>Heimild til að fella vatnsfall í fornan farveg eða koma honum í samt lag.</i>]¹⁾ ☐ Nú breytist farvegur án þess af mannavöldum sé, og er þá landeiganda hverjum, sem mein verður að breytingunni, rétt að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. [Ef til þess þarf afnot af annarri fasteign eru þau heimil en þá getur eigandi þeirrar fasteignar krafist bóta fyrir tjón og óþægindi sem verkið bakar honum. Náist ekki samningar um framkvæmd og/eða bætur getur ráðherra heimilað eignarnám í þessu skyni.]¹⁾ Nú hefir sama ástand haldist í 20 ár eða lengur, og skal þá um það fara svo sem það hefði að fornu fari verið svo. 33. gr. laga um lax og silungsveiði nr. 61/2006 <i>Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.</i> ☐ Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu].¹⁾ Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki]²⁾ og reglum settum samkvæmt þeim. ☐ Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til [Fiskistofu]¹⁾ um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi [Fiskistofu]¹⁾ skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd. ☐ Ef sérstök ástæða þykir til getur [Fiskistofa]¹⁾ krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. [Fiskistofa]¹⁾ getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.
SK.7	Pórarinn Svavarsson	Áhrif af stefnu um skógrækt geta orðið neikvæð því landbúnaðarland getur verið tekið undir skógrækt og skógur getur byrgt sýn til fjalla, fossa eða annarra náttúrufyrirbæra. Til að sporna gegn þessu þá heimilar stefnan ekki að besta ræktunarlandið sé tekið undir skógrækt og skilmálar eru um að skógrækt byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra." Þetta finnst mér veruleg neikvæð sýn á skógrækt og skrifað af vanþekkingu og fordómum, má þá gera ráð fyrir því að hefðbundinn landbúnaður þurfi að gangast undir samskonar sjónrænt mat? Til dæmis ekki vera með ferköntuð tún heldur láta þau falla að landslaginu og ekki vera með akra eða beitarlönd í sjónlínu við náttúruperlur því upplifun ferðalanga gæti spillst.	Þessir skilmálar um skógrækt eru settir því tré geta orðið nokkurra metra há og þá hættir landið og landslagið að sjást fyrir trjám. Eitt af því sem laðar ferðamenn til landsins er víðáttan og víðsýnið. Ferðamenn, bæði íslenskir og erlendir, vilja sjá landið og því er mikilvægt að skógur byrgi ekki sýn til áhugaverðra náttúrufyrirbæra. Eftir sem áður eru svæði sem koma til greina fyrir skógrækt. Ræktun túna, akra og beitiland byrgir ekki sýn til náttúrufyrirbæra.

SK.8	Skógræktarfélag Borgarfjarðar Skógræktarfélag Borgarfjarðar	Skógrækt í nýju aðalskipulagsdrögum Borgarbyggðar talar inn í flest alla þætti þess. Tillagan er mjög jákvæð gagnvart skógræktinni, hún talar um aukningu og stuðning sveitarfélagsins og Skógræktarfélag Borgarfjarðar fagnar því, þó virðist texti aðalskipulagsins tala í mótsögn við sig á nokkrum stöðum, m.a. er fagnað útbreiðslu náttúrulegra birkiskóga sem ekki lúta neinni stýringu, en skógrækt með plöntun og framkvæmdaleyfum sé aftur sniðinn þrengri stakkur og þar er landeigendum bannað að yrkja landið sitt. Þar ber fyrst að nefna lið 8.4 þar er óútskýrður fyrsti liður sem nefnist Loftlagsmál, því næst kemur liður sem nefnist Landbúnaðarsvæði, þar stendur eftirfarandi: “Góðu ræktarlandi verði haldið til haga fyrir matvælaframleiðslu og skal flokkun landbúnaðarlands ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.” Benda á að skógrækt er ekki óafturkræf aðgerð, nema síður sé. Má þar m.a. nefna að Ísland er talið hafa haft um 25-40% skógarþekju við landnám, en hefur eingöngu 2% skógarþekju í dag. Einnig má benda á að ein helsta ástæða skógareyðingar á alþjóðavísu í dag er vegna þess að skógar eru ruddir undir landbúnaðarland jafnvel í trássi við alþjóðalög. Það að banna ræktun á besta ræktarlandi kemur því undarlega fyrir sjónir og sér í lagi ef að helsta ástæðan sé vegna fæðuöryggis Íslendinga. Að okkur vitandi hafa hvorki ríkið né sveitarfélög sett kvaðir á landeigendur um að þeim beri að rækta matvæli eða fóður til matvælaframleiðslu á sínum jörðum þrátt fyrir að land þeirra flokkist í flokk I. og virðist landeigendum því í sjálfsvald sett hvernig þeir ráðstafi sínu landi að öllu leyti, nema til skógræktar. Í kafla 8.4.5 stendur eftirfarandi málsgrein: “Neikvæð áhrif geta verið því landbúnaðarland er tekið undir samfellda skógrækt, jafnvel á stórum svæðum. Mögulegt er að fjarlægja skóg af landi en slík aðgerð er tímafrek og kostnaðarsöm og ekki líklegt að til þess komi.” Öll uppræktun lands krefst vinnu þungavinnuvéla, munurinn á því að fjarlægja skóg af fyrrum ræktarlandi er sá að lífmassinn sem myndast hefur í trjánum er verðmæt afurð sem hægt er að vinna og selja um leið og land yrði brotið að nýju. Skógræktarfélag Borgarfjarðar hefur ekkert út á aðra notkun lands í I. flokki að setja, en bendir á þá ósanngirni sem gæti með þessu ákvæði. Sem einnig hamlar fjárfestingum, auðlindasköpun, atvinnu, viðbrögðum við loftlagsmálum bæði í formi kolefnishlutleysis og sjálfbærni til framtíðar. Því leggur félagið til að heldur verði fyrra ákvæði látið standa þar sem mælst er til að rækta skóga utan góðs ræktunarlands, þ.e.a.s. ef að Borgarbyggð telji það nauðsyn að hamlar fjárfestingum landeigenda í að yrkja landið sitt til þessarar innviða og verðmætasköpunar.	Náttúrulegt birkikjarr nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Skv. landsskipulagsstefnu þá skal góðu ræktunarlandi haldið til haga til matvælaframleiðslu og er stefna vinnslutillögu í samræmi við það. Því er aðeins heimilt að vera með skjólbelti á besta ræktunarlandinu en ekki samfellda skógrækt. Heimilt er að rækta allt að 10 ha skóg á landbúnaðarlandi (nema landi í flokki I) en umfangsmeiri skógrækt kallar á breytingu á aðalskipulagi. Það sama gildir fyrir önnur áform landeigenda, ef t.d. hugmyndir eru um einhvers konar atvinnurekstur þá þarf að breyta aðalskipulagi og setja inn heimildir fyrir starfseminni og viðeigandi landnotkunarflokk. Nýting lands skal ávallt vera í samræmi við heimildir í aðalskipulagi, og eftir atvikum deiliskipulagi.
SK.9	Umhverfisstofnun	Skógrækt. Mikilvægt að gera grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt. Sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt ef stefnt er að eflingu skógræktar innan sveitarfélagsins og að sett verði fram sérstök markmið um hvernig standa beri að skógrækt. Stofnunin telur nauðsynlegt að sett verði	Afmörkuð eru svæði undir skógrækt á skipulagsupprætti og stefna um þau í greinargerð. Einnig er mörkuð stefna um minni skógrækt og skjólbeltarækt

		sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum, búsetuminjum eða búsvæðum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða eða hafi neikvæði áhrif á búsvæði mófugla; a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.	sem heimil er á landbúnaðarsvæðum. Sett eru ýmis sértæk skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að hún sé ekki heimil á svæðum sem njóta verndar.
SK.10	Náttúrufræðistofnun	Náttúrufræðistofnun hefur rýnt þau svæði þar sem skógræktarsvæði eru afmörkuð í vinnslutillögunni og setur varnagla við eftirfarandi svæði. Svæði SL3 í Hítardal er afar stórt svæði sem er m.a. staðsett á sögulegu hrauni sem fellur undir ákvæði 61. greinar, Hagahraun og Hólmskraun. Það stangast á við þá stefnu sem sett er fram í vinnslutillögunni um að rækta ekki skóg á svæðum sem njóta verndar þ.m.t. vegna jarðminja.	SL3 er samningsbundið landgræðslusvæði en þar er ekki heimild til skógræktar. <u>Þetta verður áréttað í skilmálum.</u>
SK.11	Náttúrufræðistofnun	Svæði SL47 við Skíðsholt á Mýrum, svæði SL44 norðan við Langárfoss og svæði SL41 við Þursstaði eru á svæðum þar sem votlendi er umfangsmikil og falla einnig undir sérstaka vernd a.m.k. að hluta. Umfangsmikil skógrækt á lítið erindi á þessi svæði að mati Náttúrufræðistofnunar. Ekkert kemur fram í vinnslutillögunni um hvers konar skógrækt sé áformuð þarna.	Samningur er um skógrækt á öllum svæðunum. Í vinnslutillögu er sett stefna sem taka þarf tillit til við skógræktaráform og að skógrækt á 10 ha svæði eða meira skuli hafa viðeigandi landnotkun í aðalskipulagi. Með þessum hætti gefst sveitarfélaginu og umsagnaraðilum tækifæri til að hafa skoðun á og áhrif á skógræktaráform og staðarval fyrir skógrækt.
SK.12	Náttúrufræðistofnun	Stór skógræktarsvæði eru áformuð á svæðum þar sem ekki er ólíklegt að þéttleiki mófugla sé umtalsverður og mikilvægt er að lagt sé mat á það og áformin aðlöguð að því mati. Dæmi um slík svæði eru svæði SL60 í sunnanverðum Flókadal og SL58 við Kollslæk í ofanverðum Reykholtisdal.	Samningur er um skógrækt á báðum svæðunum.
SK.13	Land og skógur	Eitt atriði í stefnunni er: Skógrækt skal taka tillit til og veita svigrúm fyrir útbreiðslu náttúruskóga. Stefnt er að endurheimt náttúrulegra birkiskóga. Í náttúrulegum birkiskógum er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur. Ekki er ástæða til annars en að taka undir tvær seinni setningarnar. Hinsvegar er örðugt að sjá fyrir sér í fyrstu setningunni hvað það merkir í reynd að skógrækt skuli veita svigrúm fyrir útbreiðslu náttúruskóga. Skv. skilgreiningu í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 eru náttúruskógar einungis þeir skógar af innlendum trjátegundum sem eru sjálfsáðir. Það sem helst hamlar því að birkiskógar komist á legg með sjálfsáningu eru mikil beit búfjár, hvers konar ræktun þar sem jörð er bylt eða gras slegið, og erfið vaxtarskilyrði smáplantna. Birki (og víðir) geta vel dreift sér inn í skógræktarsvæði, þó að ekki verði til náttúruskógar inni í ræktuðum skógum, eðlilega. Að skógrækt skuli veita náttúruskógum svigrúm til útbreiðslu gæti því í raun verið tálkað þannig að ekki mætti koma upp ræktuðum skógi í grennd við náttúruskóg. Slíkt er mögulega of vel í lagt og náttúruskógum ekki nein sérstök lyftistöng (þeir breiðast nú þegar nokkuð hratt út), en hinsvegar gæti það hamlað verulega nýskógrækt þar sem hún á annað borð gæti verið fýsileg. Það er þessvegna tillaga stofnunarinnar að fyrsta setningin í atriðinu verði þannig: Náttúrulegum skógum skal veitt svigrúm til útbreiðslu.	Í stað setningarinnar „Skógrækt skal taka tillit til og veita svigrúm fyrir útbreiðslu náttúruskóga“ verður sett inn setningin „ <u>Náttúrulegum skógum skal veitt svigrúm til útbreiðslu</u> “.

SK.14	Land og skógur	Landgræðsla verði nýtt til að endurheimta gróður og landgæði og stöðva eða koma í veg fyrir rof, þar sem þess kann að vera þörf. Rétt væri að nefna einnig skógrækt í þessu samhengi. Það er því tillaga stofnunarinnar að setningin verði: Landgræðsla, og eftir atvikum skógrækt, verði nýtt til að endurheimta gróður og landgæði og stöðva eða koma í veg fyrir rof, þar sem þess kann að vera þörf.	Viðbót er sett í stefnu um skógrækt og landgræðslusvæði í kafla 6.3. „Landgræðsla, og eftir atvikum skógrækt, verði nýtt til að endurheimta gróður og landgæði og stöðva eða koma í veg fyrir rof, þar sem þess kann að vera þörf.
SK.15	Land og skógur	Skógræktaráætlun fylgi umsókn um framkvæmdaleyfi. Stofnunin bendir á að skýra þyrfti hvað felst í „skógræktaráætlun“. Það verður að vera skýrt að ekki sé um að ræða ræktunaráætlun, sem er nokkuð kostnaðarsamt að smíða og er ekki gert nema fyrir liggja framkvæmdaleyfi eða vilyrði fyrir veitingu þess. Það er eðlilegt að við umsókn um framkvæmdaleyfi liggja fyrir helstu hugmyndir um t.d. slóða, jarðvinnslu, tegundaval og markmið skógræktarinnar, en það er ótækt að þess sé krafist að skila þurfi inn ítarlegri og kostnaðarsamri áætlun með framkvæmdaleyfisumsókn. Stofnunin hvetur sveitarfélagið til að hafa það skýrt hvaða gögn þurfa að fylgja framkvæmdaleyfisumsókn. Það er því tillaga stofnunarinnar að orðavalinu verði hnikað aðeins, og verði: Með framkvæmdaleyfisumsókn skal fylgja áætlun um skógrækt, úrtök og vegi eftir því sem við á hverju sinni.	Setningu í kafla 6.3. verður breytt í samræmi við umsögn, og færð yfir í almenna skilmála um Skógræktar og landgræðslusvæði. „Með framkvæmdaleyfisumsókn skal fylgja áætlun um slóða, jarðvinnslu, tegundaval og markmið skógræktarinnar, eftir því sem við á hverju sinni.“
SK.16	Land og skógur	Það er í sjálfu sér á valdi hvers sveitarfélags hversu stór skógræktarsvæði mega vera á landbúnaðarlandi (L) áður en þess er krafist að þau séu færð á aðalskipulag sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL). Að hafa mörkin við 10 ha hámark er í minna lagi, hjá mörgum sveitarfélögum eru þau 50 ha eða 200 ha og allt þar á milli. Til þess að setja 10 ha í samhengi þá eru tún sem duga meðalstóru búi kannski um 30-100 ha eftir aðstæðum, algeng stærð á skógræktarsamningum á bújörðum eru 20-80 ha (ekki eru gerðir samningar um skógrækt á minna en 10 ha). Íþróttasvæðið í Borgarnesi vestan sundlaugarinnar er um 3 ha, og iðnaðarsvæðið við Engjaás og Sólbakka er um 15 ha. Það er af hinu góða að sveitarfélag hafi yfirsýn yfir skógræktaráform. Hinsvegar er það vel hægt án þess að stefna skógræktendum út í kostnaðarsamar aðalskipulagsbreytingar. Það er hægt að hafa góða yfirsýn með t.d. skýrum kröfum um gögn sem fylgja þurfa umsókn um framkvæmdaleyfi. Land og skógur styrkir landeigendur á ýmsan hátt, m.a. til skógræktar á lögbýlum, sbr. IV. kafla laga um skóga og skógrækt og reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015. Það kann vel að vera að það að krefjast aðalskipulagsbreytinga við tiltöluleg lága hektaratölu (hér 10 ha) verði til þess að landeigendur sækja síður um að komast inn í þessi verkefni. Líklegt má telja að slíkt kæmi helst niður á minni verkefnum einstaklinga en síður niður á stærri aðilum og/eða verkefnum. Stofnunin telur mikilvægt að skoðað sé hvaða mörk (sem eru 10 ha í aðalskipulagstillögunni) eru eðlileg og henta aðstæðum. Framkvæmdaleyfisumsóknir einar og sér ættu, ef vel er á málum haldið, að duga til þess að öllum eðlilegum kröfum um yfirsýn, fagmennsku og samráð sé mætt. Framkvæmdaleyfisumsóknir geta þannig verið betri leið að settum markmiðum en krafa um aðalskipulagsbreytingu, og auk þess mun kostnaðarminni. Með	Sveitarfélagið vill að landnotkun í aðalskipulagi sé í samræmi við landnotkun á hverjum stað. Af því leiðir að ef um er að ræða stærri skógræktarsvæði þá sé landnotkun í aðalskipulagi skógræktar- og landgræðslusvæði og settir viðeigandi skilmálar/heimildir fyrir hvert svæði. Skógrækt er stunduð mjög víða í sveitarfélaginu og skiptir máli að hafa yfirsýn yfir þau svæði og þær viðbætur sem eru gerðar. Þess vegna telur sveitarfélagið að rétt sé að miða við 10 ha.

		framkvæmdaleyfisumsókn er hægt að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að grenndarkynna skógræktaráformin eða leita álits fagstofnana um áformin.	
SK.17	Land og skógur	Einn skilmálanna í kafla 7.15 fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði er: Ný skógræktaráform sem ná til 10 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað með reit í þessum flokki á aðalskipulagsupprætti. Svæði undir 10 ha að stærð í dreifbýli eru ekki færð inn á skipulagsuppráttinn ef þau falla að ákvæðum um skógrækt á landbúnaðarsvæðum. Stofnunin hvetur Borgarbyggð til að hafa mörkin hærri en 10 ha. Þá væri eftir atvikum hægt að færa skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) inn á upprátt ASK við endurskoðun þess þegar þar að kemur, eftir á.	Borgarbyggð vill miða við 10 ha.
SK.18	Land og skógur	Stofnunin gerir ekki athugasemd við að skógrækt sé óheimil á mjög góðu ræktarlandi (í flokki I), en það má þó benda á að skógar í kringum og innan um gott ræktarland auka afrakstur af því, minnka hættu af foki og öðrum samskonar áföllum í ræktun o.s.frv. Það er þess vegna vel athugandi að leyfa nýtjaskógrækt á litlum hluta landbúnaðarlands í flokki I, ef það þykir sýnt að af því verði ávinningur fyrir aðra ræktun í grenndinni. Það er í sjálfu sér góð nýting á landi, og óþarfi að takmarka skógrækt þar við landbætur, fegrun, skjól og landgræðslu. Að ofansögðu er það tillaga stofnunarinnar að skilmálinn verði orðaður þannig (breytingar undirstrikaðar): Skógrækt á allt að [?] ha er heimil á landbúnaðarsvæðum. Skógrækt getur falist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta, fegrunar og skjóls <u>og annarra nýtia</u> auk landgræðslu. Stærri skógrækt ([?] ha og stærri) skal vera á skógræktar- og landgræðslusvæði. Á landbúnaðarlandi í flokki I er heimilt að vera með skjólbelti <u>og minni trjálundi til skjóls</u> en ekki <u>samfellda skógrækt án þess að sýnt þyki að það sé til hagsbóta fyrir aðra ræktun</u> . Sama gildir um svæði sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja.	Heimilt er að rækta skjólbelti á landbúnaðarlandi í flokki I og mynda þannig skjól fyrir ræktun. Sveitarfélagið tekur ekki undir tillögu stofnunarinnar.
SK.19	Land og skógur	Í aðalskipulagstillögunni eru ekki sérstakar hömlur á skógrækt á góðu ræktarlandi (Landbúnaðarlandi í flokki II). Það má benda á að víða flokkast framræst votlendi sem gott eða mjög gott ræktarland, enda eru framræst votlendi oft slétt, og jarðvegurinn djúpur og frjósamur. Stofnunin hvetur til þess að framræst land, sem hægt er að endurheimta sem votlendi, sé ekki tekið til skógræktar nema hún sé beinlínis hugsuð til þess að skýla ræktun í nágrenni sínu. Skjólbelti og minni trjálundir ættu að duga til þess.	Eftirfarandi viðbót verður sett inn í skilmála um skógræktarsvæði: <u>„Framræst land, sem hægt er að endurheimta sem votlendi, sé ekki tekið til skógræktar, nema skjólbelti til að skýla landi.“</u>
SK.20	Land og skógur	Í kafla 7.13 (bls. 47-48) er fjallað um óbyggð svæði. Þar kemur fram: Heimilar eru framkvæmdir sem stuðla að endurheimt landgæða, s.s. uppgræðsla lands í samstarfi við bændur, landeigendur og Land og skóg. Skógrækt til landbóta er heimil ofan 300 m h.y.s. Einungis er heimilt að nota íslenskar trjátegundir. Í ákvæðinu er gengið framur 10. gr. reglugerðar um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000, þar sem segir að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi sé óheimil alls staðar ofan 400 metra h.y.s. Við lauslega skoðun virðist ekki vera stunduð nein skógrækt í Borgarbyggð ofar 300 m h.y.s., en ef til vill væri betra að loka ekki algerlega fyrir notkun erlendra	Sveitarfélagið vill hafa skýra skilmála um skógrækt ofan 300 m y.s. Ekki er tekið undir tillögu frá Landi og skógi.

		trjáteguna ofan 300 m h.y.s. (og neðan 400 m h.y.s.), ef til þess eru sérstakar ástæður. Það er því tillaga stofnunarinnar að ákvæðið verði orðað þannig (breytingar undirstrikaðar): Heimilar eru framkvæmdir sem stuðla að endurheimt landgæða, s.s. uppgræðsla lands í samstarfi við bændur, landeigendur og Land og skóg. Skógrækt til landbóta <u>eða annars</u> er heimil ofan 300 m h.y.s. <u>Að jafnaði</u> skal nota íslenskar trjátegunir <u>nema til annars séu sérstakar ástæður</u> .	
SK.21	Land og skógur	Í inngangi kemur fram að í Landi og lífi - landgræðsluáætlun og landsáætlun um skógrækt, séu gæðaviðmið fyrir val á landi til skógræktar m.t.t. náttúruverndar, minjaverndar og landslags. Hið rétta er að mælt er fyrir um það í Landi og lífi að þessi gæðaviðmið skuli búin til. Þau eru nú þegar í smíðum, en gæðaviðmiðin er semsagt ekki að finna í Landi og lífi. Rétt væri að laga setninguna hvað þetta varðar.	Verður lagfært.
SK.22	Land og skógur	Enn einn skilmálanna í kafla 7.16 er: Þess skal gætt að skógrækt byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra. Ekki er ástæða til annars en að taka efnislega undir þennan skilmála, enda eru verðmæti fólgin í útsýni og sýn til mikilsverðra fyrirbæra, s.s. fossa. V.a.m. er það í leiðbeiningum um skógrækt sem finna má í viðauka IV við reglugerð nr. 285/2015 um landshlutaverkefni í skógrækt, að skógur skuli „falla vel að landslagi og að mikilvægir útsýnisstaðir séu varðveittir.“ Hinsvegar býður það heim allt of rúmri túlkun að banna að skógrækt byrgi sýn frá ferðaleiðum að áhugaverðum náttúrufyrirbærum. Jafnvel mætti skilja það sem svo, að átt sé við akvegi og sýn frá þeim til fjalla, áa, gilja o.s.frv. Þetta gæti sett allri skógrækt verulegar og ómálefnalegar hömlur. Það er því tillaga stofnunarinnar að setningin verði löguð, t.d. svona: Þess skal gætt að <u>skógur</u> byrgi ekki sýn til fossa eða annarra <u>mikilsverðra</u> náttúrufyrirbæra, og <u>hindri ekki sýn frá mikilvægum útsýnisstöðum</u> .	Gerð verður breyting á almennum skilmálum. Almennur skilmáli fyrir skógræktar- og landgræðusvæði var: „Þess skal gætt að skógrækt byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra.“ Texti verður: „Þess skal gætt að <u>skógur</u> byrgi ekki sýn til fossa eða annarra <u>mikilsverðra</u> náttúrufyrirbæra, <u>og hindri ekki sýn frá mikilvægum útsýnisstöðum</u> .“
NL	Náttúruvá og loftslag		
NL.1	Vegagerðin vestursvæði	„Uppbygging mannvirkja neðan 5 m h.y.s. er óheimil vegna mögulegrar flóðahættu nema hægt sé að færa rök fyrir undanþágu.“ Vegagerðin kannast ekki við tilgreinda viðmiðunarhæð, 5 m h.y.s. vegna mögulegrar flóðahættu. Hafa skal samráð við hafnasvið Vegagerðarinnar við ákvörðun á mögulegri flóðalínu sjávarflóða.	Þessi viðmiðunarhæð er í gildandi skipulagi. Haft hefur verið samráð við hafnarsvið Vegagerðarinnar um ákvörðun um viðmiðunarhæð fyrir land og byggingar á lágsvæðum í Borgarnesi <u>og verður umfjöllun í aðalskipulagi uppfærð miðað við þessar nýju upplýsingar</u> .
AÚ	Auðlindir, efnistaka og úrgangur		
AÚ.1	Fiskistofa	Benda á að efnistaka getur haft neikvæð áhrif á lífríki vatnsfalla og þar með veiðinytjar.	Tekið er undir þetta og vill sveitarfélagið standa vörð um vatnsföll og veiðinytjar. Í tillögunni er stefna um að lágmarka skuli áhrif efnistöku á landslag, lífríki, náttúru og minjar og forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.
AÚ.2	Málfríður Kristjánsdóttir	6.7.2 Jarðefni	<u>Þætt verður við almennum texta um umgengni og frágang þessara náma.</u>

		Efnistaka: Landeigandi má nýta 500 m ³ á eign landi. Þetta eru yfir 5 stórir vörubílar á ári. Það hlýtur að sjá á landi eftir þetta. Vantar texta um frágang.	
AÚ.3	Málfríður Kristjánsdóttir	7.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði; Norðurárdalur Á nokkrum jörðum í Norðurárdal er gert ráð fyrir að taka megi 20.000 m ³ af mól við árnar. Ekki er tilgreint hvort það er á ári eða á 12 árum. Í Hvammi og Hvassafelli/Dalsmynni er gert ráð fyrir 40.000 m ³ á hvorum stað. Þetta eru sennilega einu jarðirnar þar sem framburður áнна er nægilegur.	Viðmið um magn sem er heimilt að vinna í námum er á vinnslutíma námunnar. <u>Áréttað verður í greinargerð að svo sé.</u>
AÚ.4	Málfríður Kristjánsdóttir	Á Dýrastöðum er gert ráð fyrir 2 námum (E263 er ekki merkt á kort) hvor með 20.000 m ³ .	E263 er sýnd á uppdrætti en númerið birtist ekki. <u>Verður lagað.</u>
AÚ.5	Málfríður Kristjánsdóttir	Í Hvammi er gert ráð fyrir efnislosunarsvæði en samkvæmt skilgreiningu er það svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna sem falla til t.d. vegna byggingarframkvæmda. Hvers vegna er gert ráð fyrir þessu í Hvammi?	Farið verður yfir texta þannig að skýrt sé að þetta <u>sé efnistökusvæði.</u>
AÚ.6	Málfríður Kristjánsdóttir	Almennt kemur ekki nógu skýrt fram í texta að framkvæmdaleyfi þurfi fyrir efnistöku við árnar og að leita þurfi umsagnar veiðifélags, Fiskistofu o.s.frv.	Bæta við í almenna skilmála <u>að öll efnistökusvæði skuli hafa framkvæmdaleyfi og leita skuli umsagnar viðeigandi umsagnaraðila við útgáfu þess.</u>
AÚ.7	Málfríður Kristjánsdóttir	7.10 Landbúnaðarsvæði. Landeiganda heimilt að taka allt að 5.000 m ³ af efni til eigin nota innan síns lands. Þetta er tíu sinnum meira magn en í kafla 6.7.2.	Verður samræmt, <u>á að vera 500 m³.</u>
AÚ.8	Vegagerðin vestursvæði	„Námur sem eru nýttar yfir lengra tímabil skal lokað, eftir því sem kostur er, milli þess sem þær eru nýttar.“ Stofnunin telur að gera þurfi frekari grein fyrir því hvernig lokun eigi að vera háttað. Er átt við takmörkun á aðgengi eða frágang á námum? Vegagerðin telur ekki æskilegt að ganga frá námum meðan þær eru skilgreindar í aðalskipulagi.	Í umsókn um framkvæmdaleyfi á að koma fram hvernig lokun náma verður háttað. Ekki er ástæða til að tilgreina það frekar í aðalskipulagi.
AÚ.9	Þórarinn Skúlason	Náma E49 á að færast vestar. Sjá mynd sem fylgdi með umsögn.	<u>Verður lagað.</u>
AÚ.10	Eiður Ólason Glitstöðum	Óska ég eftir að malarnáma á Glitstöðum verði látin halda sér inni á aðalskipulagi.	Ekki þörf á viðbrögðum.
AÚ.11	Náttúrufræðistofnun	Varðandi efnistöku er fallið frá gildandi stefnu að fækka efnistökusvæðum og hafa frekar fleiri en smærri efnistökusvæði t.d. nálægt stofnvegum og eru ný svæði afmörkuð meðfram Kaldadalsvegi með það að markmiði. Það getur verið jákvæð stefna til að forðast mikil ásynðaráhrif vegna stærri efnistökusvæða og getur auðveldað frágang þegar efnistöku er hætt. Huga þarf samt vel að áhrifum efnistöku á landslag og einnig lífríki t.d. fuglalífs þar sem það er auðugt því auk rasks fylgja efnistöku stundum truflanir vegna umferðar og rykmengunar.	Öll ný efnistökusvæði á hálendinu eru lítt eða ógróin og nánast í vegkantinum. Því er ekki búist við að efnistakan hafi áhrif á lífríki, fugla eða landslag.

U	UMHVERFISMATSSKÝRSLA		
U.1	Forsætisráðuneytið	Umfjöllun um þjóðlendur í forsenduhefti. Benda á breytingar sem gerðar voru á þjóðlendulögum í júní s.l. Nú þarf leyfi ráðherra fyrir aðgerðum sem miða að bindingu kolefnis eða að draga úr losun innan þjóðlendu.	<u>Umfjöllun verður lagfærð í samræmi við ábendingu.</u>
U.2	Skipulagsstofnun	Í kafla 4.1 í forsendum og umhverfismatsskýrslu er fjallað um breytingar á íbúafjölda og mannföldaspá og er tekið fram að háspá íbúðarþarfar á skipulagstímabilinu sé 1.094 íbúðir. Gildandi aðalskipulag heimilar um 1.300 íbúðir í fjölbreyttu íbúðarformi og fullnægir þ.a.l. áætlaðri þörf á skipulags-tímabilinu. Í vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi er hins vegar lagt upp með að þéttbýlið í Borgarnesi stækki vestur fyrir Borgarvog með íbúðarbyggð sem geri ráð fyrir um 2.765-3.160 íbúðum auk þéttingaráforma innan núverandi byggðar og íbúða innan miðsvæðis. Í sveitarfélaginu öllu er því skv. tillögunni heimiluð uppbygging allt að 4770 íbúða. Fram kemur að þessi áform séu umfram áætlaða þörf á skipulagstímabilinu og því er uppbyggingunni forgangsraðað.	Svæðið vestan Borgarvogar hefur í tveimur síðustu aðalskipulögum verið á áætlun sem framtíðar byggingarland. Við síðustu endurskoðun aðalskipulags var ljóst að ekki væri þörf á svæðinu á gildistíma skipulagsins. Erfitt er að spá fyrir um hvar í sveitarfélaginu fólk vill setja sig niður en sveitarfélagið lítur á Borgarnes sem aðal þéttbýliskjarna sveitarinnar til framtíðar og að uppbyggingu verði einkum beint þangað. Því vill sveitarfélagið að svæðið við Borgarvog verði tekið frá sem framtíðar byggingarland og að á skipulagstímanum verði hægt að vinna að frekari útfærslu byggðar á svæðinu.
U.3.	Skipulagsstofnun	Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð í Borgarvogi er í tillögu Náttúrufræðistofnunar að B-hluta náttúruminjaskrár og er að stórum hluta til votlendi sem nýtur verndar samkvæmt lögum. Þessi áform virðast því stangast á við stefnu Borgarbyggðar í loftslagsmálum samkvæmt tillögunni (bls. 22) þ.e. að við skipulag landnotkunar verði leitað leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda s.s. með fyrirkomulagi samgangna, skógrækt og verndun og endurheimt votlendis. Þá gefur niðurstaða umhverfismats til kynna að stefnan kunni að hafa í för með sér neikvæð áhrif á flesta umhverfisþætti. Með hliðsjón af ofangreindu telur Skipulagsstofnun að gera þurfi grein fyrir því hvaða aðrir valkostir hafa komið til umfjöllunar varðandi þróun þéttbýlisins til langrar framtíðar en sem sveitarstjórn hefur ekki talið ákjósanlega og þannig verði færð rök fyrir þessum valkosti. Ennfremur þarf að setja skýr skipulagsmarkmið með fyrirvara um nánari valkostagreiningu á uppbyggingu á svæðinu og skilgreiningu á sérákvæðum, m.a. um vöktun og mótvægisáðgerðir í framtíðinni áður en kemur til framkvæmda. Vestan Borgarvogar gilda ákvæði laga um náttúruvernd, ekki síst votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt lögnum ber að forðast að raska slíku votlendi nema brýna nauðsyn beri til. Fjalla þarf um skipulagstillöguna með hliðsjón af ákvæðum laganna og skýra hvaða hagsmunir samfélagsins skapi brýna nauðsyn á að reisa íbúðabyggð á slíkum svæðum.	Valkostir um þróun íbúðabyggðar. <u>Bætt verður í umfjöllun í umhverfis-skýrslu og forsendur um hvers vegna það er val sveitarfélagsins að þróa byggðina til vesturs. M.a. verður miðað við eftirfarandi punkta.</u> - Þetta er land sem er vel tengt v. samgangna. - Er við ströndina eins og Borgarnes er í dag. - Til norðurs er verið að þróa atvinnusvæði og íþróttasvæði, auk þess sem hringvegur og Snæfellsnesvegur liggur þar um. - Færa á Snæfellsnesveg frá svæðinu við Borgarvog sem gefur tækifæri til þess að á þessu svæði séu innanbæjargötur. - Landssvæðið er um margt líkt þeim íbúðarsvæðum sem eru fyrir í Borgarnesi, klapparholt með lægðum á milli. - Góð tenging fyrirhuguð með göngubru þv yfir vögginn að núverandi byggð. - Tilraun til að halda íbúðabyggðinni í hnapp með göngutengingu um vögginn frekar en að lengja hana til norðurs. - Borgarnes er langur bær og fjarlægðir miklar. Ekki er talin góður kostur að lengja bæinn með íbúðabyggð enn meira til norðurs. - Þarna eru góðir möguleikar á stækkun seinna meir. - Landið er í eigu sveitarfélagsins. Sex ár eru síðan Náttúrufræðistofnun lagði fram tillögur sínar að svæðum á B hluta náttúruminjaskrár. Það er rétt að stefnan stangast á við stefnu um verndun votlendis. Þess vegna er sett stefna um að leitast skuli við að halda í votlendi innan um og saman við byggðina og ef þarf að nýta blágrænar ofanvatnslausnir til að

			viðhalda votlendinu. Þetta skuli útfært í deiliskipulagi ásamt því að gera áætlun um endurheimt votlendis.
U.4	Skipulagsstofnun	Í forsenduskýrslu þarf einnig að taka saman fjölda óbyggðra íbúða í hverri íbúðarbyggð sem nýttist sem grunnforsendur í mótun skipulagsstefnunnar.	<u>Þetta verður yfirfarið.</u>
U.5	Skipulagsstofnun	Í áherslum í loftslagsmálum setur sveitarfélagið sér markmið sem styðja við stefnumörkun stjórnvalda, en þær virðast ekki endurspeglast nægilega vel í mati á áhrifum stefnunnar á umhverfið. Meta þarf hvaða líklegu áhrif, eða breytingar, stefnan eða einstakar framkvæmdir geta haft á losun gróðurhúsalofttegunda, til aukningar eða minnkunar, jákvæð eða neikvæð áhrif.	Í umhverfismatsskýrslu eru heildaráhrif af stefnu aðalskipulags metin á loftslag og er stefna í landsskipulagsstefnu nýtt sem umhverfisviðmið. Auk þess eru áhrif á loftslag metin vegna íbúðarbyggðar vestan Borgarvogar, hverfisverndar, skógræktar, efnistöku og breytinga á Uxahryggjavegi. Í umhverfismatsskýrslu koma fram líkleg áhrif og tekið er fram hver áhrifin eru og af hverju. Ekki er tekið undir að markmiðin endurspeglast ekki nægilega vel í mati á áhrifum stefnunnar.
U.6	Skipulagsstofnun	Í forsendum og umhverfismatsskýrslu segir að stefna um skógrækt hafi jákvæð áhrif á landbúnaðarland, þar sem ekki er heimilt að taka besta ræktunarlandið undir skógrækt. Skipulagsstofnun bendir á að réttar væri að orða það svo að heimildir fyrir skógrækt á landbúnaðarlandi hafi óveruleg áhrif á nýtingu „mjög góðs ræktunarlands“ sem flokkað hefur verið í flokki I, þar sem engin breyting á sér stað, en geti haft neikvæð áhrif á nýtingu „góðs landbúnaðarlands“ sem flokkað hefur verið í flokki II til matvælaframleiðslu.	<u>Verður breytt eins og Skipulagsstofnun leggur til.</u>
U.7	Skipulagsstofnun	Í kafla 6.5 um loftslagsbreytingar er nefnt sem dæmi að draga megí úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að auka skógrækt. Skipulagsstofnun bendir á að æskilegt er að sett verði viðmið varðandi þá þætti sem horfa þarf til við staðarvalsáskvarðanir fyrir skógrækt m.a. varðandi gróðurþekju og núverandi áætlaða bindingu viðkomandi svæða o.fl. sem meta þarf þar sem staðsetning og önnur atriði geta haft mikil áhrif á kolefnisföngun skóglendis.	Í kafla 7.16 eru skilmálar um hvar forðast skuli skógrækt. Ekki er gengið lengra í þessari umfjöllun.
U.8	Land og skógur	Við matsþáttinn Gróður og dýralíf er aðeins ein matsspurning: Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Ofngreind matsspurning er ef til vill of þröng og óhentug til að einsömul leggja mat á þáttinn Gróður og dýralíf. Enda eru viðmiðin fyrir umhverfisþáttinn mun breiðari efnislega. Með því að láta einu matsspurninguna við þáttinn snúa eingöngu að verndun vistgerða, tegunda og búsvæða sem njóta verndar er verið að skauta framhjá öðrum mjög mikilvægum spurningum, eins og þeim hvort stefnan stuðli að endurheimt landgæða og aukningu þeirra, og vernd jarðvegs. Rétt væri að lagfæra þetta, og er það ábending stofnunarinnar.	<u>Þætt verður við umfjöllun þannig að matsspurning snúi að því hvort stefnan stuðli að endurheimt landgæða og aukningu þeirra, og vernd jarðvegs.</u>
U.9	Land og skógur	Í forsendum og umhverfismatsskýrslu eru í kafla 7.2. um lífríki (bls. 20) tilgreindar vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þ.m.t. náttúrulegt birkikjarr og birkiskógar. Rétt er að benda á, að eftir breytingu á náttúruverndarlögum sem gerð var 2015 (Lög um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, nr. 109/2015) falla langt í frá allir náttúrulegir birkiskógar undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Bent var á þetta í athugasemd Skógræktarinnar við lýsinguna að nýju aðalskipulagi. Að því sögðu hvetur stofnunin til þess að Borgarbyggð láti í aðalskipulagi sínu	Vernd birkiskóga fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Sveitarfélagið telur að sú verndun gildi fyrir öll svæði.

		birkiskóga njóta vissrar verndar fyrir t.d. framkvæmdum, enda er það eitt af markmiðum laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019, að „vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra.“	
U.10	Land og skógur	Á mynd 10 er slegið saman náttúrulegum birkiskógum og -kjarri og ræktuðum skógum. Undirritaður telur slíkt í sjálfu sér ekki neitt slæmt, en þó er óskýrt af hverju það er gert. Mögulega væri æskilegt að hafa skýrara yfirlit um uppruna skóglendis í sveitarfélaginu (náttúruskógar eða ræktaðir).	Ítarlegri upplýsingar eru í gagnagrunnum Lands og skógar en valið er að sýna þetta með ákveðinni einföldun.
U.11	Land og skógur	Í Forsendum og umhverfismatsskýrslu er í kafla 7.4. um náttúruvernd (bls. 22) er rétt að tiltaka Land og skóg í stað Skógræktarinnar.	<u>Verður lagfært.</u>
U.12	Land og skógur	Í umhverfismatinu á nýrri stefnu um skógrækt (bls. 47) er lagt mat á neikvæð áhrif stefnunnar á samfélag, og er það með þessum orðum: Neikvæð áhrif geta verið því landbúnaðarland er tekið undir samfellda skógrækt, jafnvel á stórum svæðum. Mögulegt er að fjarlægja skóg af landi en slík aðgerð er tímafrek og kostnaðarsöm og ekki líklegt að til þess komi. Hér er rétt að benda á að stefnan felur í sér að mjög gott landbúnaðarland sé ekki tekið undir samfellda skógrækt, og þá er að sama skapi vandséð að það sé eitthvað sérstaklega neikvætt fyrir samfélagið ef lakt ræktarland er tekið undir skógrækt. Að mati fagaðila í skógrækt er vel gerlegt að fjarlægja skóg án mikils tilkostnaðar. Það er ekki heldur sérstaklega tímafrekt. Skóg er hægt að fjarlægja með skógarhöggi, og hægt er að krabba upp trjástubba ef það er nauðsynlegt að losna við þá. Það er svo annað mál, hvort líklegt sé að til slíks komi, en eftir því sem byggð verður þéttari þá er líklegra að til þess komi að ryðja þurfi skóg undir aðra starfsemi. Það er í sjálfu sér ekki bannað, og er auk þess vel mögulegt í reynd. Það er því tillaga stofnunarinnar að textinn verði svona: Neikvæð áhrif geta orðið á aðra atvinnustarfsemi ef land er tekið undir samfellda skógrækt. Mögulegt er að fjarlægja skóg af landi, en ekki er líklegt að til þess komi nema í tiltölulega smáum stíl.	Borgarbyggð telur að orðalag í umhverfismati samræmist mati Borgarbyggðar á umhverfisáhrifum stefnunnar.

Listi yfir umsagnaraðila sem fengu beiðni um umsögn um flokkun vega í náttúru Íslands, á kynningatíma vinnslutillögu:

5 SAMRÁÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Í reglugerð um flokkun vega í náttúru Íslands nr. 260/2018, kemur fram að hafa skuli formlegt samráð vegna gerðar skráar um Vegi í náttúru Íslands; *“Við gerð skráarinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar”*.

Í reglugerðinni er ekki fjallað nákvæmlega um hverja skuli hafa samráð við, en til hægðarauka er hér listi yfir þá aðila sem æskilegt er að leita umsagnar hjá:

STOFNUN	NETFANG	TENGILIÐUR	NETFANG TENGILIÐS	SÍMANR.
Umhverfisstofnun	ust@ust.is	Axel Benediktsson	axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is	591-2000
Vegagerðin	vegagerdin@vegagerdin.is	Erna Bára Hreinsdóttir	Erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is	522-1000
Land og Skógur (Landgræðslan)	land@land.is	Davíð Arnar Stefánsson	david.arnar.stefansson@land.is	488-3000
Land og skógur (Skógrækt ríkisins)	skogur@skogur.is	Björn Traustason		470 2000
Náttúrufræðistofnun	ni@ni.is	Ingvar Atli Sigurðsson		5 900 500
Landsnet	landsnet@landnet.is			563 9300
Veitur	veitur@veitur.is			516 6000
Rarik	rarik@rarik.is			528 9000
Landmælingar Íslands	lm@lm.is			430 9000
Bændasamtök Íslands	bondi@bondi.is			563 0300
Samút - Samtök útisvistarféлага	sveinbjorn@fastgardur.is			851 1000
SAF – Samtök ferðaþjónustunnar	saf@saf.is			591 0000
Landvernd	landvernd@landvernd.is			552 5242
Ferðaklúbburinn 4x4	f4x4@f4x4.is			568 4444
Ferðafélag Íslands	fi@fi.is			568 2533
Útivist	utivist@utivist.is			562 1000
Slysavarnarfélagið Landsbjörg	landsbjorg@landsbjorg.is			570 5900

Eftirtaldar umsagnir bárust og eru aðgengilegar í Skipulagsgátt undir vinnslutillögu. Umfjöllun um athugasemdirnar er ofar í þessu skjali.

Vegagerðin 04.11

Landsnet 13.11

Samút 14.11

Umhverfisstofnun 15.11

Landvernd 15.11

Bændasamtökin 19.11

Veitur 19.11

Náttúrufræðistofnun 21.11

Hjólreiðafélag Vesturlands 22.11

Land og skógur 22.11